RÚNA SIGURÐARDÓTTIR

*Deilir áhuga á tísku með foreldrunum*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

FARTÖLVUR

*Minni, léttari, hraðari og fallegri en áður*

Sérblað um fartölvur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Útsala
25-40% afsl.
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. ágúst 2009 — 190. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Henson aftur í tísku

Linda Borg Arnardóttir heldur á lofti klassískri íslenskri hönnun.

FÓLK 36

### Er Ísland of lítið?

„Heimurinn er nú safn smáríkja, því að smálondin eru mörg og stórveldin fá. ESB er smáríkjasamband“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 18

### Gömul gildi

Lára Stefánsdóttir hefur fyrsta skólaár sitt sem skólastjóri Listdansskóla Íslands

TÍMAMÓT 24

### Jafntefli við Slóvakíu

Karlalandslið Íslands í fótbolta gerði 1-1 jafntefli við Slóvakíu í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG

**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt, víðast 2-8 m/s. Rigning eða súld N- og NV-lands en víða skýjað með köflum og skúrir síðdegis. Hiti 10-16 stig, hlýjast sunnanlands.

VEÐUR 4

# Rannsaka verðmerkingar

**Verðmerkingar, sem Neytendastofa og ASÍ telja ólöglegar, viðgangast í matvöruverslunum í stórum stíl. Samkeppniseftirlitið hefur hafið stjórnsýslumál sem beinast að verslunum og hópi framleiðenda og birgja.**

**NEYTENDAMÁL** Ólöglegar verðmerkingar á matvöru virðast viðgangast í stórum stíl í íslenskum matvöruverslunum, þrátt fyrir að samkeppnisyfirvöld hafi ítrekað hvatt til þess að látið verði af þeim. Samkeppniseftirlitið hefur hafið stjórnsýslumál sem beinast að smásöluverslunum, framleiðendum matvöru og birgjum.

Hér er um að ræða forverðmerkingar á matvöru fyrir matvöruverslanir; sem einnig er kallað leiðbeinandi smásöluverð. Slíkar verðmerkingar ná til tíu til fimmtán prósenta þeirrar matvöru sem seld er í matvöruverslunum hérlendis með veltu á bilinu sjö til tíu milljarðar króna. Helstu vöruflokkarnir eru unnin kjötvara og ostar.

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, telur að forverðmerkingar brjóti gegn samkeppnislögum. Spurður um hvers vegna Neytendastofa hafi ekki brugðist við, en það er hennar hlutverk, segir Tryggvi að það hafi staðið til um það leyti sem Samkeppniseftirlitið tók málið upp. „Það gekk ekki lengra þar sem þetta var í athugun. Við vildum sjá hvernig Samkeppniseftirlitið tæki á þessu.“

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að ekki sé hægt að fullyrða neitt um að forverðmerkingar séu brot á samkeppnislögum. „En Samkeppniseftirlitið hefur hafið stjórnsýslumál sem beinast að smásöluverslunum og meðal annars hópi framleiðenda og birgja á sviði kjötframleiðslu. Sú rannsókn miðar að því að leiða í ljós hvort brotið hafi verið gegn samkeppnislögum með aðgerðum sem tengjast forverðmerkingum.“

Páll segir að niðurstöður rannsóknar Samkeppniseftirlitsins frá því í fyrra hafi leitt í ljós að forverðmerkingar og þau samskipti sem tengjast þeim, kunni að fela í sér aðgerðir sem ganga gegn banni við samráði fyrirtækja eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu. „Því var hins vegar ekki slegið föstu án frekari rannsóknar. Könnunin gaf til kynna að þessar forverðmerkingar takmarki samkeppni því verðmunur á þessum vörum milli verslana er margfalt minni en eðlislíkra vara, sem ekki eru forverðmerktar. Nýlegar athuganir ASÍ benda í sömu átt.“

Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að verðmunur á milli verslana á þeim vörum sem eru forverðmerktar af birgjum er oft enginn og aldrei meiri en sex prósentum hærri í stórmörkuðum og klukkubúðum en í lágvöruverðsverslunum. Þegar matvöruverslanir verðmerkja sjálfar er ekki óalgengt að verð í stórmörkuðum og klukkubúðum sé 30-60 prósent hærra en í lágvöruverðsverslunum.

svavar@frettabladid.is

**FLÜGGER HERMUNDARDÓTTIR** Þegar Stuðmenn sungu um Hörpu Sjöfn Hermundardóttur árið 1982 hefur þá vart órað fyrir að málningarfyrirtækin Harpa og Sjöfn myndu sameinast árið 2001. Enn síðar festi danska fyrirtækið Flügger kaup á Hörpu-Sjöfn hf., svo þær stöllur hafa mögulega leikið eitthvert hlutverk í lagfæringum þessa unga manns á Hverfisgötunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhanna Guðrún í Svíþjóð:

## Syngur með Mika í Malmö

**FÓLK** „Hún er orðin rosalega vinsæl í Svíþjóð. Þetta gengur rosalega vel,“ segir María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar.

JÓHANNA GUÐRÚN

Söngkonan kemur fram á tónleikum í Malmö í Svíþjóð á laugardaginn ásamt hinum heimsfræga Mika. „Það er stærsta útvarpsstöðin í Svíþjóð (RIX FM) sem heldur þessa tónleika. Þarna verða stóru nöfnin í Svíþjóð plús alþjóðlegir tónlistarmenn, sem eru Mika og Jóhanna,“ segir María Björk. Um frábæra kynningu er að ræða fyrir Jóhönnu, enda sló Mika rækilega í gegn fyrir tveimur árum með laginu Grace Kelly. Jóhanna fetar jafnframt í fótspor söngkonunnar Lady Gaga sem söng á sama sviði um síðustu helgi.

- fb/ sjá síðu 46

Eðlilegt að eignir grunaðra auðmanna hafi enn ekki verið frystar segir Eva Joly:

# Almenningur sýni biðlund

**EFNAHAGSMÁL** „Það er ekki hægt að byrja á því að frysta eignir fólks, fyrst verður að sanna glæpsamlega hegðun þess,“ segir Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins.

Hún segir almenning verða að sýna biðlund meðan málin séu rannsökuð. Afar flókið sé að ákveða hvort og hvenær eigi að frysta eignir grunaðra.

Þegar þrír nýir saksóknarar koma til starfa hjá embætti sérstaks saksóknara í haust munu þeir meðal annars hafa uppi á brottfluttu fé, með aðstoð erlendra sérfræðinga, segir Joly, í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Joly mun funda með forstjóra bresku efnahagsbrotadeildarinnar, Serious Fraud Office, snemma í september. Hún segir Ísland og Bretland hafa sameiginlega hagsmuni af því að setja saman púsluspilið sem eftir sitji eftir bankahrunið.

Best væri ef samstarfið yrði mun víðtækara, þannig að embætti sérstaks saksóknara gæti notið reynslu og þekkingar sem til staðar er hjá bresku efnahagsbrotadeildinni, segir Joly.

- bj / sjá síðu 10



**SPURNING DAGSINS**

*Hrönn, eruð þið ekki alveg gú-gú að ætla að fá hann?*

„Við erum alla vega ekki ga-ga."

Milos Forman, sem meðal annars leikstýrði Gaukshreiðrinu, verður heiðursgestur á RIFF, alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Hrönn Marinósdóttir er stjórnandi hátíðarinnar.

Icesave-málið verður afgreitt úr fjárlaganefnd í dag og fer fyrir Alþingi í næstu viku:

# Þurfa að treysta á meirihlutann

**STJÓRNMÁL** Fjárlaganefnd Alþingis mun afgreiða Icesave-málið úr nefndinni í dag. Þrátt fyrir að enn sé reynt að ná samstöðu allra flokka hafa vonir um það dofnað, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrirvararnir sem unnið er að í nefndinni eru þó þess eðlis að búist er við því að nógu margir þeirra þingmanna stjórnarflokkanna, sem hingað til hafa lýst yfir efasemdum sínum, styðji málið.

Fundur verður í fjárlaganefnd áður en þingfundur hefst í dag. Málið verður ekki á dagskrá þingsins fyrr en í næstu viku.

Fjárlaganefnd fundaði í gærdag og gærkvöldi um málið. Meðal annars kom bandaríski lögfræðingurinn Lee Buchheit fyrir nefndina, en skoðun hans er sú að ótækt sé að semja um skilmála skuldarinnar fyrr en uppgjör á eignum Landsbankans liggur fyrir. Hann telur að þingið geti sagt að ekki sé tímabært að taka ákvörðun um ríkisábyrgð af þeim sökum. Að sögn fjármálaráðuneytisins lagði íslenska samninganefndin þá leið til, en Bretar og Hollendingar höfnuðu henni alfarið. Þess í stað hafi þeir fallist á að veita sjö ára greiðslufrest, til að hægt yrði að hámarka eignirnar.

Óvíst er hve langan tíma þingið muni taka sér í að afgreiða málið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FRÁ FUNDI FJÁRLAGANEFNDAR** Fjárlaganefnd fundaði í gærdag og gærkvöldi og fékk til sín gesti. Málið verður afgreitt úr nefndinni á fundi í dag.

Gert er ráð fyrir að þingi verði slitið að því loknu. Ekki er stefnt á að kalla nýtt þing saman fyrr en 1. október. **- þeb / kóp**

Alþjóðleg könnun:

# Íslendingar eru svartsýnastir

**KÖNNUN Íslendingar eru áberandi svartsýnni en aðrar þjóðir á efnahagsástandið á næstu mánuðum. Þetta kemur fram í niðurstöðum alþjóðlegrar könnunar um áhrif fjármálakreppunnar á almenning sem WIN (alþjóðleg samtök óháðra markaðsrannsóknarfyrirtækja) stendur fyrir og gerir nú í þriðja sinn í 22 löndum.**

**Í könnuninni kemur fram að í júní síðastliðnum töldu 71 prósent Íslendinga að efnahagsástandið myndi enn versna á næstu þremur mánuðum. Næstir á eftir Íslendingum í svartsýni voru Þjóðverjar, en 46 prósent þeirra töldu að efnahagsástandið færi versnandi. Ísland og Brasilía voru einu þátttökuþjóðirnar þar sem ekki fækkaði í hópi þeirra sem töldu að ástandið myndi versna. - kg**

Minnihluti Umhverfisnefndar:

# Mótmælir vinnubrögðum meirihlutans

**ALÞINGI** Minnihluti Umhverfisnefndar Alþingis mótmælir harðlega vinnubrögðum meirihluta nefndarinnar við afgreiðslu náttúruverndaráætlunar til næstu fjögurra ára. Þetta kemur fram í nefndaráliti minnihlutans.

Í nefndarálitinu segir að meirihlutinn hafi tekið afgreiðslu áætlunarinnar úr nefndinni án þess að eðlileg umfjöllun hafi átt sér stað. Málið hafi einungis verið tekið til umfjöllunar á tveimur fundum nefndarinnar, og þá aðeins með þeim hætti að fulltrúar umhverfisráðuneytis og stofnana þess kynntu efni hennar. Þessi afgreiðsla gangi þvert gegn öllum sjónarmiðum um vönduð, fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð. - kg

# Sprautuðu lakkeyði á bíla forstjóra OR

**Aðgerðasinnar láta ekki lengur málningarslettur duga til að sýna andstöðu sína við fólk úr fjármála- og orkugeiranum. Milljónatjón varð á heimili forstjóra Orkuveitunnar. Lögreglan rannsakar nú þrettán skemmdarverk af þessu tagi.**

**LÖGREGLUMÁL** Milljónatjón varð á húsi og bílum Hjörleifs H. Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar, þegar aðgerðasinnar unnu skemmdarverk á heimili hans aðfaranótt mánudags. Svo virðist sem þeir séu farnir að færa sig upp á skaftið, því þeir létu sér ekki nægja að skvetta málningu sem hægt er að spúla burt, heldur voru bílarnir líka eyðilagðir með lakkeyði.

Lögregla hefur alls þrettán skemmdarverk af þessu tagi nú til rannsóknar, en aðgerðasinnar hafa verið duglegir að láta í ljós óánægju sína með fólk úr fjármála- og orkugeiranum og meðal annars herjað á heimili þess. Ekkert málanna er þó upplýst enn.

Hingað til hefur rauðri málningu ítrekað verið slett á hús fólks úr fjármálalífinu en grænni málningu eða skyri slett á heimili fólks eða aðra staði sem tengjast orkuiðnaði. Skemmdirnar á heimili Hjörleifs skera sig þó úr, því málningin sem notuð var á heimili Orkuveituforstjórans var rauð.

Heima hjá Hjörleifi var auk þess sprautað lakkeyði á bíla hans. „Þeir fóru skipulega yfir báða bílana og ötuðu hvern einasta flöt með þessu efni," segir Hjörleifur. „Þetta veldur því að lakkið hleypur upp á báðum bílunum, það verður pússa þá upp og heilsprauta þá." Unnt er að þrífa málninguna af húsinu við illan leik, en tréverkið á og við húsið er illa farið. Tjónið segir Hjörleifur hlaupa á milljónum.

Lögregla segir ekki ólíklegt að sama fólk standi að baki að minnsta kosti einhverjum skemmdarverkanna. Sami hópur, sem kallar sig A.S.Ö., hefur lýst á hendur sér skemmdarverkum á heimilum forstjóra Landsvirkjunar og Alcan þar sem grænni málningu var einnig skvett.

Enginn hefur hins vegar lýst yfir ábyrgð á skemmdunum heima hjá Hjörleifi. „Mér finnst það helvíti lágkúrulegt og aumt að þeir sem að þessu standa skuli ekki þora að stíga fram og gangast við þessu hryðjuverki," segir hann. Þetta bitni ekki bara á honum, heldur einnig fjölskyldu hans og börnum. „Ekki tengist ég útrás á nokkurn hátt," bætir hann við. **stigur@frettabladid.is**

**MÁLAÐ Í SNARHASTI** Meðal fyrstu skemmdarverkanna var þegar rauðri málningu var slett á hús Hannesar Smárasonar við Fjölnisveg í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## MÁLAÐ Á FJÖLDA HEIMILA OG HÚSA

Meðal þeirra sem orðið hafa fyrir barðinu á skemmdarvörgum vopnuðum málningu eru:

**FÓLK ÚR FJÁRMÁLALÍFINU**
- Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka
- Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri Glitnis
- Björgólfur Thor Björgólfsson, fyrrverandi eigandi Landsbankans
- Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóri FL Group
- Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings
- Steingrímur Wernersson, eigandi Milestone

**FÓLK ÚR ORKUGEIRANUM**
- Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar
- Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar
- Rannveig Rist, forstjóri Alcan

**AÐRIR STAÐIR**
- Iðnaðarráðuneytið
- Skrifstofur Alcan við Suðurlandsbraut

**GEITUNGABÚ** Trjágeitungum hefur fjölgað í blíðunni sunnanlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Gott sumar fyrir skordýr:

# Geitungar fleiri en í fyrrasumar

**UMHVERFISMÁL** Trjágeitungar hafa komið upp mun fleiri búum sunnanlands en í fyrrasumar og er það einmuna blíðu að þakka. Erling Ólafsson, skordýrafræðingur Náttúrufræðistofnunar, segir á heimasíðu stofnunarinnar að bú þeirra hafi vaxið með undrahraða í júlí. Stundum hafa fundist fleiri en eitt bú í einum og sama garðinum.

Óvissa ríkir enn um holugeitunga en það kemur í ljós í ágústmánuði hvernig þeim vegnar. Bú þeirra eru sjaldnast sýnileg og finnast því sjaldan fyrr en geitungum tekur að fjölga verulega. Húsageitungs hefur ekki orðið vart í sumar en hann hefur átt mjög í vök að verjast á undanförnum árum. **- shá**

Norsk-íslenska síldin:

# Öll síldin veidd innan lögsögu

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Öll sú norsk-íslenska síld sem landað var í júlí veiddist innan íslensku lögsögunnar. Þetta er einsdæmi á þessum árstíma samkvæmt Fiskistofu..**

**Veiðar á norsk-íslensku síldinni innan íslensku lögsögunnar hafa aukist jafnt og þétt frá árinu 2004. Athygli vekur að aukin gengd síldarinnar á Íslandsmið helst í hendur við stóraukna gengd makríls inn í íslenska lögsögu. - shá**

Grunaðir um að hafa numið mann á brott, haldið honum í prísund og barið:

# Þrjú ungmenni í varðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn og ein stúlka, kærasta annars mannanna, hafa verið úrskurðuð í fimm til sjö daga gæsluvarðhald grunuð um að hafa numið ríflega tvítugan mann á brott og síðan haldið honum í prísund á heimili eins þeirra grunuðu klukkustundum saman og beitt hann ofbeldi og hótunum.

Lögreglan vill lítið sem ekkert gefa upp um málið. Hún segir þó að fólkið sé ungt að árum og sé þekkt hjá lögreglunni á Akureyri fyrir að hegða sér ólánlega.

Fólkið var handtekið á mánudagsmorgun eftir að tilkynnt var um mikinn og langvarandi hávaða sem barst úr íbúð í fjölbýlishúsi við Skarðshlíð. Þar býr einn árásarmannanna, sem hefur langan sakaferil að baki. Vitni heyrðu talað um fíkniefnaskuldir innan úr íbúðinni.

Maðurinn sem haldið var í íbúðinni ber áverka eftir en er hvorki í lífshættu né beinbrotinn, samkvæmt heimildum blaðsins. Hann hefur þegar talað við tilvonandi réttargæslumann sinn í síma.

Mennirnir gætu hafa gerst sekir um líkamsárás, hótanir og frelsissviptingu, og gæti það varðað margra ára fangelsisvist.

**LÖGREGLUSTÖÐIN Á AKUREYRI** Rannsókn málsins er á frumstigi. FRÉTTABLAÐIÐ / KRISTJÁN

Rannsókn málsins er á frumstigi hjá lögreglu, sem verst allra frétta af því. Ljóst er að það þykir mjög alvarlegt, úr því að mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. **- sh**

Kringlan

Opið til 21

# skóla-dagar

15.-31. ágúst

*Allt sem þig vantar fyrir kennslustundir vetrarins*

*Nýtt kortatímabil*

**Mán til mið** 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

**GENGIÐ 12.08.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,58 | 128,18 |
| Sterlingspund | 209,91 | 210,93 |
| Evra | 180,50 | 181,50 |
| Dönsk króna | 24,242 | 24,384 |
| Norsk króna | 20,46 | 20,58 |
| Sænsk króna | 17,495 | 17,597 |
| Japanskt jen | 1,3292 | 1,3370 |
| SDR | 197,97 | 199,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,4149
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allt skólastarf getur hafist með eðlilegum hætti á næstunni:

# Leggja áherslu á handþvott nema

**HEILBRIGÐI** Allt skólastarf í landinu getur hafist með eðlilegum hætti á næstunni þrátt fyrir heimsfaraldur svínaflensu en 112 hafa nú greinst með flensuna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá landlæknisembættinu.

Þótti nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram vegna fyrirspurna frá skólastjórnendum, foreldrafélögum og fleirum um möguleg áhrif inflúensufaraldursins á starfsemi skóla á komandi haustönn.

Sóttvarnarlæknir áréttar í tilkynningunni að inflúensufaraldurinn sé tiltölulega vægur. Unnið er að viðbragðsáætlun í skólum landsins og eru skólastjórnendur hvattir til að halda hreinlætismálum á lofti og þá sérstaklega handþvotti. Ef nemandi veikist, þannig að einkenni benda til inflúensu er honum ráðlagt að halda sig heima í sjö daga frá upphafi veikinda.

Af þeim 112 svínaflensutilfellum sem greinst hafa hér á landi er 61 karl og 51 kona. Flestir eru á aldrinum 15-29 ára. Framvegis verða tölulegar upplýsingar um inflúensufaraldurinn hér á landi uppfærðar vikulega á heimasíðunni www.influensa.is en hingað til hafa tilkynningar borist þrisvar til fjórum sinnum í viku.

- vsp

**HARALDUR BRIEM** Sóttvarnalæknir segir að ef nemandi beri einkenni inflúensu eigi hann að halda sig heima í sjö daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórn vísar ásökunum á bug:

# Írönskum föngum nauðgað

**ÍRAN, AP** Forseti íranska þingsins hefur vísað á bug ásökunum um að írönskum stjórnarandstæðingum hafi verið nauðgað í fangelsum.

Fyrrum forsetaframbjóðandinn Mahdi Karroubi staðhæfði um helgina að bæði konum og körlum, sem handtekin voru í mótmælum undanfarnar vikur, hafi verið nauðgað af fangavörðum. Ali Larijani, forseti þingsins, sagði í gær að málið hefði verið kannað og væri ekki á rökum reist. Það hefur þó valdið miklum deilum í landinu, enda stutt síðan viðurkennt var að fangar hefðu verið beittir ofbeldi í varðhaldi. - þeb

**ÆTLAR AÐ ÁFRÝJA** Aung San Suu Kyi mótmælir dómsúrskurði. NORDICPHOTOS/AFP

Aung San Suu Kyi:

# Segir ranglæti dómsins algert

**BÚRMA, AP Aung San Suu Kyi, helsti leiðtogi andstæðinga herforingjastjórnarinnar í Búrma, segir dómsúrskurð um 18 mánaða framlengingu stofufangelsis hennar engan veginn réttlátan.**

**Suu Kyi ætlar að áfrýja dómnum Hún hefur verið í stofufangelsi á heimili sínu samfleytt síðan 2003, en átti að losna í byrjun júní. Dómstóll komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að hún hefði skömmu áður brotið skilmála fangavistarinnar með því að veita húsaskjól Bandaríkjamanni sem hafði að eigin frumkvæði komist inn á heimili hennar. Herforingjastjórnin hefur boðað til kosninga á næsta ári, en dómurinn tryggir að hún verði í stofufangelsi fram yfir þær kosningar.**

- gb

**SAMFÉLAGSMÁL**

### 700 fengu matargjafir

Um sjö hundruð manns leituðu til Mæðrastyrksnefndar og Fjölskylduhjálpar Íslands í gær. Þá var mat úthlutað í fyrsta skipti síðan í júní, en sumarlokanir hafa verið hjá báðum hjálparsamtökunum.

# Háskólanemum fjölgar um þriðjung á milli ára

**Um 23 þúsund nemendur eru skráðir í háskólanám í stærstu háskóla landsins í haust, en 17 þúsund voru þar haustið 2008. Mörgum umsóknum var hafnað á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík.**

**MENNTAMÁL** Um 23 þúsund manns eru skráðir í háskólanám í haust í fjóra stærstu háskóla landsins; Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst. Um 17 þúsund stunduðu nám í skólunum haustið 2008, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Fjölgunin er því um 35 prósent.

Ekki fengust nákvæmar upplýsingar frá Háskóla Íslands um nemendafjölda næstu haustannar en líklega mun nemendafjöldinn vera á bilinu 16 til 18 þúsund, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Haustið 2008 stunduðu 11.847 nemendur nám við skólann.

**JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON**

**ÁGÚST EINARSSON**

Í Háskólann á Akureyri eru 1.770 skráðir fyrir haustið, samkvæmt Dagmar Ýr Stefánsdóttur, forstöðumanni markaðs- og kynningarsviðs HA. Haustið 2008 stunduðu 1.352 nám við skólann. 70 umsóknum var hafnað af um það bil 900 sem bárust. Fjölmennasta deildin verður hug- og félagsvísindasvið og þar fjölgar einnig mest hlutfallslega.

Háskólinn í Reykjavík tekur inn á ellefta hundrað nemenda í haust en um 1.700 nemendur sóttu um skólavist. Nemendur skólans verða því um 3.200 á næsta ári en voru 2.974 síðasta haust. Flestir nemendur hefja nám í tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild.

**HÁSKÓLATORG HÁSKÓLA ÍSLANDS** Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um fjölda nemenda í Háskóla Íslands í haust en búist er við um 16 til 18 þúsund manns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mest fjölgar nemendum í kennslufræði- og lýðheilsudeild í haust. Það má rekja til þess að annars vegar varð alger sprenging í umsóknum um nám í íþróttafræði og hins vegar byrjar nýtt BSc-nám í sálfræði við deildina í haust, að sögn Jóhanns Hlíðars Harðarsonar, upplýsingafulltrúa HR.

Jóhann segir nemendum HR ekki fjölga mikið milli ára þar sem skólinn sé með samning við ríkið um fjölda nemenda. „Það er ekki stefna HR að fjölga nemendum við skólann mikið á næstu árum."

Rúmlega 1.300 manns munu stunda nám við Háskólann á Bifröst í haust, að sögn Ágústs Einarssonar, rektors Háskólans á Bifröst. Töluverðu af umsóknum var hafnað. Nokkur fjölgun hefur verið undanfarin ár en um 1.100 manns stunduðu nám þar árið 2007.

Sú breyting hefur orðið á hjá Bifröst að nemendur eru teknir inn allt árið. Opnað var fyrir umsóknir strax eftir bankahrun og síðan aftur í janúar, að sögn Ágústs og enn eru laus plássa á nokkrum námsleiðum fyrir haustið.

vidir@frettabladid.is

**VEÐURSPÁ**

**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**SKAPLEGT VEÐUR**
Það verða litlar breytingar á veðrinu næstu daga en það verður yfirleitt fínt fram yfir helgina þrátt fyrir smá vætu einkum norðanlands. Vindur verður í lágmarki um allt land og nokkuð milt verður í veðri. Mestu líkur á bjartviðri verða sunnanlands um helgina.




**Á MORGUN** Hæg austlæg eða breytileg átt.

**LAUGARDAGUR** Hæg austlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 19° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 21° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 29° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 25° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Pottaplöntu-
útsala

20-
50%
afsláttur

Allar
pottaplöntur
á útsölu

# Útsalan
## heldur áfram

Fíkus ginseng
**999**

Jukka
**1999**

Orkidea
ný sending
**1499**

30-
50%
afsláttur

Styttur, box, myndir,
rammar, könnur, skraut,
skreytingarefni
og margt fleira

EGG
30-
50%
afsláttur

Enn er tími
til að gróðursetja
**sumarblóm**
**og trjáplöntur**
50%
afsláttur

ALLAR VÖRUR
30-50%
AFSLÁTTUR
Soldis
Silkitré & silkiblóm

Verð eru sýnd
með afslætti!

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**

*Eiga garðyrkjubændur að fá niðurgreitt rafmagn til framleiðslu sinnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,1% |
| Nei | 14,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að byggja á reitnum þar sem Hótel Valhöll stóð?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Hústökufólk á Skólavörðustíg fær að dvelja þar óáreitt um sinn:

# Eigendurnir sjá í gegnum fingur sér

**FÓLK** Hústökufólkið sem settist að í tómu húsi að Skólavörðustíg 40 í síðustu viku hefst þar enn við. Eigendur hússins hafa ekki gripið til sérstakra aðgerða né óskað eftir aðstoð lögreglu við að rýma húsið, að sögn eins þeirra.

Húsið er í eigu félags sem kallast Samtímalist ehf. og rekur listagalleríið Turpentine annars staðar á Skólavörðustíg. Til stendur að rífa húsið sem nú stendur og reisa þar nýtt hús undir galleríið. Að sögn Sindra Sindrasonar, eins af eigendum Samtímalistar ehf., er málið enn til úrvinnslu í kerfinu þótt það hilli undir að hægt verði að hefja framkvæmdirnar.

„Þetta hús er auðvitað ekki í notkun eins og er þannig að það er í sjálfu sér ekki miklu fórnað fyrir að hafa þessa aðila þarna. Ef vel er um gengið og fólk verður ekki til ama fyrir nágrannana þá er nú ekki mikið tekið frá okkur með þessu," segir Sindri en tekur þó fram að þær aðferðir sem fólkið beiti séu óneitanlega sérstakar.

Lögreglan fékk veður af fólkinu í síðustu viku og tók það þá tali. Fólkið yfirgaf þá lóðina í góðu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni aðhefst hún hins vegar ekkert í málum sem þessum nema eigendur óski eftir því.

- sh

**SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40** Húsið stóð autt áður en fólkið tók það yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR

Fimm menn handteknir:

## Smygluðu hálfu tonni af kókaíni

**GRIKKLAND, AP** Fimm menn voru handteknir í Grikklandi í gær grunaðir um að hafa smyglað tæpu hálfu tonni af kókaíni til landsins. Kókaínið var gert upptækt í Grikklandi í síðasta mánuði og var það einn stærsti eiturlyfjafundur nokkru sinni í landinu. Mennirnir fimm eru grunaðir um að vera hluti af alþjóðlegum smyglhring.

Kókaíninu var smyglað frá Bólivíu til Piraeus, hafnarborgar Aþenu. Bandarísk yfirvöld létu grísk yfirvöld vita af skipinu í júlí og síðan eiturlyfin fundust hefur verið fylgst með mönnunum. Talið er að smygla hafi átt eiturlyfjunum til Búlgaríu.

- þeb

„Ég vil námsmanna-þjónustu Byrs"

**Vertu hjá Byr og sparaðu helling:**

- Frítt Byr námsmannadebetkort með 150 fríferslum á ári og afsláttum á völdum stöðum.
- Frítt Byr námsmannakreditkort með 5.000 kr. ferðaávísun og fríu World for 2 korti fyrsta árið.
- Ódýrt í bíó hjá Sambíóunum. 2 fyrir 1 á mánudögum og 20% afsláttur alla hina dagana.
- Ódýrt í ræktina hjá World Class og Vaxtarræktinni. Þú borgar fyrir sex mánuði en æfir í níu mánuði.
- Ódýrara í skólann með 10% afslætti af öllu hjá Eymundsson.
- Ódýrara hjá Subway með girnilegum 10% afslætti af öllu.
- Ódýrari tryggingar hjá Verði: 50% afsláttur af 24 mánaða tölvutryggingu, 15% afsláttur af ábyrgðar- og kaskótryggingu ökutækis og margt fleira.

Fjárhagsleg heilsa er betra líf!

BYR NÁMSMENN

Námsmannatilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum sem í boði eru hverju sinni

DYNAMO REYKJAVÍK


# Óvissa ríkir um starfsleyfi Menntaskólans

**Umsókn um stofnun nýs grunnskóla í Reykjavík var lögð fyrir ríki og sveitarfélag um þremur vikum fyrir áætlað upphaf skólaárs. Fulltrúi minnihlutans í menntaráði segir ekki megi taka styttri tíma að stofna grunnskóla en opna bar.**

**MENNTUN** „Það er nokkuð bratt að halda að menntaráð afgreiði svo stórt mál, eins og stofnun nýs grunnskóla, bara sisvona. Yfirleitt höfum við tekið okkur mun lengri tíma í svona lagað og það segir sig sjálft að við munum taka okkur allan þann tíma sem við þurfum til að skoða þessa umsókn. Það má ekki taka styttri tíma að stofna grunnskóla en að opna bar. Það eru ekki góð skilaboð," segir Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar, sem situr í menntaráði Reykjavíkurborgar. Umsókn um stofnun nýs grunnskóla í húsi gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, Menntaskólans, sem áætlað er að hefji störf í byrjun september, barst ráðinu síðastliðinn föstudag og var formlega lögð fyrir til umsagnar á fundi ráðsins í gær.

Menntaráð hefur umsóknina nú til faglegrar meðferðar. Umsögn þess verður síðan lögð fyrir menntamálaráðherra til formlegrar viðurkenningar og leyfis fyrir stofnun skólans.

Oddný bendir á að umsókn um nýjan tæknigrunnskóla hafi verið samþykkt af menntaráði í byrjun júní. „Þar var um að ræða sérlega vel ígrundaða umsókn, en þar á bæ telja menn sig samt ekki tilbúna til að hefja störf fyrr en haustið 2010," segir Oddný.

Að sögn Katrínar Jakobsdóttur, menntamálaráðherra, kemur ráðuneytið ekki að ferlinu nema með áðurnefndri leyfisveitingu. „Það er mjög mikil hraðferð á þessu öllu saman, en ég veit ekki hvar málið er statt hjá sveitarfélaginu," segir Katrín.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks og formaður menntaráðs, vill hvorki tjá sig um tímasetningu umsóknarinnar, né hvenær umsögn ráðsins um umsóknina fer fyrir menntamálaráðherra. „Við erum að fara yfir gögnin. Þegar því lýkur munum við afgreiða málið frá okkur með einhverjum hætti," segir Kjartan.

Edda Huld Sigurðardóttir, fyrrum skólastjóri Ísaksskóla og einn aðstandenda Menntaskólans, segist mjög vongóð um að umsóknin verði samþykkt. „Í sjálfu sér er ekkert mál fyrir okkur að hnika upphafi skólaársins til um viku ef þess þarf. Auðvitað hefði verið betra að leggja fram umsókn í apríl eða maí, en þá var hugmyndafræðin á bak við skólann ekki komin svona langt," segir Edda. Hún segir ótal börn hafa verið skráð í skólann með fyrirvara um að leyfið verði komið í hús. Allir starfsmenn hafi þegar verið ráðnir.

kjartan@frettabladid.is

**HÚS HEILSUVERNDARSTÖÐVARINNAR** Áætlað er að Menntaskólinn hefi starfsemi sína í byrjun september næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EDDA HULD SIGURÐARDÓTTIR**

**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Seðlabankinn segir skaðlegt að afnema verðtrygginguna með lagasetningu:

# Þarf stöðugleika eða evruna

**EFNAHAGSMÁL** Ekki er ráðlegt að afnema verðtrygginguna með lagasetningu, að mati Seðlabanka Íslands. Forsenda þess að dregið sé úr notkun verðtryggingarinnar er annað hvort stöðugleiki til lengri tíma eða upptaka nýrrar myntar.

Afnám verðtryggingar með lagasetningu er ekki líklegt til að auka virkni peningastefnunnar umtalsvert, og gæti raunar haft skaðleg áhrif á efnahagsbatann, segir í samantekt Seðlabankans, sem unnin var af sérfræðingum bankans fyrir forsætisráðherra.

Eigi að minnka vægi hennar öðruvísi en með lagasetningu eða upptöku evrunnar eða annarrar erlendrar myntar þarf að reka aðhaldsama peninga- og efnahagsstefnu, segir í samantektinni. Það muni leiða til langvarandi stöðugs verðlags og þar af leiðandi lítilla verðbólguvæntinga. Líklega sé þó fljótlegra og sársaukaminna að taka upp aðra mynt en krónuna.

Sérfræðingur Seðlabankans segir verðtrygginguna hafa auðveldað landsmönnum aðgengi að langtímalánum á föstum vöxtum. Verði verðtryggingin afnumin með lagasetningu sé líklegt að slíkt aðgengi verði úr sögunni.

Færri verði fúsir til að lána til langs tíma, sem þýði að húsnæðislán verði væntanlega til skemmri tíma en nú tíðkast. Þá verða lánin væntanlega alltaf með breytilegum vöxtum, sem myndu hækka og lækka nokkurn veginn í takt við verðbólguþróunina.

- bj

**VERÐTRYGGING** Vextir á langtímalánum myndu sveiflast í takt við verðbólgu jafnvel þó lánin sjálf væru ekki verðtryggð, að mati sérfræðinga Seðlabankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Afnemum VSK
## af öllum skóm

NÝTT KORTA TÍMABIL

# Skóaðu þig upp!
## skór á alla fjölskylduna

Be Wild! Footwear · DreamTeam · VAGABOND · ecco · aze · STUDIO London · FILANTO · bullboxer · viking Guaranteed waterproof footwear · true · Reebok · LATI BÆR · Barbie · melania · grisport · Waterland · Spiderman · Dora

Gildir til 16. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**

1. *Hvenær var brúin yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi tekin í notkun?*
2. *Hver er makrílkvóti Íslendinga á þessu fiskveiðiári?*
3. *Hvað heitir Þjóðverjinn sem dæmdur var fyrir stríðsglæpi í vikunni?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 42

Hagfræðistofnun segir orkuverð til stóriðju sambærilegt hér og á heimsvísu:

# Hafna tali um gjafverð á orku til stóriðju

**ORKUMÁL** Raforkuverð til stóriðju á Íslandi er ekki lægra en gengur og gerist á heimsvísu. Þetta er niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í nýrri skýrslu um áhrif stóriðjuframkvæmda á Íslandi sem var unnin fyrir iðnaðarráðuneytið.

Samorka, Samtök orku- og veitufyrirtækja, vill vekja athygli á skýrslu Hagfræðistofnunar til að svara fullyrðingum um að orkuverð hér sé mun lægra en annars staðar. Í frétt Fréttablaðsins um raforkuverð til garðyrkjubænda sem birtist á þriðjudag sagði Atli Gíslason, formaður landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar Alþingis, að svo væri og almenningur þyrfti að niðurgreiða orku til álfyrirtækja.

Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, segir það fjarstæðu að almenningur og minni fyrirtæki á Íslandi niðurgreiði orkuverð til álfyrirtækja, eins og Atli hélt fram. „Það liggur fyrir að raforkuverð til heimila og almenns atvinnurekstrar er mjög lágt á Íslandi."

Gústaf bendir á að áttatíu prósent af raforku hér á landi fari til stóriðju. „Það er því erfitt að sjá hvernig það sem út af stendur á að geta niðurgreitt orku til stóriðjunnar."

Hvað raforkuverð til garðyrkjubænda áhrærir segir Gústaf rétt að það hafi hækkað. Það standi hins vegar upp á stjórnvöld að leiðrétta það, þar sem niðurgreiðslur til þeirra skýri þá hækkun. **- shá**

**KERSKÁLI NORÐURÁLS** Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, segir það fjarstæðu að almenningur og minni fyrirtæki á Íslandi niðurgreiði orkuverð til álfyrirtækja.


Fiskikóngurinn

TILBOÐ DAGSINS

1.TONN AF GLÆNÝJUM ÞORSKFLÖKUM

AÐEINS 799 ,- KR.KG

HRIKALEGA FALLEG FLÖK. LÁTTU ÞETTA TÆKIFÆRI EKKI FRAMHJÁ ÞÉR FARA.

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG OG AÐEINS MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið


Grænfriðungar í Svíþjóð:

## Mótmæla togveiðum Svía með steinakasti

**SVÍÞJÓÐ, AP** **Grænfriðungar hafa fleygt fjölmörgum nokkurra tonna steinhnullungum í Norðursjó.**

**Með þessu vilja þeir torvelda togveiðar á svæðinu. Grænfriðungar hafa jafnframt tilkynnt sænskum stjórnvöldum að þeir áformi að varpa 180 steinhnullungum í Jótlandshaf.**

**Grænfriðungar eru alfarið á móti togveiðum og segja þær eyðileggja hafsbotninn og það líf sem þar þrífst. Þeir hafa farið fram á að Svíar, sem eiga sæti í Evrópuráði, berjist fyrir endurbótum fiskveiðistefnu Evrópusambandsins.**

**- sm**

**RÚSSLAND**

### Blaðamaður myrtur

Talsmaður innanríkisráðuneytisins í hinu róstursama Dagestan-héraði í Rússlandi hefur staðfest að blaðamaðurinn Mark Tolchinsky var myrtur. Hann hafði verið skotinn í höfuðið af stuttu færi þar sem hann sat í bíl.

**VESTURLAND**

### Engin sumarlokun

Engin sumarlokun var í frystihúsi HB Granda á Akranesi í ár eins og tvö síðustu sumur, að því er fram kemur á skessuhorni.is. Unnið var alla virka daga í frystihúsinu í júlímánuði og fékk tugur skólafólks vinnu í vinnslunni í sumar. Ástæðan er góð verkefnastaða en að undanförnu hefur þorskur verið unninn í vinnslunni sem fluttur er út til Belgíu og Þýskalands.

**ÚRSLITIN KYNNT** Ahmed Sayad, formaður kjörstjórnar Fatah, skýrði frá niðurstöðum kosninganna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Endurnýjun í forystu Fatah

**Yngri forystusveit tekur að hluta við af gömlu baráttujöxlunum í Fatah-samtökum Palestínumanna. Mahmoud Abbas styrkir jafnframt stöðu sína.**

**BETLEHEM, AP** Mikil endurnýjun hefur orðið í miðstjórn palestínsku Fatah-samtakanna eftir nýafstaðnar kosningar, þær fyrstu innan samtakanna síðan 1989.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, var einróma endurkjörinn formaður samtakanna, en hann hefur verið við völd frá því að Jasser Arafat, stofnandi Fatah, lést árið 2004. Alls sitja nítján manns í miðstjórn samtakanna, en fimmtán nýir stjórnarmenn voru kjörnir og héldu því aðeins þrír núverandi meðlimir flokksins stöðu sinni.

Miklar vonir eru bundnar við nýju leiðtogana, en þar á meðal eru Jibril Rajoub, 56 ára, sem vann náið með Arafat á árum áður, og hernaðarleiðtoginn Marwan Barghouti, sem er fimmtugur. Hann afplánar nú lífstíðarfangelsisdóm í Ísrael en er talinn líklegur framtíðarleiðtogi flokksins.

Barghouti átti áður fyrr í reglulegum samskiptum við ísraelska friðarsinna og lýsti yfir vilja til að fallast á málamiðlanir. Eftir að Palestínumenn hófu nýja uppreisn árið 2000 varð tónn hans gagnvart Ísrael þó herskárri. Undanfarið hefur hann hafnað því að friðarviðræður við Ísrael hefjist á ný nema Ísraelar hætti fyrst öllum framkvæmdum á landtökusvæðum, heiti því að frelsa alla palestínska fanga og fallist á brotthvarf frá herteknu svæðunum.

Flest atkvæði fékk þó gamall félagi Arafats, Mohammed Ghneim, sem býr í útlegð í Túnis.

„Þessar kosningar skapa grunninn að nýrri framtíð samtakanna, nýjum tíma lýðræðis," sagði Mohammed Dahlan, einn hinna nýkjörnu leiðtoga.

Fatah-samtökin hafa undanfarna áratugi verið stærstu stjórnmálasamtök Palestínumanna. Þau hafa þó misst töluvert fylgi undanfarin ár og hefur spilling veikt stöðu flokksins, en frá því að Hamas, samtök herskárra múslima, komust til valda á Gasasvæðinu árið 2007 hafa völd Fatah verið bundin við Vesturbakkann.

**MARWAN BARGHOUTI**

Talið er að Bandaríkjastjórn muni innan fárra vikna kynna nýjar tillögur sínar um friðarsamninga. Ný stjórn Fatah vekur nú von margra um að þær tillögur fái frekari hljómgrunn meðal liðsmanna samtakanna.

Erfiðara gæti hins vegar reynst að sannfæra ráðamenn í Ísrael, sem haldnir eru djúpstæðri tortryggni gagnvart Palestínumönnum. Herská afstaða Hamas-samtakanna á Gasa þykir einnig ólíkleg til að breytast meðan Ísraelar gefa ekkert eftir.

gudsteinn@frettabladid.is
alma@frettabladid.is


Þórsmörk

– frábær fyrir vinnustaðinn eða vinahópinn

Fjölbreytt gisting



Gufubað og heit laug



Einstök náttúra

Í Húsadal í Þórsmörk er frábær aðstaða fyrir hópa af öllum stærðum. Á staðnum er rúmgóður funda- og matsalur og boðið er upp á fulla veitingaþjónustu. Fjölbreytt gisting er í boði fyrir allt að 120 manns. Þeir sem vilja upplifa sannkallaða fjallastemningu geta gist í skálum en þeir sem vilja vera meira útaf fyrir sig geta gist í smáhýsum eða tveggja manna herbergjum. Þórsmörk er ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum á gönguferðum og annarri útiveru í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík.

- Fjölbreyttir gistimöguleikar; m.a. tveggja manna herbergi og 4-5 manna smáhýsi
- Stór funda- og matsalur
- Nettenging
- Heit laug og gufubað
- Tilvalið fyrir vinahópa, fyrirtæki, skóla og starfsmannafélög

Farfuglar ▮ Borgartún 6 ▮ 105 Reykjavík ▮ Sími 552 8300 ▮ thorsmork@thorsmork.is ▮ www.thorsmork.is

# Toppaðu með Nova!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

0 kr. Nova í Nova þýðir nákvæmlega það! Fáðu þér nýjan síma hjá Nova og njóttu þess að geta hringt fyrir 0 kr. í vini þína og ættingja eða bara alla sem þú þekkir eða þekkir ekki hjá Nova.

**0 kr. Nova í Nova** – einnig fyrir myndsímtöl!

**2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán.** fylgir símatilboðum Nova.

Gildir í áskrift og frelsi.

**0 kr.** útborgun

**Samsung L700**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.

útborgun **5.900 kr.**

**Nokia 5320 XpressMusic**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 29.900 kr.

**3.900 kr.** útborgun

**Nokia 6120**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 27.900 kr.




útborgun **0 kr.**

**Nokia 3120**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

**FRÉTTAVIÐTAL:** Eva Joly ráðgjafi sérstaks saksóknara

# Enginn skaði vegna lekans úr Kaupþingi

**Eva Joly segir almenning verða að sýna þolinmæði þó að eigur auðmanna hafi ekki verið frystar. Rannsaka verði málin áður en eignir verði kyrrsettar. Hún segir mjög gott að settur hafi verið sérstakur ríkissaksóknari, en Valtýr Sigurðsson eigi samt að segja af sér.**

Rannsókn sérstaks saksóknara á málum tengdum bankahruninu hefur ekki skaðast vegna leka á lánabók Kaupþings, segir Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara. Hún segir að alltaf megi búast við því að skjölum úr svo stórum málum sé lekið í fjölmiðla.

„Lekar eru sjaldnast skaðlegir fyrir framgang rannsókna af þessu tagi, það er alltaf hægt að rekja peningaslóðina," segir Joly. Alltaf sé togstreita milli þess að upplýsa almenning um það sem hann hafi rétt á að vita og þess að halda trúnað við viðskiptavini fjármálafyrirtækja og þá sem séu til rannsóknar.

Joly vill ekki tjá sig um innihald lánabókarinnar, enda kemur hún að rannsókn málsins hjá embætti sérstaks saksóknara. Hún hefur þó áður rannsakað mál þar sem veitt voru stór lán til innherja, með litlum eða engum veðum, til dæmis hjá franska bankanum Crédit Lyonnais.

„Í svona tilvikum verður að sanna að um brot sé að ræða, til dæmis að aldrei hafi staðið til að borga lánin til baka," segir Joly. „Spurningin verður þá hvort stjórnendurnir hafi verið vanhæfir eða framið glæp. Það getur verið erfitt að greina þar á milli."

### Ekki hægt að byrja á frystingu

Íslendingar verða að sýna þolinmæði því ekki gengur að kalla eftir frystingu eigna auðmanna sem til rannsóknar eru, segir Joly. Þegar þrír nýir saksóknarar komi til starfa hjá embætti sérstaks saksóknara í haust muni þeir meðal annars fá það verkefni að hafa uppi á brottfluttu fé, með aðstoð erlendra sérfræðinga.

„Það er ekki hægt að byrja á því að frysta eignir fólks, fyrst verður að sanna glæpsamlega hegðun þess. Þetta er ekki takki sem hægt er að ýta á, það er mjög flókið að ákveða hvort og hvenær á að beita þessu tæki. Almenningur verður að sýna umburðarlyndi og þolinmæði," segir Joly.

### Rannsókn mun taka kipp í haust

Joly segist mjög ánægð með upphaf rannsóknar embættis sérstaks saksóknara á málum tengdum bankahruninu. Stjórnvöld hafi staðið sig vel í því að auka fjárheimildir og auglýsa stöður þriggja saksóknara sem starfa muni undir sérstökum saksóknara.

„Þetta er söguleg rannsókn, og nú höfum við hafið vinnuna fyrir alvöru. Ég reikna fyllilega með því að hörkuduglegir íslenskir lögmenn og saksóknarar sæki um þessar stöður og þessi rannsókn mun enda í sögubókum um allan heim," segir Joly.

„Auðvitað er erfiðara að þurfa að byrja frá grunni, þar sem hér eru ekki til staðar stór teymi reyndra rannsakenda eins og í stærri löndum. Við því er ekkert að gera. Nú stefna þeir erlendu sérfræðingar sem hafa verið ráðgefandi við vinnu sérstaks saksóknara á að flytja tímabundið hingað til lands í haust. Þá munum við sjá rannsóknir sérstaks saksóknara taka kipp," segir Joly.

**PÓLITÍSK** Eva Joly var kjörin á Evrópuþingið í byrjun júní, en hún segir ekkert mæla á móti því að hún sinni jafnframt ráðgjafarstörfum fyrir sérstakan saksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Evrópskir hagsmunir að rannsaka

Joly mun funda með forstjóra bresku efnahagsbrotadeildarinnar, Serious Fraud Office, í byrjun september. „Serious Fraud Office hefur verið með risavaxna rannsókn á Kaupþingi í gangi og forstjórinn vill ræða samstarf við embætti sérstaks saksóknara við rannsókn þess máls," segir Joly.

Best væri ef samstarfið yrði mun víðtækara, þannig að embætti sérstaks saksóknara gæti notið reynslu og þekkingar sem til staðar er hjá bresku efnahagsbrotadeildinni, segir Joly. „Bretarnir hafa áhuga á viðskiptum og viðskiptavinum bankanna. Það má líta á þau viðskipti sem púsluspil sem báðir aðilar græða á að setja saman.

Ísland og Bretland hafa sömu hagsmuni í þessu máli, að komast að því hvað gerðist og koma upp um glæpsamlegt athæfi. Þetta er ekki bara mikilvægt fyrir Ísland, heldur alla Evrópu. Miðpunktur rannsóknarinnar verður í Reykja-

vík, þar sem erlendir sérfræðingar munu starfa við hlið íslenskra samstarfsmanna. En ég legg mikla áherslu á að rannsóknin verði alþjóðleg og að Íslendingar fái hjálp frá hinum Norðurlöndunum, Bretlandi og öðrum löndum sem geta veitt aðstoð," segir Joly.

„Íslenska bankahrunið er einstakt í heimssögunni og þess vegna er mikilvægt að okkur takist að setja upp alþjóðlegan hóp til að rannsaka það, en undir stjórn Íslendinga," segir Joly.

**Valtýr segi af sér**

Joly gagnrýndi harkalega að Valtýr Sigurðsson sæti enn sem ríkis-saksóknari eftir bankahrunið, þrátt fyrir að sonur hans væri annar tveggja forstjóra Exista, sem var stærsti eigandi Kaupþings. Til að bregðast við gagnrýni Joly, sem hótaði að hætta störfum fyrir embætti sérstaks saksóknara vegna málsins, skipaði Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra Björn L. Bergsson í embætti setts ríkissaksóknara í öllum málum sem tengjast bankahruninu.

Joly segir að vel megi una við þessa lausn, enda hafi stjórnvöld að því er virðist ekki haft aðra leið til að ganga framhjá Valtý. „Það sem mér fannst mikilvægt var að við hefðum aðgengi að ríkissaksóknara sem gæti veitt góð ráð varðandi rannsóknina, færan mann sem þekkti íslenska kerfið vel," segir Joly.

„Ég er ánægð með val á manni í stöðuna, en mér finnst ennþá að Valtýr eigi að segja starfi sínu lausu. Embætti hans kostar íslensk stjórnvöld háar upphæðir, en vegna hans getur það ekki sinnt stærsta verkefninu sem upp hefur komið hér á landi frá upphafi," segir Joly.

„Allt tal um að reglur um vanhæfi eigi ekki við skiptir ekki máli. Til að setja þær reglur í samhengi má segja að þær hafi verið hugsaðar til að taka á því þegar sonur ríkissaksóknara stelur litlu mótorhjóli, ekki þegar hann er þátttakandi í atburðarás sem fellir íslenska bankakerfið," segir Joly.

**Hættulegir stjórnmálamenn**

Joly var kjörin á Evrópuþingið sem fulltrúi Frakklands í byrjun júní síðastliðins. Hún segir það vel geta farið saman að vera stjórnmálamaður og ráðgjafi sérstaks saksóknara. Sé einhver á annarri skoðun sé sjálfsagt að ræða það, en þetta sé hennar skoðun í dag.

„Ég sé ekki að störf mín fyrir Evrópuþingið hafi nein áhrif á hlutverk mitt við rannsókn á bankahruninu á Íslandi. Ísland er ekki einu sinni aðildarríki Evrópusambandsins. Það versta í heiminum eru atvinnustjórnmálamenn, til dæmis fólk sem hefur bara sinnt stjórnmálum í þrjá eða fjóra áratugi. Slíkt fólk er hættulegt. Það er mikilvægt fyrir mig að vera á vettvangi, að sjá hvaða áhrif skortur á reglum um fjármálafyrirtæki hefur haft. Það hvetur mig áfram í mínu starfi við að breyta reglunum," segir Joly.

FRÉTTAVIÐTAL
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

Úrhelli torveldar björgunaraðgerðir eftir fellibylinn Morakot á Taívan:

# Þúsund manns fundust á lífi

**TAÍVAN, AP** Nærri þúsund manns hafa fundist á lífi á hamfarasvæðinu í Taívan þar sem fellibylur reið yfir um helgina. Enn er hundraða manna saknað og óttast um líf þeirra.

Í gær hafði opinberlega þó aðeins verið staðfest að 63 væru látnir og 61 saknað að auki.

Verstu hamfarirnar urðu í Kaoshing-sýslu, þar sem þrjú afskekkt þorp urðu fyrir gríðarlegu tjóni. Aðrir hlutar landsins urðu einnig illa úti, en björgunaraðgerðir beindust einkum að Kaoshing, þar sem talið var að flestir sem saknað var gætu reynst á lífi.

Mikið úrhelli í kjölfar fellibylsins torveldaði þó allt björgunarstarf. Meðan mest var mældist úrkoman í Taívan heilir tveir metrar.

Fellibylurinn bar nafnið Morakot og fór einnig yfir Filippseyjar og suðausturhluta Kína, þar sem hálf önnur milljón manns flúði að heiman meðan ósköpin gengu yfir. Um tíu þúsund heimili í Kína eyðilögðust.

Luo Shun-chi, 36 ára maður sem bjó í þorpinu Shiao Lin í Taívan, segir þorpið gjörónýtt, sama hver endanleg tala látinna verður.

„Það er ekki nokkur leið að ég snúi aftur þangað," sagði hann. „Staðurinn er eyðilagður." - gb

**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Björgunarfólk þurfti að nota kaðla og klifurbúnað til að komast yfir á þar sem áður var brú.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búið er að leigja út þrjátíu prósent af turninum við Höfðatorg:

# Bjartsýnn á að fylla turninn

**FASTEIGNIR** Búið er að leigja út þrjátíu prósent af tuttugu þúsund fermetrum turnsins við Höfðatorg. Pétur Guðmundsson, eigandi Höfðatorgs, sem á og leigir út turninn, er bjartsýnn á að það náist að leigja út allt húsið, hvort sem það taki hálft, eitt eða tvö ár.

„Við erum að vinna að samningum með nokkrum aðilum og ef þeir ganga eftir verða sextíu til sjötíu prósent af húsinu í útleigu," segir Pétur.

Starfsemi á að hefjast í húsinu um mánaðamótin september-október. Ekki er erfitt að fá fyrirtæki til að leigja, því mörg fyrirtæki eru að leita sér að húsnæði í hagræðingarskyni, að sögn Péturs. „Það kom okkur nokkuð á óvart hvað við fengum margar fyrirspurnir. Mikið rennirí er af fólki sem er að skoða," segir Pétur.

Áður en hafist var handa við að byggja húsið hafði Eykt leigt út um helming húsnæðisins en mörg fyrirtækjanna urðu gjaldþrota í kjölfar kreppunnar, að sögn Péturs. Meðal þeirra fyrirtækja sem höfðu ætlað að leigja í turninum var Icebank, sem féll í mars.

„Þetta hús er tær snilld þó ég segi sjálfur frá og gaman fyrir menn að fara upp í það," segir Pétur en Höfðatorg býður í opið hús í turninum á Menningarnótt. „Menn geta farið upp á nítjándu hæð og það verður væntanlega keppni í klifri upp einn vegginn á húsinu." - vsp

**HÖFÐATORG** Í turninum eru tuttugu þúsund fermetrar af skrifstofurými í boði. Starfsemi hefst í húsinu um mánaðamótin september-október.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„ORÐRÉTT“

*Í fótbolta og Eurovision*

**„Þjóðremba á kannski heima á íþróttavöllum og í Eurovision, en ekki í sögu-skoðun og stjórnmálum.“**

GUÐNI TH. JÓHANNESSON UM ICESAVE OG SÖGUNA.
**Fréttablaðið, 12. ágúst.**

*Rólegur*

**„Ég bíð þess tiltölulega ró-legur að málinu verði lokað, svo við getum snúið okkur að öðrum brýnum verkefnum.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON UM ICESAVE-SAMNINGINN
**Fréttablaðið, 12. ágúst.**

tilveran
nær og fjær

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGI BJÖRN GUÐNASON, VERKEFNISSTJÓRI

# *Erlendir nemar ánægðir úti á landi*

„Það er helst að frétta að 110 manna íslensku-námskeið sem við höldum hjá Háskólasetri Vestfjarða er um það bil hálfnað,“ segir Ingi Björn Guðnason, verkefnisstjóri hjá háskólasetr-inu. „Þetta er þriggja vikna námskeið og á því eru aðallega skiptinemar sem eru að hefja nám við ýmsa háskóla á Íslandi í haust.“

Námskeiðið er hugsað sem inngangur að tungumálinu og menningunni. „Við héldum þetta námskeið líka í fyrra og það sýnir sig að nemendurnir eru mjög ánægð-ir með að fara út á land fyrstu vikurnar á Íslandi. Ísfirðingar og nærsveitungar eru ótrúlega duglegir að aðstoða við kennsluna með því að tala bara íslensku við nemendurna.

Svo eru farnir að tínast til okkar nemendur sem eru að hefja meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun sem við bjóðum upp á. Þeir koma víða að úr heiminum og munu dvelja hérna næsta árið. Þetta er annað árið sem við bjóðum upp á þetta nám í samstarfi við Háskólann á Akureyri, en nemendurnir sem byrjuðu í september í fyrra eru ein-mitt að klára síðustu valáfangana sína núna. Þeir byrja svo á lokaritgerðunum sínum strax í kjölfarið. Sumir ætla að vinna rannsóknirnar sínar á Íslandi en aðrir fara út í heim, til Kanada, Eng-lands og Suður-Afríku til dæmis.

Nú, svo er maður farinn að hlakka til helgarinnar því á föstudag-inn hefst einleikjahátíð Act Alone hér á Ísafirði, sem er sannkölluð veisla fyrir leikhús-áhugafólk.“

## LITBOLTI
### VILDU VEIÐA MENN

Litbolti nýtur vaxandi vinsælda í hinum vestræna heimi, meðal annars hér á landi. Leikmönnum er skipt í lið, og nota þeir loft-knúnar byssur til að skjóta litlum kúlum sem fylltar eru af matarlit í leikmenn í öðrum liðum.

Rekja má litboltann til ungra Bandaríkjamanna sem höfðu brennandi áhuga á veiðum. Árið 1981 fundu þeir leið til að upplifa spennuna af því að veiða menn með litbyssum sem notaðar voru af líffræðingum til að merkja dýr og tré.

Leikurinn hefur þróast síðan, og nú er talið að um 1,9 milljónir Bandaríkjamanna spili litbolta nokkrum sinnum á ári.

## SJÓNARHÓLL
### SKÝRSLA UM PENINGASTEFNUNA

# *Eins og hræði-legur brandari*

„Þegar maður les þessa skýrslu og hvernig íslenska krónan hefur þróast síðustu árin og áratugina þá er þetta eins og einhvers konar hræðilegur brandari,“ segir Þórir Hrafn Gunnarsson lögfræðingur um nýja skýrslu Seðlabanka Íslands um kosti þess og galla að breyta umgjörð peningastefnunn-ar. Í skýrslunni fær það sjónarmið byr undir báða vængi að krónan sé of veikburða til þess að vera nothæfur gjaldmiðill. Þar segir jafnframt að íslenska krónan hafi veikst um 99,95 prósent gagnvart þeirri dönsku frá því að þær voru aðskildar árið 1920.

**ÞÓRIR HRAFN GUNNARSSON**
lögfræðingur

Þórir Hrafn telur þær upplýsingar sem þarna koma fram lýsa óviðun-andi ástandi en telur þó að bjartari tímar geti verið fram undan eftir að Ísland sótti um inngöngu í Evrópu-sambandið í lok júlí. „Vonandi nást góðir samningar svo við getum gengið í ESB við fyrsta tækifæri. Það er lykilatriði að Íslendingar geti tekið upp evruna sem allra fyrst svo við losnum við þessa matadorkrónu,“ segir Þórir Hrafn.

# Unga fólkið fer af stað

**Umferðarstofa hefur tekið saman helstu atriði varð-andi umferðaröryggi grunn-skólabarna. Fréttablaðið ræddi við Þóru Magneu Magnúsdóttur, fræðslufull-trúa hjá Umferðarstofu.**

**UMFERÐ** „Sem betur fer er nú ekki mikið um það að börn slasist á leið í og úr skóla. En þess vegna erum við standa í allri þessari vinnu, til að koma í veg fyrir að breyting verði þar á,“ segir Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu. Nú styttist í að skólastarf hefjist og á hverju ári stíga rúmlega fjögur þúsund börn sín fyrstu skref sem virkir þátt-takendur í umferðinni.

Á hverju vori býður Umferðar-stofa upp á Umferðarskóla fyrir elstu árganga leikskóla, börn á aldrinum fimm til sex ára. „Þar er farið yfir allt það helsta sem máli skiptir, hvernig á að fara yfir götu, reiða hjólið og þar fram eftir göt-unum, og börn-in eru gjarnan með þetta allt á hreinu,“ segir Þóra og þakkar vitneskju grunn-skólabarnanna að hluta til bók-unum um krakk-ana í Kátugötu, sem börn landsins fá sendar heim til sín frá þriggja ára aldri. „Þegar þau svo byrja í grunnskóla eru þau að koma úr verndaðu umhverfi leikskólans, með sínum lokuðu leikvöllum og leiðbeinendum sem fara með í allar gönguferðir. Þau kynnast því jafn-vel í fyrsta sinn að þurfa að ganga í skólann, og því er eðlilegt að sumir foreldrar verði dálítið stressaðir.“

**ÞÓRA MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR**

Umferðarstofa hefur tekið saman helstu atriði varðandi öryggi skólabarna í umferðinni. „Þessum ábendingum er ekki síður beint að fullorðnum. „Það er mik-ilvægt að vera vakandi þegar allt þetta unga fólk fer af stað á haust-in,“ segir Þóra Magnea Magnús-dóttir.
**kjartan@frettabladid.is**

**TIL BEGGJA HLIÐA** Umferðarstofa dreifir 40.000 endurskinsmerkjum til skólabarna í haust.
MYND/TEITUR JÓNASSON

## ER BARNIÐ TIL-BÚIÐ AÐ GANGA TIL SKÓLA?

### Það getur skapað hættu að aka barninu
Hafa skal í huga að öll umferð ökutækja við skóla skapar hættu. Af þeim sökum er mikilvægt að foreldrar séu ekki að aka börnum sínum að óþörfu til skóla og skapa með því hættu fyrir aðra gangandi vegfarendur, ekki síst börn.

### Nota skal sérstök svæði
Þegar nauðsyn krefur að börn séu keyrð í skóla er mjög mikilvægt að þau fari út úr bílnum þar sem þau eru örugg. Ekki stofna lífi barnsins og annarra í hættu með því að sleppa þeim út við gangstéttarbrún. Nota skal sérstök stæði eða útskot sem eiga að vera við flesta skóla.

### Er stysta leiðin örugg?
Ef mögulegt er að láta barnið ganga eitt til skólans skal finna og ganga leiðina með barninu nokkrum sinn-um áður en skólaganga hefst. Velja skal þá leið þar sem sjaldnast þarf að ganga yfir götu. Stysta leiðin er ekki alltaf sú öruggasta.

### Allir eiga að nota endurskin
Ef engin gangstétt er á að ganga á móti umferðinni, eins fjarri henni og unnt er. Ef fleiri eru saman á að ganga í einfaldri röð. Allir eiga að nota endurskinsmerki eða vera í yfirhöfnum með endurskini.

### Er foreldrið góð fyrirmynd?
Hafa skal í huga að foreldrar eru fyrirmyndir barnsins. Hvernig hegða þeir sér í umferðinni? Barnið lærir meira af því sem foreldrarnir gera en því sem þeir segja.

Sjá nánar á vef umferðarstofu: us.is.

Íþróttaálfurinn kom færandi hendi á Barnaspítala í Manchester:

# Heimsótti veikan dreng

**FÓLK** Magnús Scheving, í gervi sínu sem Íþrótta-álfurinn úr Latabæ, kom færandi hendi á barna-spítala í Manchester á Englandi á þriðjudag. Þar heimsótti hann hinn fjögurra ára gamla Har-ley Slack, sem þurfti að aflima fyrir þremur mánuðum eftir að drengurinn fékk heilahimnu-bólgu. Með í för var starfsmaður heilbrigðisfyrir-tækisins Össurar, en fyrirtækið hyggst framleiða gervifætur fyrir drenginn.

Saga Harleys hefur vakið mikla athygli í Bret-landi. Hendur hans og fætur hafa verið fjarlægð og ekki er von á að hann komist heim frá sjúkra-húsinu fyrr en í nóvember.

Enska götublaðið The Sun átti þátt í því að skipu-leggja heimsóknina. Blaðið hefur komið af stað söfnun fyrir Harley og hafa um 400 þúsund pund þegar safnast. Myndband af heimsókninni má sjá á heimasíðu The Sun.
**- kg**

**HEIMSÓKN** Hinn fjögurra ári gamli Harley Slack fékk meðal annars Íþróttaálfsbúning og DVD-myndir að gjöf frá Íþrótta-álfinum.
MYND/NMA

Tilboðin gilda 13 og 14 ágúst eða á meðan birgðir endast

# ÓDÝRT Í SKÓLANN!!!

99 STK

399 STK

599

**Harðspjalda 5 faga bók A4**
100AMB100353590100

**Mappa A4 4hringja**
NEW0201119

**Dagbók Skruddan**
DB 890

128

69

**Stílabók A4 rúðu**
ED50584

1990

**Gormabók A4, línu**
LDGR93121

88

199

99

**Minnislykill 4GB**
MXL854121

**Blý HB 0,5 2/pk**
NINMF880047

**Tunnu yddari**
NINMF880044

**Tússlitir 18 litir**
LL64180

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 S: 5331010
LAUGAVEGI 12b · S: 8208392
griffill.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL FERSKT KJ

798

G.V FERSKT GRÍSASNITSEL 798 kr./kg.

798

G.V FERSKT GRÍSAGÚLLAS 798 kr./kg.

798

G.V FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 798 kr./kg.

498

G.V FERSKT GRÍSAHAKK 498 kr./kg.

198

G.V FERSKIR GRÍSASKANKAR 198 kr./kg.

798

G.V ÚRB. HNAKKASNEIÐAR 798 kr./kg.

898

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR

MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr./kg.

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

MERKT VERÐ 398 KR. 40% AFSLÁTTUR 239 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR

MERKT VERÐ 698 KR. 40% AFSLÁTTUR 419 kr./kg.

1498

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR

MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./

98

CLEAN FRESH ÞVOTTA MÝKINGAREFNI
1 LTR. 98 kr.

698

LIBRESSE DÖMUBINDI
5 TEG 698 kr.

798

TRICEL ÞVOTTAEFNI 35 ÞVOTTAR 798 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

**1198**

G.V FERSKAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.

**1169**

BÓNUS BEIKON
1169 kr./kg.

**398**

BÓNUS FERSKAR PIZZUR 400g 398 kr.stk

**1298**

PRINS PÓLÓ KASSI 32 STK
1298 kr.

## GOTT KAFFI Í BÓNUS

**398** **298**

RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 stk.
4 TEGUNDIR 398 kr.
DANSKT GULLKAFFI *MEÐALBRENNT*
*500g* 298 kr.

**79**

MURR KATTAMATUR 100g
*20% KYNNINGARAFSLÁTTUR*
*MERKT VERÐ 98 KR. 20% AFSLÁTTUR* 79 kr.

**98**

BRAZZI EPLA OG APPELSÍNU 1 ltr. 98 kr.

**398**

K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr./kg.

**898**

BÓNUS REYKT
BRAUÐSKINKA 898 kr./kg.

**398**

CAPRI SONNE 10 FERNUR 398 kr.

**798**

FJÓLU WC PAPPÍR 9 RÚLLUR 798 kr.
ÍSLENSKUR HÁGÆÐA IÐNAÐUR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

**BETHEL** Talið er að yfir 400 þúsund manns hafi komið saman í Bethel dagana 15. til 18. ágúst 1969. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**RÚGBRAUÐ** Volkswagen-sendibílarnir, sem voru kallaðar rúgbrauð á Íslandi, voru vinsælar á þessum tíma. Þessir tónleikagestir völdu að sitja uppi á bíl sínum frekar en í drullunni sem myndaðist vegna mikilla rigninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hátíð friðar, tónlistar og ástar

Um helgina verða fjörutíu ár liðin frá Woodstock, einni stærstu og merkilegustu tónlistarhátíð allra tíma. Um 400 þúsund manns voru á hátíðinni, sem varð eins konar táknmynd fyrir hippatímann. ***Þórunn Elísabet Bogadóttir*** kynnti sér hátíðina.

Fjörutíu ár eru um helgina liðin frá einni frægustu tónlistarhátíð allra tíma, Woodstock. Dagana 15. til 18. ágúst 1969 komu um eða yfir 400 þúsund manns saman við bæinn Bethel í New York-ríki í Bandaríkjunum til þess að hlusta á 32 tónlistarmenn og hljómsveitir.

### Upphafið að öllu

Michael Lang og Artie Kornfeld áttu hugmyndina að hátíðinni og fengu þá John Roberts og Joel Rosenman til liðs við sig. Upphaflega var áætlað að byggja upptökuver auk þess að halda tónlistarhátíð, en svo var ákveðið að byrja á hátíðinni. Snemma árs 1969 höfðu íbúar í nágrenni við áætlaðan tónleikastað haft veður af því hvað til stæði og hófu baráttu gegn hátíðinni. Að lokum var mönnunum synjað um leyfi til að halda tónleikana, en fundu í kjölfarið mjólkurbúseigandann Max Yasgur, sem átti stórt land í Bethel. Ákveðið var að halda tónleikana þar.

Strax í upphafi hátíðarvikunnar fór fólk að streyma á tónleikastaðinn og á miðvikudegi voru um sextíu þúsund manns mættir. Upphaflega höfðu miðar verið seldir á hátíðina, um 186 þúsund talsins, og bjuggust tónleikahaldararnir fjórir því við um 200 þúsund manns á hátíðina. Á föstudeginum varð fljótt ljóst að mun fleiri myndu mæta. Allir vegir í grenndinni stífluðust og þurfti því að flytja flesta tónlistarmennina á svæðið í þyrlum. Þar sem aldrei hafði verið klárað að setja upp hlið og girðingar var á endanum ákveðið að tónleikarnir yrðu ókeypis. Síðar greindi John Roberts frá því að það hafi tekið fjórmenningana ellefu ár að koma út á sléttu.

**FRIÐUR OG TÓNLIST** Hátíðin var haldin á blómatíma hippanna, undir formerkjum ástar og friðar. NORDICPHOTOS/AFP

**JIMI HENDRIX** Alls komu 32 flytjendur fram á hátíðinni. Jimi Hendrix var síðastur á svið, og lauk sínum tónleikum um klukkan hálfníu á mánudagsmorgni. NORDICPHOTOS/AFP

### Tónleikarnir sjálfir

Það var Richie Havens sem hóf tónleikahátíðina, rétt eftir klukkan fimm föstudaginn 15. ágúst 1969. Tónleikahaldinu það kvöldið lauk upp úr klukkan tvö aðfaranótt laugardags. Tónleikar hófust á ný rétt eftir hádegi og stóðu til dögunar á sunnudegi. Á sunnudegi áttu tónleikarnir að hefjast nokkru eftir hádegi en vegna mikilla rigninga var þeim frestað fram eftir miðjum degi. Þeim lauk svo ekki fyrr en klukkan var að ganga níu á mánudagsmorgni, með tónleikum Jimi Hendrix.

Fjöldinn allur af þekktum tónlistarmönnum kom fram á hátíðinni. Sem dæmi má nefna The Who, Canned Heat, The Grateful Dead, Creedence Clearwater Revival, Janis Joplin, Jefferson Airplane, Joe Cocker og Crosby, Stills, Nash and Young. Þó afþökkuðu einnig margir tónlistarmenn boð um að spila á hátíðinni. Þeirra á meðal voru Led Zeppelin, Bob Dylan, Joni Mitchell og The Doors.

### Vandamálin við fjöldann

Ekki hafði verið gert ráð fyrir þeim gríðarlega fjölda fólks sem mætti, eins og áður hefur komið fram. Hreinlætisaðstæður voru slæmar og matarbirgðir af skornum skammti, auk þess sem mikið rigndi. Það kom þó ekki að sök, þar sem þessi gríðarlegi fjöldi fólks kom í raun og veru saman undir formerkjum hátíðarinnar um frið og ást. Ótrúlegt þótti eftir á að svo mikill fjöldi ungmenna hefði komið saman í svo langan tíma án mikilla vandræða. Tvö dauðsföll urðu þó á hátíðinni, annað af völdum of stórs skammts af eiturlyfjum. Hitt varð þegar traktor keyrði yfir mann sem svaf í svefnpoka. Þá hafa verið sögusagnir um að börn hafi fæðst á hátíðinni, meðal annars eitt í bíl sem var fastur á leiðinni á hátíðina. Það hefur þó aldrei verið staðfest, en þó hefur komið fram í nokkrum viðtölum að vissulega hafi börn fæðst á hátíðinni. Þá voru skrásett rúmlega 700 tilfelli um fólk sem tók of stóra skammta af eiturlyfjum á hátíðinni.

Landvernd vill ekki borun:

# Vilja friðlýsingu

**UMHVERFISMÁL** Stjórn Landverndar hefur áhyggjur af fyrirhuguðum rannsóknarborunum í Gjástykki í Þingeyjarsýslu, sem nú eru í matsferli vegna umhverfisáhrifa. .

Landvernd hefur áður beitt sér gegn því að ráðist sé í orkuvinnslu í Gjástykki, „enda hefði slíkt í för með sér mikið rask á svæði sem líkur benda til að búi yfir lítilli orku," segir í tilkynningu frá félaginu. „Gjástykki er sennilega það svæði í heiminum á þurru landi sem best sýnir hvernig landreksflekarnir færast í sundur. Friðlýsing Gjástykkis er forsenda þess að þessu merkilega svæði verði ekki raskað," segir enn fremur í tilkynningunni. - vsp

Kínastjórn tapar máli gegn Bandaríkjunum hjá Heimsviðskiptastofnuninni WTO:

# Óheimilt að loka mörkuðum

**BANDARÍKIN, AP** Samkvæmt úrskurði Heimsviðskiptastofnunarinnar WTO mega kínversk stjórnvöld ekki banna bandarískum afþreyingarfyrirtækjum að eiga viðskipti beint við einstaklinga og einkafyrirtæki í Kína.

Kínversk stjórnvöld hafa til þessa krafist þess að bandarískir framleiðendur tónlistar og myndefnis skipti eingöngu við kínversk ríkisfyrirtæki.

Samkvæmt úrskurðinum brýtur slíkt í bága við reglur um alþjóðaviðskipti. Kínverjum er þó áfram heimilt að ritskoða það efni sem berst til landsins.

Úrskurðurinn var felldur í síðasta mánuði, en var ekki gerður opinber fyrr en í gær.

Tímasetningin þykir heppileg fyrir Barack Obama Bandaríkjaforseta, sem er undir vaxandi þrýstingi um að sýna Kínverjum meiri hörku í viðskiptamálum.

Óvíst er þó hvaða afleiðingar dómurinn hefur. Þótt Kínastjórn leggi sjálf mikla áherslu á að fylgja reglum Heimsviðskiptastofnunarinnar gæti hún sem hægast sett nýjar reglur um opinbert eftirlit með erlendu menningarefni, sem þurfi að samþykkjast sérstaklega áður en innflutningur er leyfður. - gb

**VIÐSKIPTI Í KÍNA** Öryggisvörður við Alþjóðlegu viðskiptamiðstöðina í Peking.
NORDICPHOTOS/AFP

**KAING GUEK EAV** Allt að sextán þúsund manns voru pyntaðir og síðan myrtir í fangelsinu sem hann stjórnaði.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pyntingastjóri Pol Pot:

# Biður um hörðustu refsingu

**KAMBÓDÍA, AP** Kaing Guek Eav, fyrrverandi fangelsisstjóri í alræmdasta fangelsi ógnarstjórnar Pol Pot í Kambódíu, krefst þess að fá þyngstu refsingu fyrir glæpi sína.

Duch, eins og hann er jafnan nefndur, sagðist fyrir dómi í gær viðurkenna að kambódíska þjóðin hefði orðið fyrir óheyrilegum þjáningum og sorg af völdum stjórnar Rauðu kmeranna á árunum 1975-79.

„Ég vil að kambódíska þjóðin dæmi mig til þyngstu refsingar."

Nú standa yfir stríðsglæparéttarhöld yfir fimm af helstu leiðtogum Rauðu kmeranna, en einungis Duch hefur viðurkennt glæpi sína. - gb

**REBIYA KADEER** Kínverski lýðræðissinninn er ekki í miklu uppáhaldi hjá yfirvöldum heima fyrir.

Rebiya Kadeer í Ástralíu:

# Sakaði Kínverja um kúgun

**ÁSTRALÍA, AP** Kínverski lýðræðissinninn Rebiya Kadeer hefur sakað kínversk stjórnvöld um að notfæra sér styrkleika sinn á efnahagssviðinu til að draga úr alþjóðlegri gagnrýni á stefnu sína í mannréttindamálum.

Kadeer hélt ræðu á vegum landssamtaka fjölmiðla í Canberra, höfuðborg Ástralíu, þrátt fyrir mótmæli kínversks erindreka í landinu sem vildi ekki að hún stigi í pontu. Í ræðu sinni þakkaði Kadeer samtökunum fyrir að láta hótanir Kínverja sem vind um eyru þjóta og einnig Áströlum fyrir að veita henni landvistarleyfi þrátt fyrir gífurlegan þrýsting frá Kína um að hleypa henni ekki inn í landið. - fb

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hafa stjórnmálamenn óendanlegan tíma?

# Viðskiptalífið pakkar í vörn

**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR**

Eitt af hlutverkum ríkisvaldsins er að búa viðskiptalífinu þannig umhverfi að fyrirtæki geti verið samkeppnishæf, vaxið og dafnað og þannig veitt atvinnu og skapað verðmæti.

Frá hruninu síðasta haust hefur viðskipalífinu hins vegar ekki verið sköpuð sú umgjörð sem það þarf á að halda og er rekstur fyrirtækja gríðarlega erfiður. Sennilega hafa atvinnurekendur hér á landi sjaldan eða aldrei staðið frammi fyrir eins erfiðum rekstrarskilyrðum og nú blasa við. Á meðan atvinnulífið býr við gjaldmiðil sem haldið er á lífi í öndunarvél, skort á fjármagni, gjaldeyrishöft, háa vexti, verðbólgu, minnkandi eftirspurn og hrapandi framlegð er sú krafa gerð til viðskiptalífsins að það skapi störf til að draga úr vaxandi atvinnuleysi. Þetta er öfugmælahagfræði sem vart gengur upp – því miður.

Eins og flestir landsmenn hafa íslenskir atvinnurekendur beðið í tæpt ár eftir pólitískri forystu – pólitískum kjarki – pólitískri samvinnu. Þeir hafa þreyjað haustið, þorrann og góuna og nú í sumarlok blasir nýtt haust við með sömu óvissu og fyrr. Við óbreytt ástand verður ekki unað lengur.

Viðskiptalífið gerir þá kröfu að íslenskir stjórnmálamenn; bæði í stjórn og stjórnarandstöðu taki sér tak, rífi sig upp úr pólitísku þrasi og átti sig á því að þeir hafa ekki allan tímann í heiminum til að koma hlutunum í farveg. Á tímum sem þessum verður seint hægt að taka ákvarðanir í 100% vissu – hvorki í sölum Alþingis né í stjórnarherbergjum fyrirtækja. Aðilar verða að taka eins skynsamlegar ákvarðanir og þeir geta miðað við fyrirliggjandi gögn. Ef bíða á með ákvarðanir þar til allri óvissu er eytt verða engar ákvarðanir teknar, og skortur á ákvarðanatöku er einmitt stærsta vandamálið á Íslandi í dag.

Ekki skal gert lítið úr þeirri gríðarlega erfiðu stöðu sem íslenskir stjórnmálamenn eru í, því mikla vinnuálagi og pressu sem þeir flestir búa við og þeim stóru ákvörðunum sem við þeim blasa – ákvörðunum sem munu hafa áhrif hér á landi um áratuga skeið. Það má hins vegar ekki vera afsökun fyrir því að öllu öðru sé haldið í gíslingu á sama tíma, því hver vika, hver mánuður sem hefur liðið og mun líða í óbreyttu ástandi mun reynast þjóðinni ekki síður dýr.

Íslenskt viðskiptalíf hefur á undanförnum mánuðum pakkað í vörn og hættir sér vart fram yfir miðju. Góður varnarleikur er oft skynsamlegur og oft nauðsynlegur en það er hins vegar á allra vitorði að enginn árangur næst ef enginn er sóknarboltinn – ef skyndisóknir eru ekki einu sinni nýttar til að skora mörk. Slík fyrirtæki eru líkleg til að verða fyrir andlegu gjaldþroti – detta niður um deild eða hætta keppni.

Við erum öll hluti af stóru tannhjóli og þetta tannhjól er stopp. Það er hlutverk stjórnmálamanna að koma hreyfingu á tannhjólið þannig að viðskiptalífið geti tekið við og skapað verðmæti og störf. Aðeins þannig verður hagur íslenskra heimila – allra Íslendinga – tryggður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
**Er tímareimin komin á tíma?**
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**
**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 50.805 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 40.780 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.870 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**

VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allir á samstöðufund

Sjálfstæðisflokkurinn sendi í gær félögum í flokknum brýningu um að mæta á samstöðufund InDefence-hópsins á Austurvelli í dag til að krefjast sanngjarnrar lausnar í Icsave-málinu. „Sýnum þingmönnum okkar, fulltrúum erlendra fjölmiðla og öðrum ríkjum í alþjóðasamfélaginu að Íslendingar standa saman," stendur meðal annars í tilkynningunni.

Þetta er gott framtak hjá Sjálfstæðisflokknum og ánægjuleg viðhorfsbreyting í garð samstöðufunda frá því í vetur, þegar sú skoðun var áberandi meðal flokksmanna að lítið mark væri takandi á mótmælum á Austurvelli; mótmælendur samanstæðu fyrst og fremst af ungliðahreyfingum VG og Samfylkingarinnar og fólki sem þær hefðu smalað á vettvang.

### Þá og nú

Páll Magnússon, útvarpsstjóri og fréttalesari, las í fyrradag inngang að frétt um fjárkröggur Decode. Fyrir fáum árum vann Páll Magnússon einmitt við það að verjast fréttum af fjárkröggum Decode. Svona eru stundum endaskiptin í lífinu.

### Hugarburður?

Viktor I. Tatarintsev, sendiherra Rússlands á Íslandi, komst í fréttir í gær eftir viðtal á Netvarpinu þar sem hann sagði að Íslendingum hefði sannarlega staðið til boða fjögurra milljarða evra lán frá Rússum í október í fyrra, en íslensk stjórnvöld hefðu hafnað tilboðinu. Þetta stangast á við það sem fram hefur komið hingað til, það er að tilboðið hafi verið á misskilningi byggt. Þessu hafnar Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi ráðherra, og kallar hann orð sendiherrans „hreinar rangfærslur". „Þetta er líklega einhver hugarburður hjá sendiherranum," sagði Björgvin í samtali við Pressuna.

Varla eru mörg dæmi um það að íslenskir ráðamenn láti opinberlega í það skína að erlendir erindrekar séu ekki heilir á geði. Eða er þetta kannski enn eitt málið sem ráðherranum Björgvin var haldið utan við í hruninu?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Er Ísland of lítið?

**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Skiptir stærðin máli?

Sumir kenna smæð Íslands um bankahrunið og efast um getu Íslendinga til að standa á eigin fótum sem frjálst og fullvalda ríki. Ég er á öðru máli. Af öllum ríkjum heims, rösklega 200 talsins, eru um 100 minni en Ísland að flatarmáli, og hin 100 eru stærri. Á mælikvarða mannfjöldans er Ísland samt klárlega smáland, en þó ekki dvergríki. Um 40 lönd eru fámennari en Ísland. Það er álitlegur hópur. Helmingur allra ríkja er fámennari en Danmörk með röskar fimm milljónir manna. Heimurinn er nú safn smáríkja, því að smálöndin eru mörg og stórveldin fá. ESB er smáríkjasamband.

Mannfæðin er mesta félagsböl Íslendinga, sagði Einar Benediktsson skáld. Hann og aðrir lögðu til, að Íslendingar flyttu inn erlent vinnuafl í stórum stíl til að stækka landið. Þeir eygðu enga leið til að bjóða Íslendingum viðunandi lífskjör til langs tíma litið nema með því að fjölga þeim nóg til að ná því, sem eðlisfræðingar kalla „krítískan massa". Þennan krítíska fólksmassa töldu þeir liggja langt yfir 100.000, sem var íbúafjöldi landsins 1925. Í Aþenu til forna bjuggu 200.000 manns og vegnaði vel. Feneyjar og Flórens blómstruðu á miðöldum með 115.000 og 70.000 íbúa, en þær voru að vísu í alfaraleið ólíkt Íslandi og gátu bætt sér upp mannfæðina með miklum viðskiptum við önnur svæði.

### Sækjast sér um líkir

Hvers vegna er Evrópa ekki eitt land? Það stafar af því, að fólk er ólíkt og hefur ólíkar hugmyndir, óskir og þarfir. Þess vegna eru lönd heimsins mörg og misstór. Krafan um batnandi lífskjör í skjóli hagkvæms stórrekstrar knýr að sínu leyti á um sameiningu og samruna. Eftirsókn eftir samneyti við sitt eigið fólk, fólk, sem býr að sömu menningu og sögu og talar sömu tungu, stendur gegn kröfunni um stórrekstur. Það er ekki hagfellt að hafa löndin of stór og fá, því að stór lönd, önnur en Japan, byggir yfirleitt sundurleitt fólk, og mikilli fjölbreytni getur fylgt sundurþykkja og staðið velferð fólksins og framþróun fyrir þrifum. Samt hefur sundurleitni Bandaríkjanna ekki bitnað á lífskjörum þar vestra, og sama máli gegnir nú um Kína. Smáríkjum getur vegnað vel, ef smæðinni fylgir sátt og samheldni. Það er þó ekki heldur algild regla, að smáþjóðir séu einsleitar. Kýpur og Máritíus eru fámenn eyríki, þar sem ólíkir kynþættir búa saman og efnahagurinn hefur blómstrað.

Reynslan sýnir, að smáþjóðum vegnar í efnahagslegu tilliti engu síður en stórþjóðum á heildina litið og stundum betur að því tilskildu, að smálöndin bæti sér upp óhagræði smæðarinnar með miklum viðskiptum við önnur lönd. Miðsókn togar lönd og þjóðir í átt að frekara samstarfi og sameiningu og stuðlar að fækkun þjóðlanda af fjárhagsástæðum. Miðflótti hneigist á hinn bóginn til að skipta löndum upp í smærri einingar og stuðlar að fjölgun landa, einnig af fjárhagsástæðum. Miðsóknaröflin höfðu yfirhöndina í Evrópu á 19. öld. Ítalía varð að einu þjóðríki 1861 við sameiningu nokkurra smáríkja, og Þýzkaland fylgdi í kjölfarið. Ýmsum þóttu þá Belgía og Portúgal vera of lítil lönd til að geta staðið á eigin fótum. Á 20. öld snerist taflið við: þá náði miðflóttaaflið yfirhendinni í krafti aukinna millilandaviðskipta. Ísland fékk heimastjórn og varð fullvalda ríki.

### Smáþjóðum fer fjölgandi

Smáþjóðum hefur vaxið fiskur um hrygg undangengin ár í skjóli aukinna milliríkjaviðskipta. Ef erlendum viðskiptum væri ekki til að dreifa, væru smáríki að ýmsu leyti óhagkvæm smæðarinnar vegna. Þá þætti mörgum þeirra trúlega nauðsynlegt að sameinast stærri ríkjum af efnahagsástæðum. Mikil og vaxandi millilandaviðskipti leysa smáþjóðirnar af þessum klafa með því að gera þeim kleift að færa sér hagkvæmni stærðarinnar í nyt með viðskiptum við önnur lönd. Millilandaviðskipti hafa með tímanum stuðlað að fjölgun sjálfstæðra smáríkja. Árið 1914 voru sjálfstæð ríki 62 að tölu í heiminum öllum. Nú eru þau rösklega 200. Meðalstærð ríkja mæld í fólksfjölda hefur minnkað úr 32 milljónum 1946 í 29 milljónir nú (19 milljónir, ef Indland og Kína eru ekki talin með). Smáríkjum hefur fjölgað svo mjög, að helmingur ríkja heimsins hefur nú langt innan við sex milljónir íbúa.

Íslendingar tóku rétta ákvörðun í sjálfstæðismálinu á sínum tíma. Engin efnahagsáföll munu nokkurn tímann raska þeirri niðurstöðu. Mannfæð þarf ekki að standa í vegi fyrir skilvirku fullveldi, hagvexti og velferð, sé vel á málum haldið, þótt færa megi rök að því, líkt og Einar Benediktsson gerði, að fleira fólk myndi lyfta landinu. Aðild að ESB stefnir að stækkun Íslands.

# Grunnurinn gleymist

**UMRÆÐAN**
Jón Gunnarsson skrifar um atvinnuuppbyggingu

**JÓN GUNNARSSON**

Það hefur aldrei þótt góðri lukku að stýra að byggja hús sitt á sandi. Það uppbyggingarstarf sem framundan er í íslensku samfélagi er líkast uppbyggingu frá grunni. Ef rétt byggingarstæði er valið mun byggingin rísa fyrr og standa betur. Í umræðunni um málefni dagsins, s.s. Ice-Save, aðildarviðræður við Evrópusambandið og fleiri slík stórmál, gleymist gjarnan að ræða aðalatriðið, það á hverju á að byggja viðreisnina; með hverju þessi þjóð ætlar að greiða skuldbindingar sínar.

Tækifæri okkar til atvinnuuppbyggingar eru nánast óþrjótandi. Við fengum samþykkt sérstakt íslenskt ákvæði í Kyoto-samningnum m.a. vegna sérstöðu okkar til náttúruvænna möguleika í orkuöflun. Gæta verður þeirra hagsmuna í þeim viðræðum sem framundan eru um loftslagsmál. Við höfum ratað skynsamlega leið milli nýtingar og verndunar í okkar náttúru. Tækifærin eru víða og til að ná alvöru viðreisn í gang verðum við að nýta þau. Sú vinstri stjórn sem nú er við völd hefur engin alvöru markmið um atvinnuuppbyggingu. Stuðningur við þau verkefni sem komin voru af stað er veittur með semingi. Mannfrekum framkvæmdum í samgöngumálum er slegið á frest. Afleiðingarnar eru þær að í mörgum stéttum er að skapast atgervisflótti og óvíst er að það fólk snúi til baka.

Það er brýnt að halda áfram á þeirri braut uppbyggingar í stóriðju sem vörðuð hefur verið. Þar liggja tækifæri okkar til atvinnu- og verðmætasköpunar. Tímabundið vandamál vegna fjármögnunar virkjana s.s. við Búðarháls og í Reykjahlíð er auðleyst. Landsmenn hafa lagt það mikið til hliðar í lífeyrissjóðakerfinu að slík rök halda ekki. Lífeyrissjóðirnir verða ekki notaðir í nokkuð betra nú en að fjármagna atvinnuskapandi arðbærar framkvæmdir. Aukin umsvif í atvinnulífinu verða fljótlega til þess að auka á bjartsýni innanlands og traust okkar útávið. Við verðum að vera tilbúin að veðja á okkur sjálf og auðlindir þessa frábæra lands sem við byggjum. Tökum þennan slag með þeim krafti sem við eigum. *Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gæðamálning í hvert verk

MÚRBÚÐARVERÐ

Deka Meistaragrunnur
Hvítur. 1 líter
**1.295 kr.**

Deka Meistaralakk 40
Akrýllakk. 1 líter
**1.495 kr.**

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**1.495 kr.**

Scala Lackfarg 30 (olíu)
1 líter
**1.395 kr.**

Deka Pro útimálning
10 lítrar
**6.495 kr.**

Scala Panellakk
Glær. 1 líter
**1.295 kr.**

Scala Project Grunnur
Hvítur. 10 lítrar
**4.990 kr.**

Deka Pro 4. Loft og
veggjamálning. 10 lítrar
**4.990 kr.**

DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar
**4.590 kr.**

Deka Pro 10
Innimálning. 10 lítrar
**5.795 kr.**

Aqua 25 innimálning
3 lítrar
**3.995 kr.**

Scala Steypugrunnur
Betoprime glær. 1 líter
**595 kr.**

Scala Panellakk 15
Glært. 3 lítrar
**2.995 kr.**

Scala Grunnolía
1 líter
**895 kr.**

Scala útigrunnur tré
1 líter
**1.195 kr.**

ODEN þekjandi
viðarvörn. 1 líter
**1.495 kr.**

ODEN viðarvörn á palla. Hágæða
Silikonalkyd efni. 3 lítrar
**4.290 kr.**

Deka Pro Þakmálning
10 lítrar
**8.795 kr.**

Dalapro Medium spartl
10 lítrar
**3.995 kr.**

Dalapro Grov spartl
10 lítrar
**3.790 kr.**

***Reykjavík***
***Kletthála 7.***
***Opið virka***
***daga kl. 8-18***
***laugard. 9-16***

***Suðurnes***
***Fuglavík 18.***
***Opið virka***
***daga kl. 8-18,***
***laugard. 10-14***

***Akureyri***
***Furuvellir 15.***
***Opið virka***
***daga kl. 8-18,***
***laugard. 10-14***

**Hjá Múrbúðinni færðu öll áhöld í málningarvinnuna.**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# Að standa við alþjóðlegar skuldbindingar

SIGURÐUR LÍNDAL

**UMRÆÐAN**
Ábyrgð Íslands

Eins og kunnugt er hafa Íslendingar leitað eftir lánum víða, meðal annars til Norðurlandaþjóðanna. Lán þeirra – nema Færeyinga – eru bundin því skilyrði að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og þá einkum gagnvart innstæðueigendum. Verður þetta ekki túlkað á annan veg en Ísland samþykki ICESAVE-samninginn.

Nú mega það kallast firn mikil ef heil þjóð – og þá einnig komandi kynslóðir – eigi að ábyrgjast himinháar greiðslur sem einstaklingar hafa með umsvifum sínum stofnað til án þess að íslenzk stjórnvöld og íslenzkur almenningur hafi haft þar forgöngu. Ef íslenzka ríkið og þar með þjóðin ætti að bera slíka ábyrgð yrði hún að styðjast við skýr fyrirmæli í lögum, fjölþjóðlegum samningum eða löglega bindandi yfirlýsingar forystumanna þjóðarinnar En skilmerkilegar skýringar láta á sér standa og allar tilraunir til rökfærslu hafa endað í orðræðu sem litlu skilar. Það sýnir að minnsta kosti að óljóst er um ábyrgð Íslands.

Nú standa þjóðir Norðurlanda Íslendingum næst og því er rétt og eðlilegt að forystumenn þeirra þjóða verði krafðir svara við því hver sé hin skýra lagastoð fyrir þessum alþjóðlegu skuldbindingum. Raunar skulda Norðurlönd Íslendingum einnig skýringu á því hvers vegna því er hafnað að leggja málið undir dóm, hvort sem það væri eiginlegur dómstóll, gerðardómur eða sáttanefnd.

**II.**

Í grein í Morgunblaðinu 7. júlí sl. fullyrti Jón Baldvin Hannibalsson að íslenzka ríkið bæri ábyrgð á lágmarksinnstæðutryggingu sem næmi 20.887 evrum án nokkurrar viðhlítandi tilvísunar í lög eða þjóðréttarsamninga. Í greinarkorni í Fréttablaðinu bað ég Jón að nefna lagastaði fullyrðingu sinni til stuðnings. Það hefur hann ekki gert þótt nú sé mánuður liðinn. Af því verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að hann hafi farið með staðlausa stafi.

Þá fullyrti hann að ekki fyndist neinn lögfræðingur utan landsteina sem tæki mark á „heimatilbúinni“ skýringu nokkurra íslenzkra lögfræðinga um að ábyrgð væri takmörkuð við „tóman“ tryggingasjóð. Það er nú reyndar rangt að tryggingasjóður hafi verið „tómur“, en látum það liggja milli hluta. Um hina heimatilbúnu skýringu sem enginn lögfræðingur utan landsteinanna taki mark á verður Jón Baldvin að sætta sig við að undir hana hafa tekið brezku lögmannsstofurnar Miscon de Reya og Lowell í London og belgíska lögmannsstofan Schiödt í Brussel, svo að enn bætast ósannindi ofan á ósannindi. Til viðbótar stendur upp á hann að skýra hversvegna Bretar og Hollendingar hafna allri dómsmeðferð úr því að málstaður þeirra er jafn traustur og hann vill vera láta.

**III.**

Flest bendir til að Íslendingar eigi ekki annarra kosta völ en að gangast undir nauðungarsamninga til þess að geta haft eðlileg samskipti við Evrópuþjóðir, þar á meðal Norðurlönd. En þau viðbrögð eru helzt til algeng að þeir, sem láta í ljós efasemdir um skyldur Íslendinga, séu haldnir þeirri grillu að vondir útlendingar séu að níðast á saklausri þjóð. Í rauninni snýst málið hvorki um góða Íslendinga né vonda útlendinga, heldur regluverk ESB. Þegar hallaði undan fæti í efnahagsmálum vegna hinnar alþjóðlegu lánsfjárkreppu, sem gengið hefur yfir nálæg lönd, kom í ljós að regluverk ESB var svo gallað að tvísýnt þótti að það stæðist þá skoðun sem fylgdi dómsmeðferð í málum Íslendinga gagnvart Bretlandi og Hollandi. Bankahrunið á Íslandi, sem ríkisstjórn Bretlands átti sinn þátt í, dregi fjármálakerfi ESB með sér í fallinu með því að hætta væri á allsherjaráhlaupi á bankana. Við svo búið var þægilegast að fórna Íslandi þótt vikið væri til hliðar almennum grundvallarreglun í samskiptum siðaðra þjóða, sem er ein meginheimild þjóðaréttarins, sbr. 38. gr. samþykkta Milliríkjadómstólsins í Haag. Ísland skiptir hvort sem er litlu sem engu máli fyrir Evrópu.

En hér er ekki látið staðar numið, heldur skulu allir Íslendingar, auk þungra fjárhagsbyrða, jafnframt úthrópaðir sem lögbrjótar, samningssvikarar og viðskiptaþrjótar sem menn ættu að varast samskipti við. Fáeinir gegnir menn hafa ýjað að þessu, en helzti talsmaðurinn er Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og sendiherra. Hann styður þessi viðhorf af slíku kappi að hann skirrist ekki við að beita uppspuna og ósannindum til þess að koma boðskapnum á framfæri og villa þannig um fyrir öllum almenningi. Hvaða ályktanir á að draga af þessu?

*Höfundur er lagaprófessor.*

# Að fara með fjöregg þjóðarinnar

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

**UMRÆÐAN**
Katrín Júlíusdóttir skrifar um Icesave

Ein af frumskyldum kjörinna fulltrúa er að tryggja rekstrargrundvöll atvinnulífsins. Heimilin í landinu eiga afkomu sína og atvinnu undir því að fyrirtækin gangi og atvinnulífið skapi þau verðmæti sem standa undir örygginu samfélagsins, menntun og heilbrigðiskerfi. Sé þetta fjöregg í hættu verða stjórnmálamenn að meta afleiðingar mismunandi aðgerða eða aðgerðaleysis og taka svo ákvörðun þótt erfið sé. Setja verður velferð heimila og fyrirtækja framar bæði persónum og flokkslínum.

Íslendingar glíma við gjaldeyriskreppu í kjölfar þess að fjármálakerfið hrundi og bera erlendir kröfuhafar, allt frá bönkum til lífeyrissjóða og líknarstofnana, miklar afskriftir af skuldum íslenskra aðila. Hvorki skuldsett atvinnulíf né heimili þola frekara hrun krónunnar og endurreisnin er óhugsandi verði alþjóðlegir lánsfjármarkaðir lokaðir til langs tíma.

**Eina endurreisnaráætlunin sem í boði er**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er engin hjálparsamtök og aðferðir hans eru umdeildar. Hann er samt eini aðilinn sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar við lausn gjaldeyriskreppa. Aðkoma AGS er því forsenda aðstoðar frá öðrum þjóðum. Vegna þessa er sú áætlun um endurreisn, sem unnin var í samvinnu íslenskra stjórnvalda, Seðlabankans og AGS, um leið kjarninn í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Á henni hvílir líka stöðugleikasáttmáli aðila á vinnumarkaði og viðræður um þátt lífeyrissjóða í endurreisninni. Enginn hefur bent á aðra færa leið né kynnt áætlun í hennar stað.

**Óvissunni verður að linna**

Annar áfangi áætlunarinnar miðar að því að ljúka óvissutímabilinu og leggja grunn að endurheimt trausts. Hann felur í sér aðskilnað gömlu og nýju bankanna, endurfjármögnun bankakerfisins, samninga við erlenda kröfuhafa og innstæðueigendur, rannsókn hrunsins og uppbyggingu gjaldeyrisforða.

Frekari dráttur á lokum þessa áfanga er okkur dýr. Rótgróin og traust fyrirtæki sem tapað hafa áratugagömlum viðskiptasamböndum eða þurfa að staðgreiða hefðbundnum birgjum geta vitnað um það. Fyrirtæki sem leita endurfjármögnunar lána eða fyrirgreiðslu til uppbyggingar þekkja afleiðingarnar. Fórnarkostnaðurinn kemur loks fram hjá heimilum í formi atvinnuleysis og verri lífskjara.

Við óskum þess örugglega öll að frágangur ábyrgða á innstæðutryggingum hefði engin áhrif á endurreisnina. En veruleikinn er annar og þótt sárt sé verðum við að vinna út frá honum. Þar sem ríkisábyrgð á Icesave-láninu er eitt erfiðasta mál sem komið hefur á borð íslenskra stjórnvalda og stjórnsýslunnar hefur mikilli orku og tíma verið varið í skoðun á öllum hliðum þess og stöðu Íslendinga. Málið varðar miklar skuldbindingar á næstu fimmtán árum og til að gæta ítrustu varfærni hafa bæði Seðlabankinn og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands metið greiðslugetu ríkisins. Ekkert bendir til að þetta verði okkur létt en í því sambandi skiptir mestu hvernig til tekst með endurreisn atvinnulífsins. Við verðum því að einhenda okkur í uppbyggingarstarfið í stað þess að gefast upp andspænis verkefninu.

Í samningnum sjálfum eru endurskoðunarákvæði og við munum í framtíðinni, rétt eins og nú, geta höfðað til vinaþjóða okkar um endurskoðun og endurútdeilingu byrðanna af hruni fjármálakerfis heimsins, reynist bagginn of þungur.

**Hvað er undir í Icesave-málinu?**

Vandinn við umræðuna er meðal annars sá að á meðan hægt er að reikna kostnaðinn miðað við fyrirliggjandi samningstexta er fórnarkostnaðurinn við að ljúka ekki 2. áfanga endurreisnarinnar óþekkt stærð fyrir flesta. Alvarlegast er að halda að hann sé enginn. Sérfræðingar hafa bent á það opinberlega að bæði traust á íslensku efnahags- og atvinnulífi og lánshæfiseinkunn Íslands sé undir. Þar með eru samstarf við AGS og vinaþjóðir og gengi gjaldmiðilsins, sumsé sjálfar forsendurnar fyrir uppbyggingunni. Við getum deilt um hve mikill fórnarkostnaðurinn verður eða hve lengi samfélaginu mun blæða en við megum ekki taka áhættu með rekstrargrundvöll atvinnulífsins. Samþykkt á hundraða milljarða ríkisábyrgð verður engum þingmanni léttbær en fyrr eða síðar verður að horfast í augu við kostina.

**Verjum framtíð barnanna okkar**

Kjarninn í endurreisnaráætluninni er sá að við berum sem mest af kostnaðinum við hrunið á allra næstu árum um leið og áherslan er á hraða uppbyggingu og vörn fyrir hina verst settu. Markmiðið er að vinna okkur út úr erfiðleikunum á sem skemmstum tíma í stað þess að velta vandanum á undan okkur. Þetta verður erfitt og við horfum nú fram á harðan vetur þar sem botninum verður vonandi náð. En ég tel það skyldu okkar kynslóðar að ljúka tiltektinni svo við skilum ekki börnunum okkar einangruðu samfélagi hafta og stöðnunar. Við þurfum að tryggja að börnin okkar búi í opnu samfélagi þar sem atvinnulífið á vaxtarfæri svo þau geti notið góðra lífskjara og öflugs velferðarkerfis. Velferðarstjórnin er mynduð til að tryggja að endurreisnin verði á félagslegum grunni og því tækifæri megum við ekki tapa.

*Höfundur er iðnaðarráðherra.*

# Já sæll!

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

**UMRÆÐAN**
Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um borgarmál

Þann 8. ágúst skrifar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar og fyrrverandi borgarstjóri, grein í Fréttablaðið sem hann kallar „Rangfærslur Sigrúnar Elsu“. Þar setur hann út á tvö atriði sem ég hef fjallað um í fyrri skrifum: Sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun, sem hann telur hagstæða, og ábyrgðargjald vegna lána Landsvirkjunar sem hann telur hæfilegt. Auk þess víkur hann að þátttöku REI í einkavæðingu orkufyrirtækis á Filippseyjum, sem hann ranglega eignar 100 daga meirihlutanum. Þessum atriðum verður hér svarað.

**Tapaðir milljarðar**

Sölusamningur sem Vilhjálmur Þ. skrifaði undir fyrir hönd borgarinnar á hlut borgarinnar í Landsvirkjun var óásættanlegur, meðal annars þar sem verðið sem fékkst fyrir hlutinn var of lágt. Þar varð borgin af milljörðum króna. Einnig er afleitt að Reykjavíkurborg ber ennþá ábyrgð á lánum Landsvirkjunar þrátt fyrir sölu hlutarins. Það gæti komið borginni í koll ef allt fer á versta veg.

Ríkið greiddi Reykjavíkurborg 26,9 milljarða fyrir 44,5% hlut í Landsvirkjun 2007, sem samsvarar því að heildarvirði Landsvirkjunar hafi verið metið á um 60 milljarða. Sama ár greiddi OR 8,7 milljarða fyrir 16,6% hlut í Hitaveitu Suðurnesja, sem samsvarar því að heildarvirði HS sé metið 52 milljarðar. Landsvirkjun er eins og menn vita margfalt stærra fyrirtæki en HS og þessi skipti eru því augljóslega ekki hagstæð fyrir borgina.

**Eðlilegt ábyrgðargjald**

Landsvirkjun greiðir Reykjavíkurborg ábyrgðargjald vegna ábyrgða sem borgin situr uppi með á lánum Landsvirkjunar. Vilhjálmur vísar til bréfs forstjóra Landsvirkjunar því til réttlætingar að ábyrgðargjaldið sé „eins og ætlast sé til“. Vilhjálmi ætti að vera ljóst að þegar kemur að upphæð ábyrgðargjalds eru hagsmunir Landsvirkjunar gagnstæðir hagsmunum borgarinnar. Það verður því að teljast með ólíkindum að hrekja fullyrðingar minnihlutans um að borgin eigi að krefjast hærra ábyrgðargjalds með því að vísa í forstjóra Landsvirkjunar. Ekki er ásættanlegt fyrir hagsmuni Reykjavíkurborgar að íslenska ríkið og/eða Landsvirkjun ákvarði einhliða hvert eðlilegt ábyrgðargjald skuli vera. Borgin verður að hafa þar sjálfstæða aðkomu. Einnig verður að tryggja að á meðan Reykjavíkurborg er í ábyrgðum fyrir Landsvirkjun hafi borgin eftirlit með rekstri og lánastöðu Landsvirkjunar. Samfylkingin mun halda áfram að krefjast eðlilegs ábyrgðargjalds enda geta þeir hagsmunir numið hundruðum milljóna fyrir borgarbúa árlega. Núverandi meirihluti hefur hingað til brugðist því hlutverki.

**Einkavæðing á Filippseyjum**

Það virðist hafa farið framhjá Vilhjálmi að lengri útgáfa af grein minni birtist 15. júlí á visir.is. Þar svara ég spurningu hans um umsvif REI á Filippseyjum. Þar upplýsti ég meðal annars að einu kaupin sem fram fóru á hlutum í filippseyska fyrirtækinu PNOC-EDC áttu sér stað í borgarstjóratíð Vilhjálms.

Haustið 2006, skömmu eftir að Vilhjálmur varð borgarstjóri, hófu yfirvöld á Filippseyjum einkavæðingu stærsta jarðvarmaorkufyrirtækis Filippseyja PNOC-EDC, með útboði á fyrstu 40% í fyrirtækinu. Þá strax kom Orkuveitan að tilboðsgerð, ásamt Glitni og FL-Group. Þetta kemur fram í gögnum sem lögð voru fyrir stjórn OR. Þó að tilboðinu hafi ekki verið tekið hófst með þessu samstarf OR við þessa aðila um verkefni á Filippseyjum. Samstarfið var síðan fest í sessi 16. mars 2007 með undirritun samstarfssamnings um verkefni á Filippseyjum milli GGE og OR. Stjórn REI (sem minnihlutinn átti ekki fulltrúa í) samþykkti svo 11. júlí 2007 að verja 500 milljónum til kaupa á 0,4% hlut í filippseyska fyrirtækinu, samhliða sambærilegum kaupum GGE. Allt í borgarstjóratíð Vilhjálms, án umræðu í borgarráði eða borgarstjórn.

**Tilhæfulausar upphrópanir**

Eftir að hundrað daga meirihlutinn tók við var verkefnið unnið áfram á grundvelli fyrirliggjandi samnings. Stjórn OR samþykkti þannig á stjórnarfundi 3. nóvember „að styðja áframhaldandandi þátttöku í einkavæðingarferli filippseyska fyrirtækisins PNOC-EDC og heimilar REI jafnframt að leita eftir þeirri lánafyrirgreiðslu sem þarf vegna verkefnisins“. Eftir frekari vinnslu málsins í tíð 100 daga meirihlutans var að endingu tekin ákvörðun um að draga REI út úr verkefninu án frekari fjárhagslegra skuldbindinga.

Vilhjálmur veit að hvorki ég né Svandís Svavarsdóttir áttum sæti í stjórn OR eða REI í tíð hundrað daga meirihlutans, sem gerir upphrópanir hans um framgöngu okkar enn furðulegri. Við sátum á þessum tíma í stýrihópi borgarráðs, uppteknar við að komast til botns í „REI-málinu“ sem hafði bundið enda á borgarstjóratíð Vilhjálms. Ef Vilhjálmur hefur eitthvað við fjárfestingar REI á Filippseyjum að athuga ætti hann því að líta sér nær.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# SPARI DAGAR 2·0·0·9

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**15% afsláttur**

**af AEG þvottatækjum, kæliskápum, ofnum, helluborðum, gufu-gleypum og ryksugum**

TF1255E / TF1465E

## Elektro Helios ÞVOTTAVÉLAR

Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B · Orkuflokkur: A+

| · 1200 snúningar /mín. | · 1400 snúningar /mín. |
|---|---|
| á **Sparidögum:** | á **Sparidögum:** |
| **89.900,-** | **99.900,-** |

## AEG KÆLISKÁPAR

MIKIÐ ÚRVAL - MARGAR STÆRÐIR
**15% AFSLÁTTUR**

Dæmi:

| Gerð: | Lítrar: | Stærð (cm): | á Sparidögum: |
|---|---|---|---|
| S 70250 KA | 243/00 L | 140x60x63 | **Kr. 112.965,-** |
| S 74270 KA | 236/19 L | 140x60x63 | **Kr. 118.065,-** |
| S 60290 KG | 173/57 L | 149x55x63 | **Kr. 114.665,-** |
| S 60290 KG | 208/61 L | 154x60x63 | **Kr. 107.865,-** |
| S 70300 KA1 | 291/00 L | 160x60x64 | **Kr. 141.015,-** |
| S 70290 DT | 221/70 L | 160x60x63 | **Kr. 124.865,-** |
| S 60270 KG | 176/82 L | 165x60x63 | **Kr. 125.715,-** |
| S 70390 KA | 375/00 L | 180x60x63 | **Kr. 169.915,-** |
| S 60340 KG | 223/93 L | 175x60x63 | **Kr. 124.865,-** |
| S 71320 KG | 221/82 L | 185x60x63 | **Kr. 155.465,-** |
| S 75380 KG | 285/78 L | 201x60x63 | **Kr. 167.365,-** |

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

MEIRIHÁTTAR STÁLTÆKI Í ELDHÚSIÐ

**30% afsláttur**

· AEG OFN [B-3051-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VEGGHÁFUR [8060-D-M]

LISTAVERÐ: 270.700,-
á **Sparidögum:**
**189.900,-**

ÞÚ SPARAR **80.800,- kr.**

≈3 TÆKI =PAKKA≈ TILBOÐ=

**30% afsláttur**

· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VIFTA [DS70-M]

LISTAVERÐ: 304.700,-
á **Sparidögum:**
**209.900,-**

ÞÚ SPARAR **94.800,- kr.**

≈3 TÆKI =PAKKA≈ TILBOÐ=

Tefal

POTTAR OG PÖNNUR
**20% AFSLÁTTUR**

Skullcandy

Heyrnartól
*Magnað úrval!*

**15% AFSLÁTTUR**

## KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Pioneer
BÍLHÁTALARAR
**15% AFSLÁTTUR**

Solis
ÚRVAL MATVINNSLUVÉLA
**20% AFSLÁTTUR**

Emile Henry
FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA
**20% AFSLÁTTUR**

hama

**STAFRÆNN MYNDRAMMI**
*Glæsilegt "slides-show" beint af kortinu*
LISTAVERÐ: 19.900,-
á **Sparidögum:**
**13.900,-**

VÖNDUÐ VEFMYNDAVÉL

LISTAVERÐ: 8.750,-
á **Sparidögum:**
**6.990,-**

VANDAÐIR TÖLVUHÁTALARAR

LISTAVERÐ: 3.350,-
á **Sparidögum:**
**2.990,-**

LC-42DH77

SHARP
42" LCD SJÓNVARP

LISTAVERÐ: 299.900,-
á **Sparidögum:**
**269.900,-**

VELDU VANDAÐ – ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

**ORMSSON**

UMBOÐS-MENN UM LAND ALLT

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **VÍK-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**KENNARA VANTAR STRAX Í RAFIÐNAÐAGREINUM**

um hlutastarf er að ræða á haustönn 2009. Allar nánari upplýsingar veitir Heimir Jón Guðjónsson kennslustjóri í síma 898 5053

**Skólameistari.**

**Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 • Tölvupóstur: fb@fb.is • www.fb.is**

tvölíf

Í boði er skemmtilegt starf sem felst í afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini og öðru sem til fellur s.s framsetningu í verslun og vörumóttöku.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, söluhæfileikum og þjónustulund.
Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg.

**Áhugasamir sendi umsókn á tvolif@tvolif.is**

**WWW.TVOLIF.IS** **HOLTASMÁRA 1**

FISKVERK

Vilt þú vera með okkur í liði?

**Fiskverk óskar eftir**
**BAADERMANNI.**
**Miklir tekjumöguleikar!**

***Samstarf . Gæði . Áreiðanleiki . Afköst***

**Nánari upplýsingar veitir Stefán P. Jones**
**S: 5771522 • stefan@icelandicfresh.is**

kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

**Kokkarnir veisluþjónusta**

Kokkarnir veisluþjónusta leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.

**Starfssvið:**
- Innkaup og pantanir
- Starfsmannahald/mönnun vakta
- Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum
- Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

**FURÐUFISKAR EHF • FUNAHÖFÐA 7 • 110 REYKJAVÍK**



# Hraðbraut nýrra tækifæra

**UMRÆÐAN**
Eyþór Ívar Jónsson skrifar um nýsköpun

EYÞÓR ÍVAR JÓNSSON

Framtíð Íslands verður að miklu leyti að byggjast á nýjum fyrirtækjum. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að skilja að fyrirtæki er einstakt tæki til þess að skapa verðmæti, störf og hagvöxt. Um þessar mundir er flestum umhugað um atvinnu enda er langt síðan atvinnuleysi hefur mælst eins mikið hér á landi og nú. Það er sérstaklega mikið áfall í ljósi þess að atvinnuleysi, umfram svokallað náttúrulegt atvinnuleysi, hefur ekki þekkst á Íslandi um áratuga skeið. Hægt er að skapa atvinnu með margvíslegum hætti og yfirleitt er hin hagfræðilega aðgerð farin að ríkið fari út í vinnuaflsfrekar aðgerðir til þess að skapa atvinnu. Reyndar gætir ákveðins misskilnings um að þessar aðgerðir þurfi að vera fjármagnsfrekar stórframkvæmdir. Stundum felst í þessum aðgerðum verðmætasköpun en oft virðist eins og verið sé að kasta krónunni til að skapa eyrinn. Þó eru til dæmi um verkefni sem hafa endurskapað innviði samfélags og skapað grundvöll til hagvaxtar. Langtímaávinningur er þó ekki meginmálið í efnahagskrísu heldur að koma hjólum hagkerfisins aftur af stað. Engu að síður skiptir það miklu máli í uppbyggingu hvernig störf eru búin til fyrir framtíðarsýn þjóðarinnar.

### Mýs, gasellur eða fílar

Bandarískri hagfræðingurinn David Birch spurði eitt sinn hvers konar fyrirtæki það væru sem sköpuðu störf. Hann bar saman stórfyrirtæki með fleiri en 500 starfsmenn (fíla), smáfyrirtæki með færri en tuttugu starfsmenn (mýs) og ört vaxandi fyrirtæki (gasellur). Í stuttu máli voru það mýsnar og sérstaklega gasellurnar sem sköpuðu störfin. Seinni tíma rannsóknir hafa svo sýnt að mýs og gasellur eru sérstaklega mikilvægar í niðursveiflu þar sem stórfyrirtæki segja þá upp frekar en að ráða starfsfólk. Lykilboðskapurinn í rannsóknum Birch og mörgum seinni tíma rannsóknum á atvinnusköpun er að gasellurnar leika mikilvægasta hlutverkið í atvinnusköpun enda er þörf fyrir ný störf í ört vaxandi fyrirtækjum. Verðmætasköpun þessara fyrirtækja er þó kannski enn mikilvægari. Til þess að vaxa verða þessi fyrirtæki að skapa verðmæti fyrir viðskiptavini. Þá er mikilvægt að leiðrétta misskilning sem oft gætir í umræðunni um gasellur, að fyrirtæki sem vaxa með uppkaupum, kaupum á öðrum fyrirtækjum, eru ekki endilega að skapa ný störf þar sem þau yfirtaka einfaldlega starfsmenn annarra fyrirtækja. Rannsóknir á uppkaupum hafa líka margsýnt að í flestum tilvikum eru uppkaup of dýru verði keypt, sem íslenskir viðskiptamenn eru að læra núna. Verðmætasköpunin tengist miklu frekar innri vexti fyrirtækja; hvernig fyrirtæki skapa til dæmis nýjar vörur og þjónustu sem viðskiptavinir vilja kaupa. Best væri ef slík verðmætasköpun tengdist sjálfbærni frekar en skammtímaneysluhegðun. Þessar gasellur sem skapa bæði störf og verðmæti eru þess vegna draumur hvers hagkerfis.

### Draumur hvers hagkerfis

Gasellur hagkerfisins eru mikilvægar en tiltölulega fáar. Rannsóknir benda til að þær eru yfirleitt ekki fleiri en 2-5% af öllum nýjum fyrirtækjum sem eru stofnuð. Mikilvægi þessara fyrirtækja hefur ýtt af stað rannsóknum sem ganga út á að gera greinarmun á eiginleikum þessara fyrirtækja og annarra sem vaxa hægar. Ein niðurstaða sem hefur komið fram í þessum rannsóknum en margir halda ranglega á lofti er að þessi fyrirtæki snúast ekki endilega um verulega nýsköpun, nýnæmi eða eru hluti af hátæknigeira eða einhverjum nýjum atvinnugeirum. Gasellur geta orðið til í flestum atvinnugeirum og snúast oft miklu frekar um að grípa tækifærið, góð úrræði, framtíðarsýn, tengslanet og skynsamlega notkun auðlinda – þar á meðal starfsmanna. Reyndar hefur orðið til talsverð flóra af kenningum sem fjalla um einkenni slíkra fyrirtækja en engu að síður hefur skapast talsverður skilningur á hvað er mikilvægt að leggja áherslu á til þess að skapa fyrirtæki sem eiga möguleika á að verða gasellur framtíðarinnar. Hér á landi hefur Klak – Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins búið til vettvang fyrir uppbyggingu slíkra fyrirtækja sem nefnist Viðskiptasmiðjan – Hraðbraut nýrra fyrirtækja. Það sem er einstætt við þessa hraðbraut er að hún byggir á þeirri vitneskju sem við höfum um gasellur og ný og árangursrík fyrirtæki. Ísland hefur þar með tekið stökk í frumkvöðlamálum og er að vissu leyti búið að ná upp tíu ára forskoti nágrannaþjóða okkar á þessum vettvangi. Það er hins vegar mikilvægt að þessi hraðbraut verði nýtt eins vel og kostur er til þess að byggja upp fyrirtæki sem geta skapað atvinnu og verðmæti sem eru ekki einungis mikilvæg fyrir Ísland til skamms tíma heldur nauðsynleg fyrir framtíð Íslands.

*Verðmætasköpunin tengist miklu frekar innri vexti fyrirtækja; hvernig fyrirtæki skapa til dæmis nýjar vörur og þjónustu sem viðskiptavinir vilja kaupa.*

*Höfundur er framkvæmdastjóri Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.*

# Eyðilegging á miðbæ Akureyrar

**UMRÆÐAN**
Hjörleifur Hallgríms skrifar um bæjarmál á Akureyri

HJÖRLEIFUR HALLGRÍMS

Heyrst hefur hér á Akureyri og haft eftir einum stjórnarmanni blaðsins Vikudags, að ekki sé æskilegt að blaðið flytji neikvæðar fréttir úr bænum, og dæmi um það er að mér undirrituðum er neitað um að skrifa í blaðið þar sem ég þyki of gagnrýninn penni. En af nægu er nefnilega að taka, sem ekki er ætlast til að komi fyrir augu bæjarbúa þegar meirihluti bæjarstjórnar, skipulagsnefnd og skipulagsstjóri eiga í hlut.

Staðið hefur til hjá meirihlutanum að eyðileggja okkar fallega miðbæ og auðvitað í óþökk allflestra innfæddra Akureyringa. Kynntur hefur verið uppdráttur að skipulagi nýs miðbæjar, sem sýnir, ef af verður, að verði framin hryllileg mistök. Þessi nýi ætlaði miðbær samanstendur af mörgum 3ja og 5 hæða byggingum ásamt síki upp í miðjan miðbæ, sem ekki kemur til með að verða annað en drullupyttur. Svo á að byggja brú yfir og gera Glerárgötuna einbreiða en hún er aðalgatan í gegnum bæinn og er Þjóðvegur 1, þó að Vegagerðin sé ekki búin að samþykkja þessa vitleysu.

Öll ásýnd miðbæjarins og Akureyrar mun stórlega skaðast og aðkoman t.d. frá sjónum eins og steinmúrar að sjá. Einnig myndu þessar byggingar byrgja allt útsýni fram á Pollinn og yfir í Vaðlaheiðina, eins fallegt og það er á að líta. Við þurfum ekki fólk aðkomið til að eyðileggja okkar fallega bæ. Blessunarlega verða sveitarstjórnarkosningar eftir u.þ.b. eitt ár og verður þá hægt að kjósa sanna, innfædda Akureyringa til trúnaðarstarfa, fólk sem hefur virkilega sterkar tilfinningar til síns bæjar og hvernig honum er best farið. Þar sem skipulagsstjóri svarar ekki tölvupósti frá mér fékk ég upplýsingar annars staðar úr kerfinu er segja mér að vinna við skipulagsuppdráttinn muni nema tugum milljóna og á sama tíma er bæjarfélagið rekið með 5 milljarða kr. halla og kostnaður við svokallað menningarhús nálgast 4 milljarða kr.

Þá hefur annað ævintýri litið dagsins ljós, sem sagt er að fyrrv. bæjarstjóri Kristján Þór Júlíusson hafi svikið í gegnum kerfið, svokallaðan vinargreiða, og menn spyrja hvort um atkvæði eða peninga í kosningasjóð hafi verið um að ræða. Þetta er bygging fyrir vaxtarrækt og hliðstæða starfsemi, sem nú hefur stöðvast vegna þess að sagt er að vanti fjármagn en byggingin komin í 700 milljónir og Landsbankinn á að hafa fjármagnað, en ævintýrið virðist ekki vera úti vegna dæmalauss klúðurs í sambandi við lóðaúthlutunina, sem aldrei hafi verið gengið frá. Húsið stendur á lóð sundlaugarinnar en þúsundir mótmælaundirskrifta voru hundsaðar sem og beiðni sundfélagsins Óðins um fullkomna innisundlaug og hefur svæðið þannig verið eyðilagt. Og þá má einnig minna á að meðan ausið er fjármunum í ýmis gæluverkefni þá eru á milli 50 og 60 götur á Akureyri af 300 mjög slæmar eða ónýtar.

Rúsínan í pylsuendanum er e.t.v. sú að nýlega samþykkti meirihluti kaup á húseign fyrir 8 milljónir kr. Þegar betur var að gáð af minnihlutanum kom í ljós að Akureyrarbær hafði greitt fyrir sömu eign þegar húsið var byggt. Hvað þetta á að fyrirstilla þegar ekki er einu sinni hægt að halda götunum í bænum í boðlegu ástandi er næsta óskiljanlegt. Svona er Akureyri í dag, öll lífsins gæði.

*Höfundur er fyrrverandi ritstjóri.*

512 50 50 Auglýsingasími
– Mest lesið

Valensia

Valensia eru ein vinsælustu undirfötin á Íslandi

NÝTT KORTA TÍMABIL

Valensia

Í Hagkaup færð þú fjölbreytt úrval Valensia undirfata
í stærðum sem henta íslenskum konum.
Fegurð, vönduð snið og þægindi eru í fyrirrúmi.

íslensk hönnun

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**ALFRED HITCHCOCK (1899-1980) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Morð í bíómyndum eru öllu jafna mjög hreinleg. Ég sýni hins vegar hve erfitt og sóðalegt verk það er að drepa mann.“*



***Alfred Hitchcock er einn þekktasti kvikmyndaleikstjóri og -framleiðandi allra tíma. Myndir hans eru fleiri en sextíu.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**PETTA GERÐIST: 13. ÁGÚST 1908**

## Gengið á Herðubreið í fyrsta sinn

Á þessum degi árið 1908 klifu tveir menn Herðubreið fyrstir manna. Afrekið unnu Hans Reck, jarðfræðingur frá Þýskalandi, og Sigurður Sumarliðason bóndi. Fjallið hafði fram að því verið talið ókleift.

Hans hafði ferðast um Ísland allt sumarið 1908, byggð og öræfi, og var nýkominn úr Öskju-göngu þegar hann komst upp á fjallið suðvestan megin. Sigurður var á fimmtudagsaldri þegar gangan var farin en faðir hans var mörgum kunnur: Sumarliði póstur - en hann sá um langt skeið um að bera póstinn á Vesturlandi og síðar norður á land.

HERÐUBREIÐ

Hans og Sumarliði hlóðu vörðu er upp á fjallið kom, svo háa að hún sást úr Herðubreiðarlindum. Á fjallinu gerðu þeir nokkrar uppgötvanir, og skar Hans úr um það að Herðubreið væri gamalt útbrunnið eldfjall en ekki jökull - en menn höfðu deilt um það lengi. Að lokum fundu þeir nýja leið frá Herðubreið að Öskju, austan við Vikrafell og í Fjallkonunni, 12. september, 1908, er sagt að sú leið sé „víða góð og greiðfær, svo að þar mætti skreiðríða“.

Herðubreið var valið þjóðarfjall Íslendinga í kosningu fyrir nokkrum árum, en það er 1.682 metra hátt móbergsfjall.

### MERKISATBURÐIR

**1900** Minnisvarði um Norðmanninn Otto Wathne (1844-1898) er afhjúpaður á Seyðisfirði en hann var frumkvöðull í verslun og útgerð í bænum.

**1942** Walt Disney frumsýnir teiknimyndina Bamba í New York.

**1960** Mið-Afríkulýðveldið hlaut sjálfstæði frá Frakklandi.

**1961** Byrjað að reisa Berlínarmúrinn. Múrinn er látinn skilja að Vestur-Berlín og Austur-Þýskaland.

**1985** Þriggja ára drengur frá Dublin er yngsta manneskjan, hingað til, til að fá nýtt hjarta og ný lungu. Aðgerðin fer fram í London.

**1993** Kvikmyndin Júragarðurinn er frumsýnd hér á landi.

†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Sólveig Andrésdóttir**

lést á heimili sínu þann 8. ágúst síðastliðinn.

**Vigfús Birgisson**
**Birgitta Vigfúsdóttir**
**Hjörvar Freyr Hjörvarsson**
**Ísar Hjörvarsson**
**Enok Hjörvarsson**
**Daníel Freyr Hjörvarsson**
**og systkini.**

†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Karl Bóasson**

fyrrverandi lögreglumaður, Rjúpnasölum 14, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala 25. júlí sl., verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 14. ágúst nk. kl. 13.00.

**Halldóra Jóna Stefánsdóttir**
**Emil Brynjar Karlsson** — **Sigrún Sigtryggsdóttir**
**Anna Sigríður Karlsdóttir** — **Bjarni Rúnar Þórðarson**
**Örn Karlsson** — **Siriworraluck Boonsart**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Sigurlaug Sigurðardóttir**

nuddkona, áður til heimilis að Einarsnesi 64,

lést á Vífilsstöðum 8. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 11.00.

**Páll Árni Jónsson** — **Ásdís Björgvinsdóttir**
**Jón Helgi Pálsson** — **Lilja Garðarsdóttir**
**Kristbjörg Pálsdóttir**

†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi og langafi,*

**Guðmundur Magnússon**

byggingameistari, Akranesi,

er lést á Sjúkrahúsi Akraness 31. júlí, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju 14. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Oddfellowstúkurnar á Akranesi eða Sjúkrahús Akraness.

**Ástríður Þ. Þórðardóttir**
**Emil Þór Guðmundsson** — **Guðbjörg Kristjánsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir** — **Gunnar Sigurðsson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** — **Jón B. G. Jónsson**
**Þórey G. Guðmundsdóttir** — **Leifur Eiríksson**
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR:** ER NÝR SKÓLASTJÓRI LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS

# Horfið aftur til gömlu góðu gildanna í dansþjálfuninni

„Það er mjög spennandi starf að taka við Listdansskólanum enda hefur hann í gegnum tíðina verið kunnur fyrir gæði og mikil þekking býr meðal starfsliðs hans,“ segir Lára Stefánsdóttir en hún tók formlega við starfinu síðastliðið vor. Nú er hennar fyrsta skólaár í stöðu skólastjóra að hefjast en Lára er einn okkar fremsti dansari og danshöfundur og hefur unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín. Lára lauk meistaranámi í kóreógrafíu við Middlesex University í London vorið 2006 en hún hefur starfað sem atvinnudansari frá árinu 1980, þar af í ein 22 ár með Íslenska dansflokknum.

Lára segir að hún muni halda uppi þeirri stefnu skólans að efla gæði dansins með því að gera kröfur og viðhalda aga en um leið megi ekki gleyma að hafa starfið skemmtilegt. „Þetta verður nefnilega líka að vera gaman og dansgleðin er í raun númer eitt, tvö og þrjú. Við reynum að hugsa okkur, nemendur og kennara, sem eina heild - að allir séu að vinna að sama markmiði og áhuginn komi innan frá.“

Lára segir einverra áherslubreytinga mega vænta undir hennar stjórn. „Við hyggjumst leggja áfram áherslu á klassíska grunninn og formið sem er afar mikilvægt í góðum dansi. Þannig að það er spennandi að einblína á að styrkja gæði dansins - undirstöðurnar. Þjálfunin í nútímalistdansinum og klassíska dansinum munu haldast þétt í hendur því að öll góð dansþjálfun styrkir hvort tveggja. Hraðinn er að minnka í þjóðfélaginu og margt er að hverfa aftur til gömlu, góðu gildanna. Það má ef til vill segja að það sama eigi við í dansinum. Við ætlum einnig að efla lifandi tónlistarflutning í danssýningum skólans í samstarfi við tónlistarnemendur.“ Nú þegar eru samstarfsviðræður hafnar við Tónskóla Sigursveins.

Síðasta vetur voru um 150 nemendur í skólanum en nýtt skólaár hefst senn og inntökupróf í skólann, á grunnskóla- og framhaldsstigi, verða nú á laugardaginn í húsnæði skólans að Engjateigi. „Ég vona að sem flestir, sem áhuga hafa á listdansinum, komi og þreyti inntökupróf, bæði strákar og stelpur.“ Yngri nemendur, 9-12 ára, verða milli klukkan 11 og 12 en 12-15 ára hópurinn er frá 12 til 13 í prófum. Gott er að nemendur skrái sig áður og hægt er að gera það rafrænt á www.listdans.is. En hvað þarf góður dansari að hafa til brunns að bera og hvað gefur listdansnám nemendum? „Góður dansari þarf að hafa áhugann, að vilja fara inn í þessa erfiðu en skemmtilegu vinnu og einnig hjálpar þolinmæðin - ekkert gerist á einum degi. Gott tónlistareyra, góð samhæfing hreyfinga, ástríða fyrir dansinum og það að kunna að hlusta á líkamann er líka mikilvægt. Dansinn er svo frábært veganesti í framtíðinni - jafnvel þótt nemendur hætti að dansa, hann lifir innra með okkur samt og einstaklingar sem læra dans læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og dansinum sem slíkum.“

**GAMAN AÐ FYLGJAST MEÐ FRAMFÖRUM NEMENDA** Lára Stefánsdóttir, skólastjóri Listdansskóla Íslands, segir alltaf skemmtilegast að fylgjast með dönsurum skólans ná jöfnum og þéttum framförum, en mikla þolinmæði þurfi í námið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það sem gefur Láru sjálfri mest í hennar starfi segir hún tengjast því að sjá framfarir hjá nemendum. „Það erfiðasta er svo það að öll erum við ólík og höfum ólíkar þarfir. En um leið er það verkefni - að vinna að því að sem flestir séu sáttir, líði vel og að dansnámið skili sem bestum árangri.“

**juliam@frettabladid.is**

### AFMÆLI

**PÁLL BERGÞÓRSSON,** fyrrum veðurstofustjóri, er 86 ára.

**SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR** prófessor er 57 ára.

**SIGURÐUR GÍSLI PÁLMASON** framleiðandi er 55 ára.

**ODDGEIR EINARSSON** lögfræðingur er 32 ára.



**ANTÍKLOKKAR** Eyrnalokkarnir Magnetic Memories eftir fatahönnuðinn Bryndísi Sveinbjörnsdóttur eru búnir til úr segulbandi og antíkperlum og fást í fjölmörgum litum. Útsölustaði er hægt að finna með því að slá inn leitarorðin Magnetic Memories á Facebook.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



Grillbúðin
www.grillbudin.is

Nýtt kortatímabil

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

64.900
FULLT VERÐ 74.900

16,5 kw/h

· Mikil orka 16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Mjög sterk viðargrind með hillu að framan og á hliðum
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 149 x 110 x 60 cm
· Þrýstijafnari & slanga fylgja

LANDMANN er frá Þýskalandi

Mikið úrval vandaðra gasgrilla frá þýskalandi

Hlíðasmára 13, 201 Kóp - Sími 554 0400



Signature húsgögn

Útsalan er hafin!

Signature húsgögn

Opið
Mán. - Fö. 12-18
Lau 12 -16

Fiskislóð 45, 101 Rvík - S. 771 3800 - www.signature.is

Rúna segist eiga mikið af sokkabuxum með mismunandi munstrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eignaðist buxur tólf ára

**Rúna Sigurðardóttir deilir áhuga sínum á tísku með foreldrum sínum. Hún gengur í fötum af mömmu sinni, finnst skemmtilegt að pabbi hennar hugsi um tískumerki og hefur sjálf áhuga á götutísku.**

„Mér finnst þetta góð blanda. Ég fer oft í þessi föt þegar ég klæði mig upp á," segir Rúna Sigurðardóttir viðskiptafræðinemi. „Mér finnst kjóllinn sérstaklega sýna strauminn í tískunni í dag. Gagnsæ efni eru í tísku."

Rúna segist oft nota fötin. „Ég fékk jakkann fyrir fjórum árum og mér finnst hann enn þá jafn flottur. Ég vinn mikið með Oroblu-sokkabuxur og á stórt safn af þeim. Kjóllinn er nýr en ég hef notað hann mikið. Skórnir eru meira spari. Þetta eru gullskór og ekki endilega fyrir íslenskt veðurfar," útskýrir Rúna sem segist eiga þá með mömmu sinni sem fékk þá í Eistlandi.

Innt eftir því hvort Rúna eigi fleiri föt með mömmu sinni segir hún: „Við deilum helst skóm. Mikill aldursmunur er á okkur þannig að við höfum ólíkan smekk en ætli ég fái ekki tískuáhugann frá foreldrum mínum," segir Rúna. Hefur pabbi þinn þá líka áhuga á tísku? „Já, mikinn. Hann hugsar mikið um merki og föt. Það er mjög skemmtilegt," segir Rúna hlæjandi.

Rúna segist sjálf alltaf hafa haft áhuga á tísku. „Mér finnst gaman að hugsa um í hverju ég á að vera og hverju aðrir eru í. Ég hef gaman af götutísku. Mér finnst langskemmtilegast að fylgjast með í hverju fólk gengur dags daglega, ekki endilega að skoða hátískuna," segir Rúna og heldur áfram: „Ég skoða mikið tískublogg þar sem stelpur á Íslandi og erlendis tala um tísku," upplýsir Rúna og bætir við að nýlega hafi hún stofnað tískublogg á síðunni www.fashion-flux.blogspot.com.

Rúna segir stíl sinn vera mjög breytilegan. „Hann fer algjörlega eftir því í hvernig skapi ég er og náttúrulega veðri. Ég get ekki sagt að ég hafi einn ákveðinn stíl," segir Rúna sem að sögn eignaðist ekki buxur fyrr en hún varð tólf ára. „Ég var þekkt fyrir að vera alltaf í pilsum og kjólum og fékk mikið af fötum send frá frænkum mínum í Bandaríkjunum."

*martaf@frettabladid.is*


VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðuþurrkublöð, ljósaperur ofl.

Shell HELIX

Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

# TÍSKA

**HBE FASHION** er ný vefverslun sem býður upp á tískufatnað frá Japan fyrir dömur á öllum aldri. Fatalínan hefur farið sigurför um Asíu og fengið góðar viðtökur víða í Evrópu en hún er sögð vönduð og stílhrein og á góðu verði. Nánar á www.hbefashion.is.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Hárið í haust

**Það er hægt að ganga að minnst þremur hárgreiðslum vísum núna í vetur en tískuspekúlantar hafa samþykkt stutt hár, sítt og liðað og svo klassískt tagl sem hártísku vetrarins.**

Stutt hár hefur komið sterkt inn síðustu misserin og það góða við það er að síddir allt frá eyrum niður að öxlum þykja jafnheitar. Einnig eru ýmsar útgáfur af stuttu greiðslunni leyfilegar, hvort sem er frjálst og ruglingslegt eða í föstum skorðum - rennislétt með þungum topp a la Vogue-drottningin Anna Wintour.

Greiðslan þar sem stórir liðir byrja við eyrun og hrynja niður bakið hefur verið vinsæl þó nokkuð lengi. Madonna sjálf skartar greiðslunni á tónleikaferðalagi sínu um þessar mundir og það þykir mörgum gefa ákveðinn tískustimpil enda Madonna sjaldnast í því gamla eða síðasta.

Taglið kom, sá og sigraði í ár og á tískupöllunum mátti sjá módel helstu tískukónga og -drottninga skarta stífu rennisléttu tagli, ýmist hátt sett upp eða lágt. Hárgreiðslan dregur athyglina að fallegum löngum hálsi og getur hentað hversdags jafnt sem spari.

*juliam@frettabladid.is*

Madonna hefur nú í sumar sett aukaliði í hárið.

Faye Dunaway og fleiri leikkonur gerðu stutta hárið afar vinsælt. Hér er Faye í Bonnie and Clyde.

Sienna Miller mætir á frumsýningu G.I. Joe með hárið tekið saman í sítt tagl.

Audrey Tautou er stuttháerð um þessar mundir og með frjálslega útgáfu af einni heitustu klippingu vetrarins.

Módelin á tískuvikunni í Mílanó sýndu að það má gjarnan setja hárið í tagl í vetur.


**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**

**Plokkari með ljósi**

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

**TIL SÖLU** 135 mm þykkar límtréseiningar og annað efni í fullbúinn 99 ferm. sumarbústað (án innréttinga) Finnskt gæðaefni
**uppl. í síma 896-0423**

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið


# Skór í anda Burgundys

**Rauðir skór sem sóttir eru í smiðju fréttalesarans Rons Burgundy.**

Will Ferrell sem Ron Burgundy.

Nike hefur sent frá sér nýja týpu af skóm. Hönnuðir sóttu innblástur til fréttalesarans Rons Burgundy, úr kvikmyndinni Anchorman, sem Will Ferrell túlkaði.

Skórnir, sem eiga að passa við jakkafötin sem Burgundy klæddist, þykja ekki sérlega fallegir. Þeir eru gerðir úr rauðu rúskinni, með röndóttu pólýester-mynstri, hvítu leðri og gulu Nike merki. En það var vísvitandi gert.“ Við vitum að skórnir eru ljótir,“ segja framleiðendurnir meðal annars á heimasíðu sinni. Skórnir fást aðeins í takmörkuðu upplagi og verða einungis seldir í Japan.


MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
**LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR**
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Í skugga meistara Diors

Í dag leggja tískuhönnuðir mikið upp úr ímynd sinni og í glamúrheimi er nauðsynlegt að vera í slúðurblöðunum, ekki síður en í tískublöðunum og ekki er verra að láta sjá sig með þotuliðinu á réttum stöðum. Í dag er varla talað um tískuhús Diors nema að minnast á John Galliano í sömu setningunni og markaðssetningin gengur óneitanlega mikið út á sviðsetningu hans sjálfs. En sú var tíðin að varla nokkur maður þekkti hönnuð Diors og það um nærri þrjátíu ára skeið. Árið 1961 tók Marc nokkur Bohan við af Yves Saint Laurent sem listrænn stjórnandi Dior en Saint Laurent tók við stjórnartaumum eftir sviplegt fráfall meistara Diors 1957 en var svo kvaddur í herinn. Líkur má reyndar að því leiða að þetta hafi orðið til þess að Saint Laurent opnaði sitt tískuhús þar sem að eigendur Diors vildu ekki fá hann til baka en það er önnur saga.

Þrátt fyrir að varla nokkur maður þekki í dag Marc Bohan má þó rekja til hans ýmsar nýjungar í tískuheiminum. Á þessum tíma blómstraði tískan eftir mögur ár eftir seinna stríð. Þetta var tími endurkomu Coco Chanel, Hubert de Givenchy var vinsæll og fjöldaframleiddur fatnaður frá tískuhúsunum var nýjung sem opnaði mörgum sem ekki höfðu efni á hátísku möguleika á hönnun frá þeim frægustu. Bohan var fyrstur í hópi frægustu hönnuða að hanna barnalínu árið 1967 með Baby-Dior fyrir 0-3 ára, sama ár og Miss Dior kom á markað sem var tískulína ætluð yngri konum og þótti merk nýjung. Þremur árum seinna var það herralínan Monsieur Dior sem kom á markað og sömuleiðis fyrsta herrailmvatnið frá Dior, Eau Sauvage, ásamt raksápu og talkúmi en það styrkti markaðsstöðu tískuhússins um heim allan. Forveri metrósexualmannsins var orðinn til.

Bæði 1983 og 1988 fékk Marc Bohan fræg tískuverðlaun en að vanda hlédrægur tók hann við verðlaununum klæddur hvítum vinnusloppi, ásamt samstarfsfólki sínu, hinn algjöri Anti-Galliano. Hann sagði sjálfur nýlega, nú rétt fyrir 83 ára afmælið, að markmið hans hefði alltaf verið að vera verðugur arftaki Christians Dior.

Í hátískunni klæddi Bohan kynslóðir af stjörnum og prinsessum eins og Grace af Mónakó sem tískuáhugamenn muna eftir í stórkostlegum útsaumuðum kvöldkjól eða dóttur hennar, Caroline á áttunda áratugnum í frægri dökkblárri buxnadragt með hvítum röndum og stórum axlapúðum, Elisabeth Taylor var mynduð í eggaldinlitri dragt frá Dior og fleiri mætti nefna eins og Mariu Callas.

Dior-safnið í Granville í Normandí-héraði helgar sumarsýningu sína Marc Bohan og starfi hans. www.musee-dior-granville.com.

Fyrirsætan Prunelia í kjól eftir Marc Bohan í París árið 1968.

# Smekkleg hjón

**Obama-hjónin eru með tískuna á tæru ef marka má nýjasta lista Vanity Fair yfir best klæddu konur og karla heims.**

Bandarísku forsetahjónin Barack og Michelle Obama slá Hollywood-stjörnur á borð við Angelinu Jolie út af nýjasta lista Vanity Fair yfir best klæddu konur og karla heims. Forsetinn kemst í fyrsta skipti á blað en Michelle hefur verið þar tvívegis áður.

Þótt Angelina Jolie sé ekki lengur á lista þá virðist sambýlismaður hennar, Brad Pitt, enn þá tolla í tískunni. Aðrar stjörnur á listanum eru Penélope Cruz, Anne Hathaway og James Bond-stjarnan Daniel Craig.

Obama-hjónin eru þó ekki eina fólkið úr röðum ráðamanna sem þykir flott í tauinu því að Michael Bloomberg, borgarstjóri New York-borgar, og franska forsetafrúin Carla Bruni-Sarkozy þykja einnig smart. *- ve*

Michelle Obama hefur löngum þótt smart en þetta mun vera í fyrsta skipti sem forsetinn kemst á blað.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Dressuð upp í pappír

**Listilega vel gerðir rússneskir pappírskjólar.**

Pappír er kannski ekki efni sem hefð er fyrir að nota í kjóla. Í júlí/ágúst-útgáfu franska tímaritsins L'Officiel mátti hins vegar líta ótrúleg sköpunarverk tveggja rússneskra hönnuða.

Þar voru á ferðinni Alexandra Zaharova og Ilja Plotnikov undir merkjum Doberman. Þau bjuggu til kjóla og fylgihluti úr pappír þannig að úr urðu hreinustu listaverk. Hér eru nokkur dæmi um kjólana sem birtust á síðum tímaritsins í sumar.



Sköpunarverk Zaharova og Plotnikov.

Ótrúlegustu form má móta úr pappír.


B/A/S/L/E/R



Síðustu dagar útsölunnar.

Enn meiri verðlækkun!

Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

Skipholt 29b
S. 551 0770

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Ný sending

Kjólar
Skokkar
Jakkar
Buxur
Peysur

20% afsláttur
Fimmt. - laugard.

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Selena
er flutt í Hæðasmára 4
í sama hús og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.

Útsalan hafin
25-50% afsláttur af völdum vörum

Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is

NÝ SENDING
Sumarfrakkar
Áður 19.900
Nú 12.900
Stærðir 10-24
2 týpur
Litur: svart

COSMO
Kringlunni

FORD

**FOCUS TREND 1.6i**
Árgerð 2005, ekinn 44 þ.km,
bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.850.000**

FORD

**EXPLORER SPORT TRAC XLT**
Árgerð 2004, ekinn 92 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**

SUZUKI

**SWIFT SPORT 1.6i**
Árgerð 2006, ekinn 43 þ.km,
bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.890.000**

PEUGEOT

**407 SR 2.0i**
Árgerð 2005, ekinn 28 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.090.000**

VOLVO

**S40 2.4i**
Árgerð 2004, ekinn 55 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**

PEUGEOT

**107 TRENDY 1.0i**
Árgerð 2007, ekinn 16 þ.km,
bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.590.000**

HONDA

**JAZZ LS 1.4i**
Árgerð 2005, ekinn 42 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.690.000**

HONDA

**CR-V EXECUTIVE**
Árgerð 2007, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.050.000**

HONDA

**CIVIC 1.8i ES**
Árgerð 2006, ekinn 60 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.250.000**

Skoðaðu úrvalið af notuðum bílum á
www.bernhard.is/notadir

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11
Sími 551 7171 • www.bernhard.is

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn

STARCRAFT 2102. Árgerð 2006, Verð 1.490.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Hefur áhuga á skiftum fæst gegn góðu staðgreiðsluverði Allt að 100% lán

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

TOYOTA LAND CRUISER 100 VX. Árg 1998, ek.135 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. xenon Verð 2.380þ Rnr.127849 Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

FORD E350 ECONOLINE 6,0 v8 dísel Árg 2006, ek 26 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.980þ skoðar öll skipti!! Rnr.101850 Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

PEUGEOT 206 Sýningarbíll ÁG ek. 8 þ.km, BENSÍN, 5 gírar.4x Dvd skjáir, 14 Hátalara ( c.a. 6500 Wött ) sound system frá KENWOOD, heildar magnarar 6200 Wött. Neon ljós undirvagni, Nítró kútur,Körfustólar, Útvíkkanir (mikið breitt boddí.)ofl, Áhvl 2.2 afb.25þ Rnr.101848 Óskum einnig eftir bílum á staðinn og á söluskrá!!

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

TOYOTA YARIS TERRA, 5 Dyra, árg 8/2005, ek 91.þ km, Beinskiptur 1.0L, Sk 2010, Verð 980.þ áhv 610.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

DODGE RAM 1500, árg 2002, ek 108. þ km, Sjsk, 5.9L V8, 20" Álfelgur, Pluss áklæði, Rafmagn í rúðum, Lok á Palli, Opnanlegur afturgluggi, Verð 1.750.þ áhv 1.600.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

## Bílar til sölu

Renault Laguna '99 sk. '10 ek. 140þ. km. Rúmgóður, góður bíll. Ásett v. 390 stgr. 300þ. S. 846 7265.

**Nú er tími notaðra bíla**
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Trooper '98 ek. 118þ. 35", toppbíll. Verð 890þ. Uppl. í s. 663 0710.

Til sölu WV Póló árg. '97 grænn 3- dyra 1,4 beinsk ek.111 þús. nýsk. Toppbíll verð 225þús. s. 892 7852.

Toyota Tundra Double Cab SR5 .Á götuna 2.2008 ek. 2.000 míl. 5,7 bensín ssk. 20"álfelgur,leðuráklæði + fl.fl.Sem nýr.ath skipti ód. sími 844 7691.

Subaro legacy '97 árg. ek. 180.000 beinsk. dráttark. cd. nýtt púst. og fl. ásett verð 570.000 tilboð 350.000 þús. topp bíll. Sími 663 9714.

VW Polo árg. '00 1.0 ek. 132þ. Nýsk., Verð áður 450 nú 340þ. S. 861 7642.

Til sölu MMC Pajero árg. '93, V6 3000, góður bíll, nýskoðaður. S. 694 9911 & 699 3737.

Reunolt Clio '98 Smá bilaður, fer á 40 þús. kr. Uppl. í s. 866 9103.

## 0-250 þús.

Hyundai Sonata árg. '99 sjsk., ek. 180 þús. Þarfnast lagfæringa. V. 55 þús. S. 891 9847.

## 250-499 þús.

Til sölu Wv Golf comfortline station 4x4. Bensín. Árg. 2000. Ekinn 171 þús. Dráttarkúla. Sk. 2010. Ekkert áhv. Ásett verð 480 þús. Uppl. í síma 899 8703.

TOYOTA YARIS SÓL '99 VÉL 1.0 BSK GRÁR NÝSKOÐAÐUR EK175 MJÖG GÓÐUR BÍLL S.8482772

## 2 milljónir +

Til sölu Chrysler 300C SRT8 árg.'06. Geggjaður bíll! Verðtilboð 4.590 þ. Góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.

## Bílar óskast

**Diesel Jeppi óskast**
Er að leita af diesel jeppa Musso, Isuzu Trooper, Pajero, Toyota 4runner, Terrano eða sambærilegt má þarfnast lagfæringa eða skoðunnar. Borga allt að 300.000- fyrir bíl skoða allt uppl síma 861 7600 .

**0-200 STAÐGREITT!!!**
Óska eftir bíl á 0-200 þús., helst skoðaðan enn má þarfnast smá lagfæringar. s. 691 9374.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

Vantar bíl 0-120 þús. Má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. S. 857 9326.

Óska eftir Volvo S40 árgerð 1998 til 2000. Er tilbúinn að staðgreiða 500 þúsund. S: 864-9319

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Fornbílar

**Fornbíll í sérflokki**
Buick 87 árg. 1931 einn sá eigulegasti á landinu. Tilboð óskast ! Upplýsingar 771 1936.

## Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól

Kínversk vespa árg. '09 125cc til sölu. Ek. 800km. Verð 300þ. TILBOÐ. S. 898 2820.



Til sölu Honda Goldwing 1500 árg 92 verð 1200 þús Gunni 8226350

BLUEMOUNTAIN

Enduro ferð um helgina sem þú mátt ekki missa af ! Við hjólum um Suðurlandshálendið og leggjum af stað frá Hólaskógi á laugardaginn kl. 10:00. Innifalið í ferðinni er gisting, matur, leiðsögumaður, fylgdarbíll og mikið fjör. Þú getur komið á þínu eigin hjóli eða leigt af okkur KTM enduro hjól. Verð kr. 52.000,- ef þú færð hjól hjá okkur, annars kr. 22.000,- Hringdu núna í S. 5787860og pantaðu pláss. www.bluemountain.is Ekki missa af þessari ferð !

Til sölu Honda CBF 600 árg 08 ekið 5500 km verð 1 millj Gunni 8226350



Yamaha V-Star 650 custom 2006, ekið aðeins 1650 mílur. Nýr geymir og tengi. Verð 850 þ. uppl. 660 3853

Motor sport

Haustútsla á þessum fallegu vespum. Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Verð áður 298,000.- með skráningu, nú 249.000.- með skráningu. Aðeins 7 stk eftir.

City Runner Ítalskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, bláar, svartar+ silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn ál plötur á gólfi. Kassi fylgir með. Verð aðeins 245.000.- Nú á tilboðsverði á 188.000 með skráningu. Aðeins 3 stk eftir.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Fjórhjól

Er með Can-am 800 tveggja manna götuskráð hjól. Spil, skyggni, hiti í handföngum, Big Horn 26" dekk, spacerar fyrir bílfelgur, taska, dráttarkúla, álfelgur. Verð.1,850,000kr Samskonar hjól og á mynd. S.896 1312.

## Hjólhýsi

Til sölu Adria 663 KP árg 08 m/fortjaldi sólarsellu og auka rafgeymi verð 4,3 millj Gunni 8226350

## Fellihýsi

Til sölu Palomino Colt árg. '03. Markísa, kæliskápur, eldavél og fl. Verð 750 þús. s. 868 6422.

Fellihýsi coleman '99 árg. 8 fet, fortjald, gashitari, geseldavél. Búið að endurnýja margt. Í topp standi. Ásett verð 590.000 tilboð 490.000 þús. Sími 663 9714.

Til Sölu 2005 árg af Fleetwood Resolute 10 feta plús geymslukassi. Sólasella, heitt vatn, fortjald o.fl S:6643269

## Bátar

Til sölu bátur. Strandveiðar, svæði, Höfn, Faxaflóa. Uppl. í s. 862 6340.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**VW, Skoda S. 534 1045**
Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Netpartar-Partasala**
**S. 486 4499 & 486 4477**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla! www.netpartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Bílvél óskast !!! Óska eftir að kaupa vél í Peugeot Boxer húsbíl árg. 1995 - 2,5 TURBO DIESEL. Upplýsingar í síma 861-4384 eða 891-1150

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

## Þjónusta

SÁ Verklausnir ehf
Alhliða garðaþjónusta og lóða frágangur.
Gerum föst verðtilboð.
Þökulagning -Hellulagning - Jarðvegsskipti
Hreinsun - sláttur - klipping
Frekari uppl. hjá Sigurði í s. 897 3057
eða á heimsíðu:

reykjavík jazz

20 dagar

20 ár / 20

13. ágúst - 1. september 2009

www.reykjavikjazz.is

PORT hönnun

# DAGSKRÁ 13.– 19. ÁGÚST

## 13

### 20.00 Norræna Hús

Jazzhátíðar Reykjavíkur sett í 20. sinn.
Opening Ceremony of the 20th Reykjavik Jazz Festival

### 22.00 Rósenberg

Passport check -Upphafshóf fyrir listamenn og korthafa.
Opening party for artists and festival passholders.

## 14

### 16.13 Rúv 1 - live

Bein jazzútsending úr Útvarpshúsinu Efstaleiti 1.
Live Jazz on Rúv 1 -FM 93.5
Open house at Efstaleiti 1.

### 20.00 Iðnó

Einn! Franski bandoneonleikarinn Olivier Manoury.
Solo! Olivier Manoury
Tveir! Jón Páll Bjarnason og Agnar Már Magnússon.
Duo! Guitar and piano.

### 22.00 Rósenberg

Fusion kvartett.
The bassplayer Bjarni Sveinbjörnsson leads his quartet.
Ásgeirs Ásgeirsson: frumsamin ný jazztónlist
Original new music.

## 15

### 16.00 Ingólfstorg

Stórsveit Tónlistarskóla FÍH undir stjórn Samúels J. Samúelssonar.
Student Big Band conducted by Samuel J. Samuelsson.

### 22.00 Rósenberg

Reginfirra. Ungir, ferskir og spilaglaðir.
Absolute Nonsense. pack of fresh young jazz-meat.
Ásgeirs Ásgeirsson: frumsamin ný jazztónlist
Original new music.

## 16

### 12.00 Dill Restaurant

Hádegisjazz
Live Jazz at Noon

### 17.00 Basil og Lime

Síðdegisjazz í tjaldinu hjá Basil og Lime Klapparstíg
Afternoon jazz at Basil and Lime Restaurant.

### 16.00 Kjarvalsstaðir

Jazzóður. Opnun. Lifandi músík og lifandi myndlist.
Jazz Madness!
The opening of an exhibition featuring jazz in icelandic art. Live music.

### 20.00 Norræna Hús

Ktríó: Kristján Martinsson, Pétur Sigurðsson og Maggi trymbill.
K trio: Iceland's young jazz comets!
MMM Svíþjóð: Michael Edlund, Fabian og Josef Kallerdahl.
MMM Trio: Intimate approach to jazz.

### 22.00 Rósenberg

Moses Hightower og Asamasada
R&B with icelandic lyrics.
Masada influenced stringtrio.

### 23.00 Kúltúra

Bop 'till you drop

## 17

### 12:00 Gerðuberg

Jazzsmiðja Jazzhátíðar Reykjavíkur
Hádegistónleikar
Jazz Festival Workshop
Concert at noon

### Kjarvalsstaðir

14-16 Jazz smiðja – Open workshop
16-17 Masterclass – Open masterclass / Jim Black dicusses his music.

### 20.00 Djúpið

Jazzkvissið sló í gegn á siðustu Jazzhátíð Reykjavíkur. Jazzlögreglan spyr leiðandi spurninga í yfirheyrslum sínum.
Local jazz enthusiasts team up as the Jazz Police asks leading questions.

### 22.00 Rósenberg

Viðfjarðarundrin. Davið Þór Jónsson, Guðmundur Pétursson, Eðvarð Lárusson, Þórður Högnason og Birgir Baldursson.
The Wonders of Viðfjörður! Impossible to describe.

## 18

### 12:00 Gerðuberg

Jazzsmiðja Jazzhátíðar Reykjavíkur
Hádegistónleikar
Jazz Festival Workshop
Concert at noon

### Kjarvalsstaðir

14-16 Jazz smiðja – Open workshop
16-17 Masterclass – Open masterclass / Hilmar Jensson dicusses his music.

### 20.00 Djúpið

Icons of Jazz:
DVD kynning Smekkleysu
Bad Taste Record shop presents the new dvd Icons of Jazz series

### 21.00 Rósenberg

Andrés Þór Tríó. Útgáfutónleikar.
Guitarist Andres Thor celebrates his new album "Blik"
Andleg skelfing Ari Bragi Kárason trompetleikari og félagar.
Mental Terror! Beauty and colors.

## 19

### 12:00 Gerðuberg

Jazzsmiðja Jazzhátíðar Reykjavíkur
Hádegistónleikar
Jazz Festival Workshop
Concert at noon

### Kjarvalsstaðir

14-16 Jazz smiðja – Open workshop
16-17 Masterclass – Open masterclass / Benjamin Koppel dicusses his music.

### 20.00 Iðnó

Þorvaldur Þór Þorvaldsson: Útgáfutónleikar.
Drummer Thorvaldur Thor hosts a CD release concert celebrating his first solo venture.

### 21.00 Rósenberg

**Jazzsmiðja / Jazz Workshop**
Efnilegustu ungu íslensku!
Promising Icelandic jazz talent

### 22.00 Kúltúra/Múlinn

Duet: Benjamin Koppel alto sax, Eyþór Gunnarsson piano.

# List augnabliksins

Saga jazzins á Íslandi er ekki mjög gömul. Svo ung reyndar að nokkrir hjómlistarmenn sem jafnan eru kenndir við upphaf hans eru enn á meðal okkar og reyndar rétt búnir að draga sig í hlé af vettvangi.

Skilin á milli dans- og jazzspilamennsku voru ákaflega óljós í upphafi spunalistarinnar hér á landi og fram eftir öldinni tíðkaðist það gjarnan að danshljómsveitir léku jazz á meðan gestir voru að koma sér á böllin. Í dag heyra eiginlegar danshljómsveitir sögunni til, en í staðinn hafa komið vinsælar popphljómsveitir sem leika eingöngu eigin tónlist á samkomum sem vega salt á milli þess að vera tónleikar eða ball.

Pétur Grétarsson djasshátíðarstjóri.

Spuninn hefur líka fundið sér nýja farvegi og birtingarform. Það er löngu liðin sú tíð að svíngtaktur frá fyrri hluta aldarinnar nægi almennum hlustanda til að viðurkenna músík sem spuna. Spunaormar nútímans vinna sína vinnu jafnt með efni úr rokktónlist, sígildri tónlist, elektróník eða hverju sem er nánast. Það sem áfram gildir er að fanga list augnabliksins, bregðast við músík hinna í hljómsveitinni, ómnum í salnum, viðbrögðum áheyrenda.

Jazz er stórt hús með mörgum herbergjum, eða ættum við að segja að þegar við opnum mörg ólík tónlistarherbergi í einu, þá sé jazz. Á viðsjárverðum tímum er gott að opna eyrun fyrir tónlist sem er að langmestu leyti laus við gildishlaðna texta. Láta hugann reika og gleyma sér við tónlist sem hver og einn heyrir á einstakan hátt og mátar við eigin tilveru. Það er nærri lagi að á yfirstandandi hátíð sem verður sú lengsta frá upphafi, heilir 20 dagar í tilefni tuttugustu hátíðarinnar - sé boðið upp á hartnær 50 viðburði. Og það lætur einnig nærri að við sögu komi vel flestir sem eitthvað hafa gefið sig að jazzi, hvernig sem hann er spunninn. Góða skemmtun á Jazzhátíð Reykjavíkur 2009.

*Pétur Grétarsson*

Ólafur Þórðarson stýrði Norrænum útvarpsdjassdögum í Reykjavík sem voru fyrst haldnir árið 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Margir gullmolar í safn

**Þegar Norrænir útvarpsdjassdagar í Reykjavík voru fyrst haldnir árið 1990 stýrði Ólafur Þórðarson hátíðinni, sem markaði upphaf Djasshátíðar Reykjavíkur. Hátíðin var einkar blómleg og skildi eftir sig marga gullmola.**

„Árið 1988 höfðu Svíar samband og buðu til Norrænna útvarpsdjassdaga í Svíþjóð þar sem átti að vera ein hljómsveit frá hverju Norðurlandanna og okkur hjá Ríkis-útvarpinu tókst að koma út einni hljómsveit. Þegar við framleiðendurnir frá öllum Norðurlöndunum vorum síðan að ræða um hvort hægt væri að halda þessu áfram var ég spurður hvort ég gæti verið með hátíðina árið 1989 á Íslandi. Ég sagðist nú ekki geta það en bauðst til að stýra hátíðinni árið eftir, án þess að hafa nokkuð leyfi til þess," segir Ólafur Þórðarson kíminn en hann stýrði Norrænum útvarpsdjassdögum í Reykjavík í fyrsta skipti árið 1990.

„Þá var hátíðin haldin í maí og stóð í heila viku. Ég lagði áherslu á að fá blásara frá Norðurlöndunum en á þeim tíma var starfandi Stórsveit Ríkisútvarpsins og var þetta hennar síðasta starfsár, að ég held," útskýrir Ólafur en hann setti saman samnorræna stórsveit í fyrsta skipti og hefur það ekki verið gert síðan. „Þetta var 22 manna sveit með hljóðfæraleikurum frá öllum Norðurlöndunum og var þetta ótrúlega skemmtilegt," bætir hann við. Tónleikar voru í boði á hinum og þessum stöðum í bænum og að sögn Ólafs var mikið fjör og gaman. „Djassað var í öllum hornum í heila viku og fólk hafði mjög gaman af því hvað þetta var aðgengilegur og skemmtilegur djass," segir hann með blik í augum.

Norrænu djassdagarnir urðu til þess að menn sáu að mögulegt væri að halda djasshátíð í Reykjavík og var hátíðin því undanfari Djasshátíðar Reykjavíkur. „Áður en þetta var sögðu menn einfaldlega að það væri ekki hægt að halda svona hátíð í Reykjavík en raunin varð nú önnur. Þetta gekk afskaplega vel og því var haldið áfram. Nú eru liðin tuttugu ár frá fyrstu stóru hátíðinni og á þessum tíma hafa fjölmargir erlendir hljóðfæraleikarar komið og leikið," segir Ólafur ánægður en viðurkennir að mikil vinna hafi verið að stýra fyrstu hátíðinni. „Þetta gekk samt vel, ég þurfti bara að hafa allt á hreinu. Maður sótti gæjana til Keflavíkur, kom þeim á hótel og sá til þess að þeir sem ekki voru að spila hefðu eitthvað að gera og svona. Ég þurfti því að halda í alla þræði en þetta var mjög skemmtilegt, sérstaklega þar sem allir voru svo jákvæðir. Helsti vandinn var að útvega fjármagn en allir hljóðfæraleikarar fengu greitt. Það skilaði sér hins vegar á annan hátt, en Ríkisútvarpið tók meira og minna upp hverja einustu tónleika og til eru margir gullmolar frá þessum tíma. Síðan hefur verið reynt að taka alltaf eitthvað upp og hefur safnast heilmikið efni í gegnum árin sem gera mætti marga þætti um," segir hann dreyminn.

Í fyrstu hét hátíðin Norrænir útvarpsdjassdagar af því útvarpið stjórnaði henni en árið eftir fékk hún heitið Rúrek og bar það í nokkur ár. „Þá stóðu Ríkisútvarpið og Reykjavíkurborg fyrir henni. Ég held að í kringum 1998 hafi nafnið síðan breyst í Jazzhátíð Reykjavíkur en hún er nú skipulögð af djassdeild FÍH með hjálp frá Menningarsjóði FÍH, Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóði," útskýrir Ólafur, sem hlakkar til veglegrar afmælisdagskrár. „Okkar íslensku hljóðfæraleikurum hefur farið svo mikið fram að þeir standa nú algjörlega jafnfætis kollegum sínum á Norðurlöndum, og þó víðar væri leitað," segir hann hrifinn.

*- hs*

reykjavík jazz
Jazzpassi á alla atburði Jazzhátíðar kostar aðeins kr 8000.
Fæst á tónleikastöðum og á midi.is.
Fyrstu 200 fá í kaupbæti hátíðarplakat með mynd Errós "Miles Davis Doll"

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ SJÁ?

**ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég er mjög spenntur fyrir yngri sveitunum, til dæmis Reginfirru, K-tríói og Moses Hightower. Ég er nýlega búinn að sjá þær á tónleikum, og þær voru sjóðandi. Svo má ekki gleyma trommusnillingnum Jim Black, sem er magnaður trommuleikari." Þorvaldur heldur sjálfur útgáfutónleika í lðnó þann 19. ágúst sem hefjast klukkan 20.00.

*- jma*

# Tvennir tvöfaldir píanótríótónleikar

Oft er haft á orði að píanótríóið sé í djassmúsík það sem strengjakvartettinn er í sígildri tónlist. Jazzhátíð býður upp á tvenna tvöfalda píanótríótónleika í Norræna húsinu þetta árið. Í bæði skiptin eru það íslensk tríó sem eru í hlutverki gestgjafa; Píanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson leiðir sitt tríó í tónlist af nýrri plötu sinni „Mæri" 28. ágúst og kynnir síðan til leiks austurríska tríóið HDV, en þeir David Helbock, Lucas Dietrich og Marc Vogel gerðu sér lítið fyrir og sigruðu 60 aðrar hljómsveitir í þýsku keppninni New Generation 06.

Næstkomandi sunnudagskvöld klukkan 20 leikur okkar eigið verðlaunatríó, K tríó, einnig í Norræna húsinu. Þeir Kristján Martinsson, Magnús Tryggvason Eliassen og Pétur Sigurðsson hafa borið hróður Íslands víða undanfarið ár, en sigur þeirra í ungliðakeppni djassleikara Norðurlanda fyrir tæpu ári var mörgum píanótríóaðdáandanum mikið fagnaðarefni. Þeir tóku líka silfrið í keppni evrópskra útvarpsstöðva um áhugaverðasta bandið á Northsea-festivalinu í Hollandi á dögunum.

Gestir K tríósins verða Svíarnir Michael Edlund, Fabian Kallerdahl og Josef Kallerdahl, sem kalla

MusicMusicMusic. Svíarnir Michael Edlund, Fabian Kallerdahl og Josef Kallerdahl.

sig MusicMusicMusic. Í sannri píanótríóhefð taka þeir piltar til kostanna jöfnum höndum eigin tónlist og perlur djassbókmenntanna. Pínaisti tríósins og helsti tónhöfundur, Fabian Kallerdahl, hreppti meðal annars hin eftirsóttu Jazz in Sweden-verðlaun árið 2006. Plata þeirra „What's a good boss anyway?" var valin djassplata ársins árið 2005 í einu stærsta dagblaði Svíþjóðar.

# fartölvur

SÉRBLAÐ UM FARTÖLVUR, FIMMTUDAGUR 13. ÁGÚST 2009

## Lenovo IdeaPad S12

Örgjörvi: Intel Atom N270 1,6GHz
Minni: 1GB
Diskur: 160GB 5400sn. 2,5"
Skjár: 12,1" WSVGA LED (1280x800) 200 nits
Skjástýring: Intel Graphics Media Accelerator 950
Ethernet: 10/100 og þráðlaust net: Intel 802.11b/g
Bluetooth: Já
Myndavél: Já, 1,3Mp
USB: 2 x USB 2.0 tengi
Rafhlaða: Lilon 6 sellu, allt að 5:00 klst.
Ábyrgð: 1 árs / 1 ár á rafhlöðu / 2 ára neytendaábyrgð
Stærð: 250mm x 183mm x 22-27.5mm, þyngd 1,2kg
Stýrikerfi: Microsoft XP HOME

## Lenovo IdeaPad U350

Örgjörvi: Intel Pentium SU2700
Minni: 3GB
Diskur: 250GB 5400sn. 2,5" með APS vörn
Skjár: 13,3" WSVGA LED (1366x768) 16:9 200 nits
Skjástýring: Intel Graphics GMA4500
Ethernet: 10/100 og þráðlaust net: Intel 802.11b/g
Bluetooth: já
Myndavél: Já, 1,3Mp
USB: 3 x USB 2.0 tengi
Rafhlaða: Lilon 4 sellu, allt að 5:00 klst.
Ábyrgð: 1 árs / 1 ár á rafhlöðu / 2 ára neytendaábyrgð
Stærð: 328mm x 228mm x 17-24.9mm, þyngd 1,6kg
Stýrikerfi: Microsoft Vista HOME Premium

## Lenovo ThinkPad SL400

Örgjörvi: Intel Celeron Dual Core T3000 (1,80GHz)
Minni: 2GB 667MHz
Skjár: 14,1" TFT LED breiðtjaldsskjár m. myndavél
Upplausn: 1280x800 punkta
Skjákort. Intel Media accelerator X4500, allt að 256MB.
Diskur: 250GB 5400sn. m. APS vörn
Netkort: 10/1000 Ethernetkort og þráðlaust kort 802.11 b / g
Drif: DVD-RW Multiburner
Rafhlaða: Lilon rafhlaða (6 sellu) m. allt að 4,00 klst hleðslu
Ábyrgð: 3 ára á vinnu og varahlutum, árs ábyrgð á rafhlöðu
Stærð: 336mm x 247mm x 34-37mm, þyngd frá 2,5kg
Stýrikerfi: Windows Vista Home Basic
ThinkVantage hugbúnaður: Rescue and Recovery afritun og enduruppsetning tölvunnar
Power manager - orkusparnaður stilltur á einfaldan hátt
System update sjálfvirk uppsetning rekla

KYNNING

Gísli Þorsteinsson ásamt Saumavélinni eins og hún er kölluð. Tölvan kom til landsins í upphafi 9. áratugar 20. aldar. Nýjasta framleiðslan, IdeaPad, er með á myndinni en hún vegur aðeins 1,2 kíló. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fartölvur í aldarfjórðung

**Nýherji hefur selt fartölvur í meira en aldarfjórðung. Ein af fyrstu fartölvunum sem komu hingað til lands var af gerðinni IBM og pöntuð af Nýherja. Síðan þá hafa tölvurnar aldeilis skroppið saman.**

„Öll þróun fartölva miðar að því að gera þær léttari og þynnri en áður án þess að fórna afköstum og gæðum. Notendur eru alltaf á ferðinni og vilja tengjast umheiminum hvar og hvenær sem er. ThinkPad T400s er dæmi um slíkt en hún er nýjasta afsprengi Lenovo og kemur skemmtilega á óvart," segir Gísli Þorsteinsson hjá Nýherja. Hann segir að ThinkPad T400s sé einungis 1,7 kíló með 14 tommu skjá og nýjustu tækni í diskum en það eru svokallaðir SSD-diskar sem eru 40 sinnum hraðvirkari en hefðbundnir diskar.

Rafhlöðuending í tölvum er sífellt að lengjast en hún er þó mismikil milli tegunda og framleiðenda. Nú eru komnar margar nýjar vélar sem eru með átta til níu tíma endingu. Það fer hins vegar eftir því hvernig rafhlaðan er notuð hvort hún endist eins vel og ætlast er til. „Flestir notendur fartölva þekkja það vandamál þegar rafhlaðan er að klárast og vantar nokkrar mínútur til þess að klára verkefni eða fund," segir Þorsteinn. „Margir framleiðendur hafa því brugðist við þessum vanda með leiðum til þess að lengja líftíma rafhlöðunnar, svo sem Lenovo sem hefur þróað stillingu sem nefnist „battery stretch" undir orkustillingum sem gerir notanda kleift að fá nokkrar auka mínútur með því að slökkva á orkufrekum hlutum vélarinnar."

ThinkPad-tölvurnar hafa verið rós í hnappagati Nýherja og munu halda áfram að vera það. Áður voru þær framleiddar af IBM en eru nú hluti af framleiðslu Lenovo. Hönnuðirnir eru þó þeir sömu og í upphafi. Nýlega kynnti Lenovo á markað IdeaPad-fistölvur og fartölvur. Gísli segir IdeaPad hafa fengið afar góða dóma í fagtímaritum og vakið athygli fyrir hönnun. „IdeaPad S10-2 er einungis 1,2 kíló og hentar til einfaldari verka, svo sem léttrar ritvinnslu, ráps á netinu eða til þess að horfa á kvikmyndir," segir Gísli og bætir við að hann telji tíma stóru 15 tommu fartölvanna liðinn og að kaupendur vilji frekar léttar og nettar fartölvur.

## Rukka fyrir fréttir á Netinu

Fjölmiðlasamsteypan News Corp, sem meðal annars á London Times og Sun í Bretlandi og New York Post og The Wall Street Journal í Bandaríkjunum, mun innan skamms fara að rukka fyrir fréttir sem birtast á Netinu, að því er fram kemur á fréttavef BBC.

„Við stefnum að því að rukka fyrir aðgang að öllum fréttasíðum okkar," segir Rupert Murdoch, aðaleigandi samsteypunnar. „Ég trúi því að ef þetta tekst vel þá muni aðrir fjölmiðlar fylgja á eftir."

Til að koma í veg fyrir að lesendur snúi sér að ókeypis fréttamiðlum á Netinu mun samsteypan leggja allt kapp á vandaðan fréttaflutning. „Vönduð fréttamennska er ekki ódýr og því var ákveðið að grípa til þessa ráðs."

Rupert Murdoch

- ve

## Saga fartölvunnar

Fljótlega eftir að heimilistölvan fór fyrst að þykja fýsilegur kostur snemma á 8. áratugnum fóru að spretta upp hugmyndir um handhægar ferðatölvur. Alan Kay hjá Xerox PARC lýsti í fyrsta sinn opinberlega hugmyndinni um fartölvu í ritgerð sem hann skrifaði árið 1972. Árið eftir svipti IBM hulunni af fyrstu fartölvunni og 1975 kom fram fyrsta fartölvan ætluð á markað.

Eftir að 8 bita örgjörvar fóru að verða algengari fór fartölvunum fjölgandi og um og eftir 1980 fóru fyrirtæki í sífellt meira mæli að framleiða fartölvur.

Fyrsta fartölvan með því flip-flop sniði sem við þekkjum í dag kom fram árið 1982. Hún var aðallega notuð af bandarískahernum og NASA og kostaði stykkið á þeim tíma rúmlega 8.000 dollara. Hún hafði 320x200 pixla skjá og 340 kílóbæta minni auk mótems sem gat flutt 1.200 bita á sekúndu.

Þessi fartölva tilheyrir gufupönkstíl sem sækir innblástur til fortíðarinnar.

Árið 1983 kom Galvian SC á markað, markaðsett undir nafninu „laptop", sem átti eftir að verða samheiti yfir fartölvur eftir það.

Næstu ár og áratugi varð fartölvan sífellt þróaðari og tækninýjungar sem okkur þykja sjálfsagðar í dag eins og snertipúði, músabendill og geislaspilari komu fram á sjónarsviðið. -fpm

## ● AFGANSKIR FRAMBJÓÐENDUR Í KOSNINGABARÁTTU Á NETINU

Þrátt fyrir fátækt, menntunarskort og rafmagnsleysi í Afganistan hika forsetaframbjóðendur landsins ekki við að heyja kosningabaráttu sína á netsíðum eins og Facebook, Twitter og YouTube. Þeir reyna hvað þeir geta að feta í fótspor Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, sem nýtti sér tæknina hvað mest þegar hann bauð sig fram til forseta, með góðum árangri.

Forsetaframbjóðendurnir í Afganistan eru 41 talsins. Sumir birta stefnumál á Facebook, halda úti vefsíðum og blogga og enn aðrir setja inn kynningarmyndbönd á YouTube.

**Afganskir forsetaframbjóðendur heyja kosningabaráttu sína á netsíðum eins og Facebook, Twitter og YouTube.** NORDICPHOTOS/GETTY

Þar sem einungis tíu prósent afgönsku þjóðarinnar hafa aðgang að internetinu mætti leiða að því líkur að frambjóðendurnir hefðu ekki erindi sem erfiði en Luke Cholerton-Bozier hjá Red Narrative segir að jafnvel þótt einungis fimm prósent þjóðarinnar hefðu aðgang að internetinu væru það engu að síður 1,5 milljónir mögulegra kjósenda í landi með þrjátíu milljón íbúa.

*- ve*

**KYNNING**

**Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Tölvutek, segir töluvert um að fólk kaupi sér fistölvu til að eiga samhliða annarri fartölvu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fistölvur oft keyptar til viðbótar við fartölvur

**Í Tölvutek Borgartúni er að finna landsins mesta úrval af fartölvum, að sögn framkvæmdastjórans, Hafþórs Helgasonar.**

Tölvutek býður upp á vélar frá Packard Bell, Acer, Toshiba, HP, Sony, MSI, Asus og Lenovo. „Packard Bell, sem hafa verið mest seldu tölvurnar okkar alveg frá opnun, virðast samt vera skrefi á undan öðrum framleiðendum," segir Hafþór. „Öll nýja tæknin í fartölvum í dag fer yfirleitt bara í dýrustu vélarnar, en hjá Packard Bell er hún líka í minnstu og ódýrustu vélunum." Þar má nefna LED-baklýsingu í skjái sem gefur skýrari mynd, þynnri skjá og lengri rafhlöðuendingu og Draft-N-þráðlaust net, sem hefur þrefalt meiri drægni og sex sinnum meiri hraða en önnur.

Svokallaðar fistölvur, á bilinu eitt til 1,3 kíló að þyngd, hafa einnig notið vinsælda, en Hafþór segir að þar sé í raun nýr kaupendahópur á ferðinni. „Fólk er mikið að kaupa í viðbót við aðra fartölvu, ekki í staðinn fyrir hana. Þetta verður þá vél til að hafa í töskunni, í hanskahólfinu eða taka með í flugvélina," útskýrir Hafþór og segir Asus bjóða upp á sérlega gott úrval af ýmsum gerðum slíkra fistölva.

**Nýju Toshiba-tölvurnar þekkja brosin á eigendum sínum.**

Rafhlöðuending skiptir kaupendur einnig miklu máli, enda um hálfgerða byltingu í þeim efnum að ræða. „Tölvurnar eru farnar úr hámark fjögurra tíma endingu upp í átta til níu tíma í smávélunum, sem eru hannaðar með góða rafhlöðuendingu fyrir augum. Þær endast allan skóladaginn og eru þar að auki litlu þyngri en góð skólabók," segir hann og kímir.

Nýju fartölvurnar frá Toshiba eru svo með skemmtilega öðruvísi vefmyndavél. „Hún er í raun aðgangsstýring," útskýrir Hafþór. „Vélin ber kennsl á mismunandi andlit. Notandinn brosir í vélina og hún hleypir honum þá að þeim svæðum sem hann hefur aðgang að í tölvunni. Börnin á heimilinu þurfa þannig ekki að muna nein lykilorð – bara brosa," segir hann.

## Packard Bell Butterfly

Intel Core 2 Solo SU3500 örgjörvi, 1.4 GHz, 3MB, 800FSB, 45nm
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM harðdiskur
13,3" HD LED Diamond View skjár með 1366x768 upplausn
512MB ATI HD4330 DX10.1 skjákort með allt að 2GB Hyper-Memory
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net og BlueTooth 2.0
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 8 tíma endingu
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél og Skype Certified MIC
Windows VISTA Home Premium
Aðeins 1.8kg og örþunn

## Packard Bell TJ65 AU004

Intel Dual Core T4200 örgjörvi, 2.0GHz, 45nm
4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM harðdiskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15,6" HD LED Diamond View skjár með 1366x768 upplausn
512MB Intel X4500 HD DX10 skjástýring með True HD 1080P
Lyklaborð í fullri stærð með sjálfstæðu talnaborði
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 3 tíma endingu
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél og Skype Certified MIC
Windows VISTA Home Premium
Aðeins 2.7kg

## Packard Bell LJ65 CU014

Intel Dual Core T4200 örgjörvi, 2.0GHz, 45nm
3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
320GB SATA 5400RPM harðdiskur (pláss fyrir annan disk)
8xDVD SuperMulti DL skrifari
17,3" HD+ LED Diamond View skjár með 1600x900 upplausn
512MB ATI HD4570 DX10.1 skjákort með allt að 2GB Hyper-Memory
Lyklaborð í fullri stærð með sjálfstæðu talnaborði
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net og BlueTooth 2.0
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 2,5 tíma endingu
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél og Skype Certified MIC
Windows VISTA Home Premium
Aðeins 3.3kg

## Acer Emachines 625

Örgjörvi : AMD Athlon 64 Processor TF-20 (1.6GHz, 512KB L2 Cache, FSB 667 MHz)
Vinnsluminni: 2GB DDR2-667 SDRAM,
Skjár: 15.6" WXGA (1366x768)
Skjástýring : ATI Radeon Xpress up to 1919MB of
Harður diskur: 250GB 5400rpm SATA
Super-Multi DVD±RW Dual Layer Skrifari
802.11b/g þráðlaust netkort
Minniskortalesari: 5-in-1
Rafhlaða: 6-Cell 4400 mAh 2.5 klst ending
Þyngd: 2.7 kg
Windows Vista Basic w/ Service Pack 1

## Acer 5536

Örgjörvi : AMD Athlon X2 Dual-Core Processor QL-64
Vinnsluminni: 3GB DDR2-667 SDRAM,
Skjár: 15.6" WXGA (1366x768
Skjástýring : ATI Radeon HD 3200 Graphics Controller
Harður diskur: 320GB 5400rpm SATA
Super-Multi DVD±RW Dual Layer Skrifari
802.11b/g/n þráðlaust netkort
Minniskortalesari: 5-in-1
Innbyggð vefmyndavél:
Rafhlaða: 6-Cell 3 klst ending
Þyngd: 2.7 kg
Windows Vista Basic Vista Home Premium

## Acer Timeline

Örgjörvi : Intel Pentium Processor SU2700
Vinnsluminni: 3GB DDR2-667 SDRAM,
Skjár: 14" WXGA (1366 x 768) high-brightness
Skjástýring : Intel GMA 4500MHD
Harður diskur: 320GB 5400rpm SATA
Super-Multi DVD±RW Dual Layer Skrifari
802.11b/g/n þráðlaust netkort
Minniskortalesari: 5-in-1
Innbyggð vefmyndavél:
Rafhlaða: 6-Cell 8klst ending
Þyngd: 1.9 kg
Windows Vista Basic Vista Home Premium

KYNNING

# Með tölvur fyrir alla

**BT tölvur munu halda áfram að bjóða upp á fartölvur með öllum helstu nýjungum á markaði og passa sig á að vera með tölvur sem henta mismunandi þörfum viðskiptavina sinna.**

Jón Gunnlaugsson í BT tölvum er með tölvur fyrir alla, námsmenn, fjölskyldur, skrifstofur og tölvuleikjaaðdáendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Venjuleg skólavél sem er með öllu því helsta sem krakkarnir þurfa heitir Acer 625 sem við seljum á 79.900 krónur. Spáð er í að geymsluplássið og vinnsluminnið sé nægt.“ segir Jón Andreas Gunnlaugsson, innkaupastjóri hjá BT, og upplýsir blaðamann um þrjár gerðir fartölva sem henta þremur mismunandi hópum.

„Önnur vél er mjög eftirsótt í dag. Acer Timeline er vél með langri rafhlöðuendingu og mjög meðfærileg. Sú vél er frábrugðin öðrum vélum sem eru með átta tíma rafhlöðuendingu að því leyti að hún er í fullri stærð og með öllum græjum,“ segir Jón Andreas. „Margir selja svona netbook-vélar sem eru ekki með geisladrifi og yfirleitt með hálfgeldum örgjörvum. Það á ekki við um Timeline.“

Jón Andreas sér augljósa breytingu frá fyrri árum. Menn vilja núorðið minni vélar, liprari og rafhlöður sem endast lengur. „Vélbúnaðurinn er eiginlega kominn fram úr hugbúnaðinum svo menn reka sig ekki á að vélarnar ráði ekki við það sem þeir eru að vinna í,“ segir Andreas og kemur þá að þriðja kúnnahópnum. „Það eru leikjaguttar sem spá í skjákort sem breytast eiginlega mánaðarlega, stærri harðan disk, meira vinnsluminni og HDMI-tengi. Fyrir þá erum við með Acer 5536,“ segir Jón Andreas.

Jón Andreas lumar á einu atriði sem sumir vita ekki, en það er að skjáirnir á Acer-tölvunum eru orðnir aðeins stærri. „15,6 tommu skjár hefur þann kost að hann er það langur að það má koma fyrir sjálfstæðu talnaborði og því verður auðveldara að vinna með tölur. Einnig er upplausnin sú sama og í flatsjónvörpum og þeir sem leika sér með tölvu og sjónvarp finna mikinn mun,“ segir Jón Andreas.

Nú eru BT-verslanirnar alls þrjár, í Skeifunni, Smáralind og á Akureyri.

**● FARTÖLVUBANN Á ÁLAGSTÍMUM Á KAFFIHÚSUM** Margir kaffihúsaeigendur í New York hafa ákveðið að letja fólk til að sitja á kaffihúsum með fartölvur. Fartölvunotendur mega kaupa kaffi en fljótlega taka þeir pláss og rafmagn.

Skilti á litlu kaffihúsi í Brooklyn segir: „Kæru viðskiptavinir. Við gleðjumst yfir því að ykkur líki svo vel við okkur að þið viljið eyða deginum hér en fólk þarf að borða og við það situr fólk." Kaffihúsið hefur bannað fartölvunotkun á álagstímum.

Sumir kaffihúsaeigendur hafa meira að segja tekið upp á því að líma fyrir rafmagnsinnstungur. „Ég ráðlegg ykkur að hlaða tölvurnar áður en þið komið hingað. Hættið að nota rafmagnið mitt," sagði Bruce Taz, eigandi kaffihússins Brotna bollans, sem er einn þeirra.

Aðrir bjóða þó fartölvunotendur velkomna því þá líta kaffihúsin út fyrir að vera full af fólki og einhverjir hafa til dæmis fjölgað kaffihúsum. „Ég þurfti að fjölga útibúum og auka internethraðann í byrjun júní," sagði kaffihúsaeigandinn Sebastian Simsch. *- mmf*

**Á mörgum kaffihúsum New York-borgar situr fólk heilu dagana með fartölvurnar en kaupir einungis einn bolla.**
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**KYNNING**

# Einkaþjálfun hjá Apple

**Vinsældir Apple-tölvanna hafa farið stigvaxandi hér á landi á undanförnum árum. Lág bilanatíðni, falleg hönnun og ekki síst algjör skortur á vírusum eru á meðal þess sem höfðar til kaupenda.**

„Apple á Íslandi er með stærstu markaðshlutdeildina á Norðurlöndunum," segir Ásgeir Jón Guðbjartsson hjá fyrirtækjasviði Apple, sem segir sífellt fleiri færa sig yfir í Apple-tölvur, bæði einstaklinga og fjölskyldur í leit að heimilistölvum.

Skólafólk hefur tekið Apple opnum örmum og Makkar eru til að mynda notaðir í Menntaskóla Borgarfjarðar, þar sem allir nýir nemendur fá Apple-fartölvu til umráða meðan á námi stendur. „Það verkefni er á þriðja ári núna og hefur gefist mjög vel. Bilanatíðnin hjá Makkanum er líka mjög lág. Við seldum Háskóla Íslands til dæmis hundrað tölvur í tölvuver skólans í fyrra. Við höfum fengið þrjár í viðgerð, og í einu tilvikanna var það vegna þess að einhver hafði troðið einhverju inn í DVD-spilarann," segir Ásgeir.

**Lág bilanatíðni og falleg hönnun eru á meðal þess sem gerir Apple-tölvurnar vinsælar, að sögn Ásgeirs Jóns Guðbjartssonar.**

Öllum Apple-tölvum fylgir iLife-pakkinn, sem býður upp á möguleika til að klippa myndbönd, semja tónlist, vinna með og flokka myndir og setja upp vefsíður. Rafhlöðurnar endast allt að átta klukkustundum og tölvurnar eru búnar nýjustu tækni, svo sem innbyggðri vefmyndavél, innbyggðum hreyfiskynjara og nýjustu móðurborðum og örgjörvum.

**Apple-tölvurnar eru búnar nýjustu tækni.**

Skólafólk er heldur ekki þeir einu sem færa sig yfir í eplamerkið þekkta. „Áður fyrr var fólk kannski eitthvað smeykt við að skipta yfir í Makka, þegar tölvurnar voru ekki alveg nógu vel samhæfðar við PC. Það hefur hins vegar gjörbreyst og þetta eru þess vegna gamlir fordómar," segir Ásgeir. „Ef fólk er eitthvað smeykt bjóðum við líka upp á ókeypis námskeið í verslun-inni okkar að Laugavegi, og eftir klukkutíma þar er sú hræðsla alveg horfin," segir hann. Þar að auki er hægt, gegn vægu gjaldi, að fá aðstoð „einkaþjálfara" til að leiða mann í allan sannleika um nýju vélina.

## 13" MacBook

- 2,13GHz Intel Core 2 Duo
- 2GB DDR2 vinnsluminni (mest 4GB)
- 160GB harður diskur
- NVidia GeForce 9400M 256MB skjástýring
- Tvö USB 2.0, eitt FireWire tengi
- Allt að 4,5 klst rafhlöðuending
- Þráðlaust netkort (b/g/n) og Bluetooth 2.1
- Innbyggð vefmyndavél
- Þyngd 2,27 kg
- Íslenskt lyklaborð

## 13" MacBook Pro

- 2,53GHz Intel Core 2 Duo
- 4GB DDR3 vinnsluminni (mest 8GB)
- 250GB harður diskur
- NVidia GeForce 9400M 256MB skjástýring
- Tvö USB 2.0, eitt FireWire 800 tengi
- Allt að 7 klst rafhlöðuending
- Þráðlaust netkort (b/g/n) og Bluetooth 2.1
- Innbyggð vefmyndavél og SD kortalesari
- Þyngd 2,04 kg
- Íslenskt baklýst lyklaborð

## 15" MacBook Pro

- 2,66GHz Intel Core 2 Duo
- 4GB DDR3 vinnsluminni (mest 8GB)
- 320GB harður diskur
- NVidia GeForce 9600M GT 256MB skjákort
- Tvö USB 2.0, eitt FireWire 800 tengi
- Allt að 7 klst rafhlöðuending
- Þráðlaust netkort (b/g/n) og Bluetooth 2.1
- Innbyggð vefmyndavél og SD kortalesari
- Þyngd 2,49 kg
- Íslenskt baklýst lyklaborð

msi

## MSI Wind U123 fartölva

Intel Atom N280 örgjörvi
10" WSVGA LED skjár
1GB DDR2 vinnsluminni
160GB harður diskur
Þráðlaust netkort
Bluetooth
Vefmyndavél
kortalesari
XP Home stýrikerfi

TOSHIBA

## Toshiba Portégé M800-11D fartölva

Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi
13" WXGA skjár
3GB DDR2 vinnsluminni
320GB harður diskur
Intel X4500 skjákort
Þráðlaust netkort og bluetooth
Vefmyndavél
kortalesari
Windows Vista Home Premium

acer

## Acer Aspire 5536G-644G50MN fartölva

AMD Athlon X2 QL-64 örgjörvi
15.6" WXGA LED CineCrystal skjár
4GB DDR2 vinnsluminni
500GB harður diskur
512MB ATI HD 4570 skjákort
Þráðlaust netkort
Vefmyndavél
kortalesari
Windows Vista Home Premium

Þessar tölvur fást í Tölvulistanum

KYNNING

Gunnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri Tölvulistans, leggur mikla áherslu á að viðskiptavinir fái góða þjónustu og ráðgjöf frá sölumönnum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Góð ráðgjöf mikilvæg

**Hjá Tölvulistanum er mikið lagt upp úr því að veita viðskiptavinum góða þjónustu og ráðgjöf varðandi val á tölvum.**

Til vinstri er tíu tommu MSI Wind-fartölva sem er afar hentug fyrir þá sem vilja kippa tölvunni með á kaffihúsið. Þessi örþunna MSI-vél til hægri ætti að falla vel í kramið hjá þeim sem eru mikið á ferðinni.

Gunnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri Tölvulistans, segir hlutverk sölumannsins afar mikilvægt. „Þyngd, útlit og rafhlöðuending eru hugtök sem allir skilja, en svo er þessi frumskógur af tölum og tæknimáli sem ekki eru allir læsir á. Þar leikur sölumaðurinn lykilhlutverk, því hann verður að vera fær í að útskýra slíka hluti á mannamáli, og ekki síður að átta sig á því hverjar þarfir viðskiptavinarins eru," útskýrir Gunnar. „Viðskiptavinurinn á ekki að ganga út með tölvu sem hann þarf ekki."

Mikill munur er á þörfum notenda. „Viðskiptavinir okkar eru til dæmis fólk frá arkitekta- og verkfræðistofum, sem þarf öflugar vélar, leikjaspilarar sem þurfa mikinn búnað og allt yfir í fólk sem vill fallega vél til að hafa með á kaffihús og lesa fréttasíðurnar," útskýrir Gunnar.

Til að koma til móts við þessar mismunandi þarfir er gott úrval afar mikilvægt, og af því státar Tölvulistinn, sem er með umboð fyrir Asus, Acer, MSI og Toshiba. „Við eigum mjög góð og bein samskipti við þessa framleiðendur og getum þess vegna boðið upp á þjónustuhlutann líka, enda viljum við að þjónustan sé jafn góð fyrir og eftir kaup," segir Gunnar. Tölvulistinn er vottaður þjónustuaðili fyrir alla þessa framleiðendur, en til þeirra eru gerðar miklar kröfur. „Toshiba hringir til dæmis í viðskiptavini okkar til að athuga hvernig við höfum staðið okkur," útskýrir Gunnar.

Fartölvuflóran hefur breyst mikið á síðustu árum. „Tölvur eru orðnar tískuvara í dag. Nú eru komin hönnunarteymi hjá öllum þessum framleiðendum og augljóst að útlitið selur," segir Gunnar, sem spáir því að þróun netsamskipta í framtíðinni muni auka þörfina á fartölvum enn frekar. Þráðlausar nettengingar verða í boði um allt og einfalt að komast á netið. „Ég hugsa að fólk verði þá oftar en ekki með vélina með sér – til að komast á netið hvar og hvenær sem er," segir hann.

## Facebook með nýja síðu

**Sú saga gengur nú fjöllum hærra í netheimum að Facebook muni bráðlega setja á laggirnar vefsíðu sem líkjast mun hinni vinsælu Twitter-síðu. Muni hún bera nafnið Facebook Lite.**

**Síðan mun vera einfaldari útgáfa af Facebook þar sem aðeins koma fram einfaldar upplýsingar og streymi af skilaboðum. Telja því margir að hún muni líkjast Twitter þó að talsmenn Facebook vilji ekki kannast við það.**

facebook

**● TÖLVUAÐSTOÐ VIÐ BRESKA SÍGAUNA** Frá árinu 2004 hefur yfir þúsund börnum sígauna í Bretlandi verið gefin fartölva til að hjálpa þeim við námið. Reiknað er með að búnaður og þráðlaust netsamband kosti ríkið um 750 pund á hvern nemanda eða tæpar 160.000 íslenskar krónur. Breskir skattgreiðendur hafa því greitt um þrjú hundruð þúsund pund á ári, rúmar 63 milljónir. Fartölvugjöfin er hluti hins rafræna og hreyfanlega verkefnis E-LAMP, sem hannað er til að bjóða upp á fjarmenntun fyrir börn sígauna sem skipta oft um skóla.

Könnun sem samband kennara sígaunabarna stóð fyrir hefur leitt í ljós að fullorðnir sígaunar nýta tölvur barna sinna til að bóka frí erlendis og versla á netinu. „Bretar trúa á jafnræði. Það er ekki sanngjarnt að lítill hópur búi við þau forréttindi að nýta almenningsþjónustu á meðan útivinnandi fjölskyldur eiga í vandræðum með að borga reikninga sína," sagði Bob Neill, talsmaður ríkisstjórnarinnar. *- mmf*

# ALLTAF BETRA VERÐ

msi

## FARTÖLVA

### MSI Wind U123

Intel Atom N280 1.66GHz örgjörvi • GMA 950 skjákort • 1GB vinnsluminni • 160GB harður diskur • 10" WSVGA skjár • Þráðlaust BGN netkort • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows XP Home

## FARTÖLVA

### Acer Aspire 7530G-623G25MN

2.0Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-62 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 256MB DDR2 Geforce Go 9100M GS skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá • Vefmyndavél • 4xUSB 2.0, HDMI/TV-út, VGA, S/PDIF, ExpressCard/54 slot ofl. • Windows Vista Home Premium

AMD 64

HDMI

**79.990**

**119.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA

### Toshiba Satellite PRO L300-28T

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort með loftneti í skjá • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**129.990**

## acer FARTÖLVA

### Acer Extensa 5230E-901G16Mn

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" FHD WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Windows Vista Home Basic

**79.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA

### Toshiba Satellite U400-16E

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 13,3" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium • 1.3MP vefmyndavél í skjá

**149.990**

## acer FARTÖLVA

### Acer eMachine G725-424G32MI

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 320GB SATA diskur • 17,3" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort með loftneti í skjá • Vefmyndavél í skjá • DVD±RW og CD-RWskrifari • Windows Vista Home Premium

emachines

**139.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA

### Toshiba Satellite Pro A300-1PX

2.26GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n og Bluetooth 2.0 • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**159.990**

## acer FARTÖLVA

### Acer Aspire 7735ZG-424G50MN

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duoörgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA diskur • 17.3" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort með Acer InviLink og SignalUp • Vefmyndavél í skjá • DVD±RW og CD-RWskrifari • High Definition hljóðkerfi • Windows Vista Home Premium

**159.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
|---|---|---|---|---|---|
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

**● NÝJAR GENERAL MOTORS-BIFREIÐAR SELDAR Á EBAY** General Motors og eBay eru samkvæmt frétt BBC að hefja samstarf um sölu nýrra bíla á fyrrnefndum uppboðsvef. Það eru umboðsaðilar GM í Kaliforníu sem taka þátt í þessum gjörningi sem gefur kaupendum kost á að kaupa bílinn á uppsettu verði eða reyna að prútta. Tilraunin mun standa til 8. september en uppboðið hófst 11. ágúst. *- jma*

# Allt tölvutengt hjá Att

Þeir sem ekki vilja þræða verslanir í leit að tæknivörum geta í staðinn nýtt sér tæknina og leitað á netinu. Att.is – allt tölvutengt – heldur til að mynda úti öflugri vefverslun þar sem kennir ýmissa grasa. Verslunin, sem er til húsa í Bæjarlind 1-3, leggur áherslu á lágt verð og góða þjónustu, góða vöru og mikið vöruúrval.

Viðskiptavinir skrá sig á Netinu og versla og geta valið á milli þess að fá vöruna senda eða sækja hana í verslunina. Einnig er hægt að panta vörur í gegnum síma. Þá er hægt að greiða með greiðslukorti, póstkröfu eða með því að millifæra í netbanka, en afgreiðslutími er í flestum tilvikum innan sólarhrings.

Á meðal þess sem att.is býður upp á eru fartölvur frá Acer, MSI og Toshiba, myndavélar, minniskort, flakkarar, ýmiss konar íhlutir, hugbúnaður og hljóðnemar, svo örfá dæmi séu nefnd.

Nánari upplýsingar um þjónustu att.is má finna á vefsíðunni.

**Sniðug tölvutaska sem fæst í vefverslun Att.**

**Raftækjaframleiðandanum Samsung gekk vel á öðrum ársfjórðungi.**

NORDICPHOTOS/GETTY

# Mikill hagnaður hjá Samsung

Raftækjaframleiðandinn Samsung tilkynnti nýlega um mjög góðan annan ársfjórðung. Ástæða þess var hagstætt verð og mikil eftirspurn eftir raftækjum fyrirtækisins.

Hagnaður fyrirtækisins var 2,25 billjón won, sem er gjaldmiðillinn í Suður-Kóreu, og eru það um 1,8 milljarðar Bandaríkjadala. Salan jókst frá 29,1 billjón wona á öðrum ársfjórðungi síðasta árs til 32,51 billjónar í ár. Hlutabréf í Samsung hækkuðu um 0,7 prósent við þessi tíðindi.

Robert Yi hjá Samsung sagði fyrirtækið ganga vel og lýsti niðurstöðum annars ársfjórðungs sem frábærum. Robert sló þó varnagla við hagnaðinn og sagði hann geta orsakast af styrkingu wonsins.

*- mmf*

# Netnotkun ungmenna

Samkvæmt fréttum BBC hefur ný rannsókn á netnotkun barna leitt í ljós að eitt af vinsælustu leitarorðum hjá breskum ungmennum á leitarsíðum svo sem google.com og yahoo.com er „klám“. Michael Jackson heitinn er einnig eitt af vinsælustu leitarefnunum. Einnig var skoðað hverjar vinsælustu vefsíðurnar eru meðal yngri kynslóðarinnar og í efsta sæti var youtube.com en aðrar vinsælar síður voru myspace.com og facebook.com.

Rannsóknin tók til 3,5 milljón leita á netinu og náði yfir heilt ár. Samkvæmt fréttinni er besta forvörn gegn óæskilegri notkun ungmenna á netinu sú að foreldrar ræði við börn sín um notkun þess og fylgist vel með.

**Samkvæmt rannsókninni, sem fór fram í gegnum eftirlitsforritið Onlinefamily.Norton, eru kynlíf og klám vinsæl leitarorð ungra netnotenda.**

Létt, geggjuð fartölva

Lítil og flott LG fartölva með innbyggðu 3G netkorti
– þú ferð á netið hvar og hvenær sem er á 3G netinu!

LG X120 fartölva
· Þyngd: 1,34 kg
· Ending rafhlöðu: allt að 4 klst. (í 3G notkun)
· 160 GB harður diskur
· 1024 MB vinnsluminni
· 10.1"skjár
· 1,3 megapixla vefmyndavél með hljóðnema

Verð aðeins:
79.900 kr.*

*Gegn 6 mánaða bindingu í 3G netlyklaáskrift 2 eða 3.
Fullt verð án bindingar: 109.900 kr.
Símalán og léttgreiðslur í allt að 12 mánuði í boði.

3G ÁSKRIFTARLEIÐIR

NETLYKILL 2
· Allt að 3 Mbit hraði á sek.
· 7 GB gagnamagn innifalið
· 2 kr. fyrir umfram MB
Verð 2.990 kr. á mán.

NETLYKILL 3
· Allt að 5 Mbit hraði á sek.
· 15 GB gagnamagn innifalið
· 2 kr. fyrir umfram MB
Verð 4.990 kr. á mán.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM38682

# Djasssmiðja unga fólksins

**Djasshátíð Reykjavíkur stendur fyrir Djasssmiðju í samvinnu við Tónlistarskóla FÍH, Gerðuberg og Kjarvalsstaði og styrkir Tónlistarsjóðurinn Kraumur verkefnið. Smiðjan er hins vegar hugarfóstur Leifs Gunnarssonar kontrabassaleikara.**

**Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari með hljóðfæri sínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

„Smiðjan er hugsuð fyrir unga fólkið og vildi ég skapa því vettvang á hátíðinni og útbúa eitthvert verkefni fyrir allt þetta unga og efnilega fólk sem sprettur upp eins og gorkúlur í kringum okkur," segir Leifur, sem útskrifaðist frá Tónlistarskóla FÍH síðastliðið vor.

„Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað kemur út úr þessari djasssmiðju, þar sem við gefum leiðbeinendunum nokkuð frjálsar hendur, en það verður eflaust eitthvað magnað," segir hann spenntur. Þátttakendur eru ungt fólk sem hefur starfrækt hljómsveitir eða tekið þátt í vísi að slíku. „Við viljum gefa þeim tækifæri á að forma eitthvað sem þau hafa unnið að. Þátttakendur eru til að mynda Kvartett Leifs, Transkvintett og Reginfirra."

Leiðbeinendurnir eru ekki af verri endanum en þeir koma allir fram á djasshátíðinni og eru meðal þeirra fremstu í sinni röð. „Þetta eru fimm leiðbeinendur. Jim Black er trommuleikari frá Bandaríkjunum, Hilmar Jensson gítarleikari verður til taks og Olivier Manoury bandóníumleikari leiðbeinir líka, en bandóníum er svona argentínsk harmonikka eða dragspil. Benjamin Koppel sem leikur á altsaxófón verður á staðnum auk bandaríska bassaleikarans Johns Estes sem kemur að spila með Þorvaldi Þór Þorvaldssyni. Hann ætlar að vera einn morgun með okkur," útskýrir Leifur áhugasamur og nefnir að verið sé að nýta mannskapinn sem komi fram á hátíðinni. „Við ætlum að reyna að kreista eitthvað út úr þeim," segir hann kíminn og bætir við að tækifæri sem þetta sé ómetanlegt. „Þetta er á tilraunaplani núna en í framtíðinni sé ég smiðjuna fyrir mér á alþjóðlegum vettvangi, jafnvel samnorrænum, þar sem erlendum þátttakendum er boðið að vera með á sömu forsendum. Það gæti verið vísir að tengslaneti og kynning á Íslandi sem áfangastað fyrir unga djassleikara. Þetta passar mjög vel við hátíðina."

Djasssmiðjan stendur yfir frá 17. til 19. ágúst og er dagskrá hennar auglýst á www.reykjavikjazz.is. „Smiðjunni lýkur með tónleikum á Rosenberg en annars eru líka í boði hádegistónleikar alla dagana í Gerðubergi sem eru ókeypis," segir Leifur og hvetur alla til að mæta. *- hs*

# Djassóður á Kjarvalsstöðum

„Myndlistarsýningin Djassóður er í tilefni af tuttugu ára afmæli Djasshátíðar Reykjavíkur og er einungis í boði þessar vikur sem djasshátíðin stendur yfir," segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, en sýningin verður opnuð á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 16. ágúst klukkan 16 með tónleikum.

**Mynd Errós af Miles Davis.**

„Þar má finna verk eftir Tryggva Ólafsson, Erró, Sigurð Örlygsson, Sigurbjörn Jónsson og Grétar Reynisson en verkin eiga það öll sameiginlegt að tengjast djasstónlistinni á einn eða annan hátt," segir Hafþór og nefnir dæmi: „Ein myndin eftir Erró er til dæmis af Miles Davis og finna má abstraktverk eftir Sigurbjörn sem sýna djasstríó og hljómsveitir, eitt verk Grétars sýnir píanóleikara, Tryggvi hefur málað Louis Armstrong og svo framvegis."

Hafþór fékk hugmyndina að sýningunni í tengslum við heimsóknir á vinnustofur myndlistarmanna. „Oft er það svo þegar ég hef heimsótt vinnustofur myndlistarmanna, sérstaklega málara, að þeir eru með djass á fóninum. Þetta er þannig vinna að þeir eru mikið einir og hlusta stöðugt á tónlist á meðan þeir eru að mála. Oftar en ekki hlusta þeir á Miles Davis eða einhvern djassara. Þetta veitir þeim innblástur og fannst mér tilvalið að vinna eitthvað úr þessu," segir hann og bætir við: „Ég talaði við nokkra málara sem höfðu allir gert einhvers konar virðingarvott til djassmeistaranna en þess vegna kallast sýningin nú Djassóður þar sem þetta er óður listamanna til þeirra. Svo er orðið djassgeggjarar mikið notað um þá sem sökkva sér í djass og þetta eru líka óðir djassgeggjarar," segir hann og brosir. *- hs*

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ SJÁ?

**ANDRI ÓLAFSSON TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég er spenntastur fyrir atriði sem er ekki á dagskránni, í það minnsta ekki nafngreint, en það eru Dýrin í Hálsaskógi sem spila á Kjarvalsstöðum," segir tónlistarmaðurinn Andri Ólafsson. „Svo myndi ég kíkja á Arve Henriksen sem spilar á Nasa 29. ágúst og einnig væri gaman að fara á smá djassmadness í Norræna húsinu 16. ágúst. Ég flýg hins vegar út til Amsterdam til náms eftir mína eigin tónleika þannig að ég get því miður ekki séð margt."

Andri leiðir Moses Hightower og Asamasada-tríóið á Rósenberg þann 16. ágúst og einnig mun hann spila á tónleikum á Kaffi Kúltúra þann 23. ágúst. *- jma*

**BJÖRN THORODDSEN TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég hlakka mikið til að sjá Hilmar Jensson með franska gítarleikaranum Marc Ducret og svo verður gaman að sjá Guðmund Pétursson gítarleikara með sinni frábæru hljómsveit," segir Björn Thoroddsen gítarleikari um viðburði Jazzhátíðar. „Annars ætla ég að reyna að sjá sem flest og vera svona á flækingi."

Björn spilar sjálfur dúett með sænska gítarleikaranum Ulf Wakenius á Nasa þann 21. ágúst, þar sem Hilmar og fleiri koma einnig fram. Trommuleikarinn Guðmundur Steingrímsson, eða papa Jazz, verður áttræður í haust og munu Björn og félagar spila honum til heiðurs. *- jma*

**SAMÚEL SAMÚELSSON TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég hlakka til að heyra í sænska bandinu Music Music Music sem spilar í Norræna húsinu sunnudaginn 16. ágúst," segir tónlistarmaðurinn Samúel Samúelsson. „Ég er líka mjög spenntur fyrir norska trompetleikaranum Arve Henriksen sem verður á Nasa 29. ágúst. Annars er alltaf skemmtilegast að vera bara á röltinu og tékka á hinu og þessu sem er að gerast." Sjálfur mun Samúel leika á hátíðinni á nokkrum tónleikum, með stórsveit sinni á Rósenberg þann 24. ágúst, með Jagúar þann 29. og með Tómasi R. Einarssyni 28. ágúst. *- jma*

# Nýjar plötur á Jazzhátíðinni

Samkvæmt nýjustu tölum koma út fjórar nýjar plötur sem beinlínis eru tímasettar til að koma fyrir almenningseyru á Jazzhátíð Reykjavíkur.

Blik Andrésar Þórs Gunnlaugssonar gítarleikara og Mæri píanistans Árna Heiðars Karlssonar koma báðar út um þessar mundir hjá útgáfufélaginu Dimmu, sem nú um stundir skartar fjölbreyttustum útgáfulista íslenskrar djasstónlistar. Margir djasslistamenn hafa gengið til liðs við Dimmu undanfarið og má nefna, auk þeirra Andrésar og Árna, saxófónleikarann Sigurð Flosason sem hefur nú tvær nýjar plötur tilbúnar til útgáfu seinna á árinu; aðra með sönglögum í flutningi Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Gröndal og hina með nokkrum laga sinna í stórsveitarbúningi Daniels Nölgaard í flutningi Nordbottens-stórsveitarinnar sænsku. Ekki má gleyma Agnari Má Magnússyni sem mun gefa út plötu með tónlistinni sem hann hljóðritaði á tónleikum Jazzhátíðar í fyrra ásamt þeim Bill Stewart og Ben Street. Er þá aðeins fátt eitt talið af fyrirætluðum útgáfum Dimmu á næstunni.

Trommuleikarinn Þorvaldur Þór er líka með nýja plötu og saxófónleikarinn Haukur Gröndal heldur sömuleiðis útgáfutónleika á þessari djasshátíð til að fagna útkomu Balkanbrjálæðisins Narodna Muzika.

Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari gefur út plötuna Blik um þessar mundir.


Láttu þér líða vel



**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.** Innifalið í öllum meðlimakortum: Er þjálfun í tækjasal undir leiðsögn þjálfara sem útbýr sérsniðna æfingaáætlun fyrir þig, fylgir þér eftir í salnum, stillir tæki og leiðbeinir þér í hvert skipti sem þú kemur að æfa. Einnig eru fjölbreyttir hóptímar í boði, aðgangur að heilsulindinni þar sem boðið er upp á herðanudd í heitu pottunum og handklæði í hvert skipti sem þú kemur. Í heilsulindinni eru tveir heitir pottar, tvær ilmgufur ásamt slökunarlaug. Úti á veröndinni er sauna og heitur pottur ásamt sólbaðsaðstöðu. NordicaSpa er einnig með nudd- og snyrtistofu og fá meðlimir 10% afslátt af öllum líkams- og snyrtimeðferðum.

| | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Fitubrennsla Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | Herþjálfun Patrick | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | Spinning Begga | | Fitubrennsla Niki | | |
| 09:00 | Leikfimi Marta | | Leikfimi Marta | | 20-20-20 Fjóla | Qi gong Viðar |
| 09:30 | | Þrekhringur Gunnar Már | | Þrekhringur Gunnar Már | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Attack Guðrún María |
| 10:30 | | | | | | |
| 11:05 | Pallabrennsla Gunnar Már | | | | Pallabrennsla Gunnar Már | Laugardagsfjör Jóhannes |
| 12:05 | Body Pump Hrafnhildur | | Spinning Marta | | Spinning Marta | Yoga Sigríður |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | Spinning Svava | Body Pump Hrafnhildur | Body Attack Guðrún María | Spinning Begga | | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 19:30 | Yoga Katrín Sigurðardóttir | Pilates Kolbrún Jónsdóttir | Yoga Katrín Sigurðardóttir | Pilates Kolbrún Jónsdóttir | | |

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

### Pallahönnun/ Garðahönnun
Sendið teikningar og ljósmyndir af húsinu, sumarbústaðnum eða sveitabýlinu og ég teikna upp pallinn og/eða garðinn í 3vídd og grunn. Lifandi teikningar og áratuga reynsla. Lóðalist ehf. Bjarnheiður Erlendsdóttir S. 699 2464 Netf: 2shadows@internet.is.

### Trjáfellingar
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

### Sumarklippingar!
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Greiðsluaðlögun, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

## Húsaviðhald

**Caelum verktakar Reykjavík og nágrenni**

**Hellulagnir, þökulagnir, klóaklagnir, drenlagnir, múrviðgerðir, flísalagnir og allt því tengt, berum á sólpalla, garðúðun, grassláttur og margt margt fl. Fagleg og góð þjónusta. Tökum að okkur stór og smá verk. Tilboð að kostnaðarlausu. Uppl. í síma 820 8888.**

### Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**

Tek að mér viðhaldsverkefni stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður 698 9608.

### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða mála þakið? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

## Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Stífluþjónusta

## Tölvur

### Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin

## Nudd

Tantric whole body massage in down town any time!!! 8698602

NEW! LUXURY WHOLE BODY MASSAGE in down town. 8476555

### NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

## Spádómar

**Spálínur Sjáandans**

**Opið virka daga**
**Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**

**Sibba 908 2507 kl. 22-24**

**Spádómar og ráðgjöf**

### 661 3839 - Símaspá
Opið alla daga frá kl 16:00.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil, einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

## Trésmíði

### smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Rafvirkjun

## Önnur þjónusta

### Pípulagningaþjónusta
Viðhald, viðgerðir og breytingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gummi pípari s. 897 3159.

### Hreinsa þakrennur
Hreinsa þakrennur fyrir veturinn. Uppl. í s. 847 8704.

## Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

### NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

### Tantric Massage of Sacred touch
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið



Smáskipanámskeið 14/9 - 22/10. Fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 14/9 - 22/10 fjarnám. Skráning á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



Til sölu stór glæsilegir hreinræktaðir Labrador hvolpar með ættbók frá Hrfí. Foreldrar með fyrstu einkunn. Allar nánari upplýsingar í síma 866 2355, Tinna.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

## Fyrir veiðimenn

### Góðir maðkar
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133 & 841 7139.

Er með laxa- og silungaorma á 40kr. stk. S. 772 1615 eða 770 2040.

## Húsnæði í boði

4-5 herb. 200fm húsnæði til leigu í Árbænum. 180þ. með rafm. og hita. Reglusemi/reyklaust skilyrði. S. 694 1654, Þröstur.

## Sundleikfimi

## Þjónusta

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.**
**For more info call 661-7000**

**Ármúli - Skrifstofuhúsnæði Einbýlishús - Kjalarnesi**

**Til leigu á 2. hæð við Ármúla þrjú góð skrifstofuherbergi þar af tvö samliggjandi. Sameiginleg kaffistofa. Aðgangur að fundarherbergi sé þess óskað. Á hæðinni eru nokkur fyrirtæki með aðsetur.**

**Höfum einnig til leigu rúmgott einbýlishús á góðum stað á Kjalarnesi, Reykjavík.**

**Upplýsingar hjá Ernu í 892-4717 eða Guðmundi 865-3022.**

**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, Ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Ný 4ra herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

Til leigu 30fm innréttaður bílskúr í Kóp. Leigist námsmönnum. S. 896 6012

Sér stúdíóíbúð til leigu. Á friðs. stað. Reglusemi áskilin. S. 847 7596. frá 16

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu nýleg 120m2 íbúð í 220 Hafn. m. bílskýli V. 140per mán. S. 892 7858.

Í póstnr. 104 er til leigu gott forstofuherbergi með sér snyrtingu. Aðgangur að eldhúsi, baði og þvottah. Upplýsingar í síma 8638510

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. Þarf að vera laus strax. Greiðslug. 50-90 þús. Langtímaleiga. S. 845 7418.

Par sem á von á barni óskar eftir 3ja herb. íbúð miðsv. í Rvk. Reyklaus og reglusöm. Ása s.6954433.

**Lindarhverfi og nágrenni.**
**Óskum eftir ca. 3 herbergja íbúð/parhús/einbýli/blokk til leigu. Reglusemi og öruggar greiðslur.**
**Nánari upplýsingar í s. 864 5856.**

Óska eftir húsnæði til leigu með 3 svefnherbergjum í Ásahverfi eða Sjálandshverfi Garðabæ. Fullkomin reglusemi og öruggar greiðslur. Sími 863-6664 og 565-6401

## Sumarbústaðir

Glæsilegur lúxusbústaður til leigu í Borgarfirði, laus. S. 896 0675 eða http://storaborg.123.is

Sumarbústaður til leigu, einungis fyrir eldri borgara. Bústaðurinn er á einum fegursta stað í Borgarfirði, mikill gróður, náttúrufegurð. 14 km. frá Borgarnesi. Uppl. í s. 896 8769.

## Atvinnuhúsnæði

3ja herb í Lindum(201), 95m2, vel skipulögð og góð. 120þús. Laus. ragnarmar@hotmail.com / 844 4615.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakar í Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími: ýmsar vaktir í boði . Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.**

**Hamar ehf óskar eftir starfsmönnum,**
**Hamar ehf er fyrirtæki á sviði málmiðnaðar, vegna mikilla umsvifa óskum við eftir að ráð til starfa vélvirkja, plötusmiði, rennismiði og rafsuðumenn.**
**Upplýsingar veitir Kári Pálsson í síma 6603600 kari@hamar.is eða Sigurður K. Lárusson í síma 6603613 siggil@hamar.is**

## Þjónusta

**Ræsting**
**Óskum eftir fólki til starfa við ræstingu sem fyrst. Íslensku kunnátta skliyrði.**
**Vinsamlegast leggið inn umsókm á : info@bonbraedur.is**

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir. Í boði er hálfsdags starf og heilsdagsstarf.**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.**
**Uppl. í s. 899 9495, Jónína eða á cyrus@simnet.is**

**Langar þig til að vinna á líflegum og fjölbreyttum vinnustað?**
**Hefurðu gaman af börnum og mannlegum samskiptum? Íþróttafélagið HK leitar að sjálfstæðum og ábyrgðafullum einstaklingi, ekki yngri en 20 ára, í fullt starf. Starfið felst m.a baðvörslu, þrifum og almennri húsvörslu. Starfið hentar báðum kynjum.**
**Áhugasamir sendið umsókn með helstu upplýsingum fyrir mánudaginn 17.ágúst nk, á hk@hk.is eða HK, Digranesi - íþróttahús, 200 Kópavogi.**

**Ísbar/Booztbar, Borgartúni**
**Óskar eftir að ráða fólk í dagvinnu. Í boði er hálfsdags og heilsdagsstarf.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924 Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Hamar ehf óskar eftir undirverkökum,**
**Hamar ehf er fyrirtæki á sviði málmiðnaðar, vegna mikilla umsvifa óskum við eftir að ráð Rafsuðumenn til starfa tímabundið.**
**Upplýsingar veitir Kári Pálsson í síma 6603600 kari@hamar.is eða Sigurður K. Lárusson í síma 6603613 siggil@hamar.is**

**Starfskraftur óskast í fjölbreytt starf.**
**Um er að ræða 100% starf frá 08:00 á morgnanna, starfið skiptist í þrif annarsvegar og afgreiðslu hinsvegar.**
**Aðeins stundvís, heiðarlegur og kraftmikil starfskraftur með mikla þjónusulund kemur til greina.**
**Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049**

kokkarnir

**Kokkarnir veisluþjónusta**
**leitar eftir starfsfólki í aukavinnu seinnipart viku og um helgar í Osta og sælkeraborðinu í Hagkaupum Kringlunni. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 20 ára.**
**Áhugasamir hafið sambandi í síma 511-4466 eða sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is**

**Rizzo pizzeria**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt og hlutastarf. Upplýsingar í s: 898 9979 milli kl 12-16 í dag.

**Símadömur óskast**
Finnst þér gaman að tala við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur, 25-45 ára. Nánar á vef okkar, raudatorgid.is (atvinna).

**Au-pair í London**
Óskum eftir að ráða 17-20 ára stúlku. Skilyrði: barngóð, heiðarleg, reyklaus og bílpróf. Frá sept.-júlí '10. Umsóknarfrestur til 15.ágúst. Berist á huldae@simnet.is.

Bar 11 og Sódóma óskar eftir barþjónum. Uppl. í s. 695 5676 milli kl. 14-17

Potrzebujemy kobiety do pracy (filetowanie). Zapewniamy zakwaterowanie. Blizsze informacje pod nr tel. 840 4581.

Matreiðslumaður/kona óskast á veitingastað á Vestfjörðum. Framtíðarstarf og góð laun. S. 862 2221.

Múrarar. 5 hæða hús sem þarf að yfirvara og steina viðgerðir. gunnij@hotmail.com

## Atvinna óskast

Vanur meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu,stundvís og reglusamur,góð meðmæli,einnig áhugi á sjómennsku búin með slysavarnask.sjóm.s:618 6032.

Karlmaður um fertugt vantar vinnu. Allt kemur til greina. S. 860 3970.

## Viðskiptatækifæri

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

## Tilkynningar

Orlofsíbúðir og herbergi laus í Ágúst á Þingeyri í sumar. Gott verð. S 456 1600. Hótel Sandafell.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

Óska eftir að kynnast konu á aldrinum 45-55 ára. Upplýsingar í síma 8929512

**Kona: hvers leitar þú?**
Konur í leit að tilbreytingu hafa nýtt sér símaþjónustu Rauða Torgsins í rúm 10 ár með frábærum árangri. Leggðu in auglýsingu og þú nærð strax sambandi við reynda karlmenn. Þjónustan er gjaldfrjáls. Síminn er 555-4321.

**Ung kona vill kynnast**
reyndum karlmanni, 22-32 ára, með góða skemmtun í huga. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8165.

**Ungur maður**
er alveg ólmur í að hitta karlmann. Auglýsingu hans má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8940.

## Til sölu

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

VANTAR ÞÉR PENING? Ertu með gullskartgrip, gullpening eða annað úr gulli sem þú vilt selja? Komdu til okkar á Laugarvegur 76 og þáðu gott staðgreiðsluverð.Uppl.695-2804

Softub eða rafhitaður heitapottur óskast keypt. Uppl. s. 866 1551.

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Hljóðfæri

**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Til bygginga

Til sölu 40 ft, stálgámur m/hillurekka + ljós. Verð 260 þús/ gámagrind eða pallur óskast keyptur eða í skiptum til notkunar á krókheysibíl 6 hjóla. S. 892 4730

**Eigin atvinnurekstur!**
Hef til sölu vélar til framleiðslu á gluggum og hurðum úr plastefnum. Vélarnar verða til sýnis samkvæmt frekara samkomulagi. S. 892 4730

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Óska eftir byggingarefni. Gips, stoðir, þakull, þakdúk o.fl. Uppl. bjarnimb@internet.is eða 896 6766.

## Verslun

Öryggis- og peningaskápar.

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

vodafone Iceland Express 1011 ...alltaf opið! Vörður

SPORT 2
enski boltinn

VERTU MEÐ FRÁ UPPHAFI

# ENSKI BOLTINN

## FYRSTA UMFERÐ UM HELGINA

**Kannt þú að halda bolta á lofti?**

10 bestu fá mánaðaráskriftir að Stöð 2 Sport 2 og sá allra besti fær Enska boltann frítt í allan vetur.

Keppt verður í Kringlunni á laugardaginn milli kl. 12:00 og 13:30. Skráðu þig til leiks í bás Stoðvar 2, Kringlunni fyrstu hæð.

### Á LAUGARDAG

KL. 16:15
**Everton – Arsenal**

| | | |
|---|---|---|
| KL. 11:30 | Chelsea – Hull | |
| KL. 13:45 | Blackburn – Man.City | SPORT 2 |
| KL. 13:45 | Aston Villa - Wigan | SPORT 2 |
| KL. 13:45 | Wolves - West Ham | SPORT 2 |
| KL. 13:45 | Portsmouth - Fulham | SPORT 2 |
| KL. 13:45 | Stoke - Burnley | |
| KL. 18:30 | Mörk dagsins | |

### Á SUNNUDAG

KL. 14:50
**Tottenham – Liverpool**

KL. 12:20 Man.Utd – Birmingham

BARCLAYS PREMIER LEAGUE




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

NOKKUR ORÐ
Víðir Smári Petersen

# Enginn ísbjörn en nokkrir rónar

Ég var á Grænlandi síðastliðinn þriðjudag í dagsferð til Kulusuk sem ég hafði unnið í einhverjum leik í sjónvarpinu með tveimur öðrum. Ísbjörn varð því miður ekki á vegi okkar en þó voru nokkrir kynlegir kvistir í þessari stórskemmtilegu ferð. Við komum um hádegi að grænlenskum tíma, vegna seinkunar, og þurftum að labba í 40 mínútur inn í 300 manna bæinn sem kenndur er við lakkríssúkkulaði frá sælgætisfyrirtækinu Kólus. Þar fórum við inn í hógværa minjagripabúð og slappa matvörubúð, sem þó seldi Kim´s-kartöfluflögur sem ég hafði ekki séð lengi.

Löbbuðum við um bæinn og heilsuðum upp á bæjarbúa og nokkra matarsvelta sleðahunda. Við okkur blasti sú undarlega sjón að strax við hádegisbilið voru Grænlendingarnir byrjaðir að drekka bjór og reykja á götum úti – svolítið annað en Íslendingar eiga að venjast á virkum degi.

Leiðsögumaðurinn talaði um að tvö stærstu félagslegu vandamál Grænlands væru alkóhólismi og há sjálfsmorðstíðni en þetta virðast vera nokkuð samverkandi þættir í þessum litla bæ. Nýi kirkjugarður bæjarins, sem þurfti að byggja árið 1990 vegna plássleysis í þeim gamla, var við það að verða nokkuð pakkaður.

Þrátt fyrir eymdina var ótrúlega gaman að sjá eyjuna. Flestir sem urðu á vegi okkar voru í góðu lagi og við hlustuðum á innfædda ævagamla konu syngja og dansa trommudans og fylgdumst með sjóara róa um á áttatíu ára gömlum kajak. Hefði ekki viljað skipta þessari ferð fyrir helgarferð á Strikinu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# FARTÖLVU TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

acer ASUS lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

**OPIÐ Í DAG**
10:00 - 19:00
**FÖSTUDAG**
10:00 - 19:00
**LAUGARDAG**
11:00 - 18:00
**SUNNUDAG**
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**15.00**
*Hið árlega sumargrill Krafts verður haldið í dag. Kraftur er stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein og aðstandenda þeirra og er grillið liður í starfi félagsins. Boðið verður upp á grillmat og skemmtiatriði í Nauthólsvíkinni en Villi Naglbítur skemmtir ásamt Sveppa.*
*Dagskráin hefst klukkan þrjú og stendur til átta, en von er á skemmtikröftunum um fjögur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Leika einsamir á ný

Allir helstu einleikir sem landinn hefur alið af sér seinasta árið safnast saman á Act Alone-einleikjahátíðinni fyrir vestan um helgina. Hátíðin hefst á föstudagskvöld með tveimur einleikjum, brúðuleikhússýningunni Umbreytingu, ljóði á hreyfingu úr smiðju Bernds Ogrodnik og Here I Stand með Róbert Snorrason í sviðsljósinu. Grímuverðlaunasýning Grindvíska atvinnuleikhússins, 21 manns saknað, Ég heiti Rachel Corrie með Þóru Karítas Árnadóttur og Ódó á gjaldbuxunum með Þóreyju Sigþórsdóttur eru svo á boðstólum á laugardagskvöld. Á sunnudag er svo boðið upp á sýningu á Gíslastöðum í Haukadal í Dýrafirði um sögu einleikja á Íslandi. Þar heldur einnig Jón Jónsson fyrirlestur um formið og Hörður Torfa heldur tónleika um kvöldið. Verður þetta í sjötta sinn sem hátíðin er haldin á Vestfjörðum, en hátíðin er runnin undan rifjum Elfars Loga Hannessonar sem sér um Kómedíuleikhúsið. Ókeypis er inn á alla viðburði.

**STILLIR STRENGINA** Brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sýnir á Act Alone.

**> Ekki missa af ...**

Reykjavík Jazzhátíð sem hefst í dag með pompi og prakt í Norræna húsinu klukkan átta. Hátíðin er haldin í tuttugasta sinn og er vegleg með eindæmum. Þá er boðið upp á teiti fyrir djassgeggjara á Rósenberg upp úr tíu.

# Eyrun stækka á okkur öllum

„Ætli maður geri það ekki óvart, þegar maður heyrir eitthvað sem manni finnst spennandi. Er ekki eitthvað í öllum sem lætur eyrun stækka?“ segir Rósa Ómarsdóttir þegar hún er spurð út í eigin gægjuþörf. Ástæðan fyrir spurningunni er nýtt dansverk sem hún og fimm aðrir dansarar, fjórir fatahönnunarnemar og einn tónsmíðanemi standa að og heitir Ég sé þig. Frumsýningin er í kvöld.

„Við tókum fyrir forvitni og gægjuþörf og hvernig manneskjan er alltaf að fylgjast með öðrum og gægjast þó hún viðurkenni það ekki sjálf. Vinkona okkar var á kaffihúsi og heyrði skemmtilegar samræður á milli pars sem var eiginlega að rífast. Gægjuþörfin í henni kom upp og hún skrifaði það niður. Við höfum notað þann texta mjög mikið.“

Um hvað var rifist? „Við erum ekki enn þá búnar að komast að því. Þetta er mjög óræður texti.“

Út frá samtalinu var farið að skoða þessa hneigð mannsins. „Við fórum líka inn á „peepshow“ og gægju-blæti og þaðan kom umgjörðin, fatahönnunarstelpurnar unnu mikið út frá því. Þetta er svolítið rokkuð sýning, tónlistin er mjög rokkuð og búningarnir.“ Þorbjörn Kolbrúnarson semur tónlistina.

Verkefnið er ekki styrkt nema með húsnæði í Austurbæ. „Það er frábært tækifæri að fá að komast að þarna. Við erum bara að gera þetta sjálfar, eftir vinnu.“

Frumsýnt er í kvöld klukkan níu, en aðrar sýningar eru á sama tíma, 22. og 28. ágúst . Miðapantanir fara fram í gegnum artFart og kostar 1.000 krónur inn.

- kbs

**Á EIGIN VEGUM** Rósa, Ásrún, Berglind, Kara, María og Þyri skoða gægjuþörf þína. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ÚTI UM ALLT** Djassgeggjarar þjóðarinnar láta sig ekki vanta á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýr banki í boði

**Dagskrá Menningarnætur var kynnt í gær með tilheyrandi húllumhæi í gamla Zimsen-húsinu í Grófinni. Þrennir útitónleikar, nýr banki og húsin í bænum koma við sögu.**

Utanríkis-, sjávarútvegs-, landbúnaðar- og forsætisráðuneytið ætla að opna dyr sínar á Menningarnótt, en þema Menningarnætur í ár er húsin í bænum. Þá bjóða MR, indverska sendiráðið og Höfðatorg heim gestum. Hægt verður að fara upp á nítjándu hæð turnsins og ferðast svo niður með bandi.

Meðal atriða sem styrkt voru af Landsbankanum í ár má nefna endursköpun Fjallkonunnar í Hljómalind, en Fjallkonan var fyrsta kaffihúsið í Reykjavík sem rekið var af konu. Þá vekur athygli stofnun nýs banka, ValhallaBank.

„Þetta er sem sagt erlendur banki sem stefnir að því að hjálpa Íslendingum upp úr aðstæðunum í dag og er með nýjar áherslur,“ segir Eva Rún Snorradóttir „útibússtjóri“, en fyrsta útibú bankans reis á Akureyri. Staðsetning bankans er dulin. „Hann er í lítilli verslunarmiðstöð, ég get ekki sagt meira,“ segir Aðalheiður Árnadóttir, hinn umsjónarmaður bankans. Áhorfendur verða sóttir á Bæjarins bestu.

Þá kynnir Menningarnótt Íslenska slagverktaka. „Þessir verktakar eru ekki að byggja hús. Þeir leika á húsin, húsin sjálf eru hljóðfærin og fer Karl Ágúst Úlfsson fyrir þeim vaska hópi,“ segir Sif Gunnarsdóttir, formaður Höfuðborgarstofu. Þá verður djassinn áberandi um borg og bæ.

Tónleikar næturinnar verða ekki á Miklatúni þetta árið en boðið verður upp á þrenna í þeirra stað. Eina í Hljómskálagarðinum, en þar troða upp Þursaflokkurinn, Páll Óskar, Papar og Ingó og Veðurguðirnir meðal annarra. Aðrir verða á Ingólfstorgi, en þar ber helst að nefna Hjálma og Baggalút. Tónleikarnir á Skólavörðustíg verða öllu rólegri, með Árstíðum og poppmessu. Þá verður menningardagskrá á Óðinstorgi til styrktar Grensásdeild, Á rás fyrir Grensás, en Edda Heiðrún Backman stendur fyrir henni.

Alla dagskrána má finna á menningarnott.is og hægt að fá hana beint í símann en dagskráin verður ekki prentuð í ár. kbs@frettabladid.is

# Lay Low með ókeypis tónleika

Tónlistarkonan Lay Low spilar í Rammagerðinni í Hafnarstræti í kvöld. Þetta verða aðrir tónleikarnir þar í sumar, þar sem Svavar Knútur steig þar á svið í lok júlí við góðar undirtektir. Markmiðið er að bjóða upp á það forvitnilegasta í íslenskri tónlist nokkur fimmtudagskvöld í sumar fyrir jafnt erlenda sem íslenska gesti án endurgjalds. „Sigurjón Sighvatsson sem er einn af eigendum Rammagerðarinnar fékk þessa hugmynd að bjóða upp á íslenska tónlist í búðinni. Hann hafði samband við mig og bað mig um að hjálpa sér að útfæra þetta," segir Kári Sturluson tónleikahaldari.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 en um tvö hundruð gestir komast fyrir á staðnum.

Af Lay Low er það annars að frétta að hún er á leiðinni í aðra tónleikaferð um Evrópu með Emilíönu Torrini. Stendur hún yfir frá 24. september til 13. október og spila þær meðal annars í Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi og Belgíu. Síðast ferðuðust þær um Evrópu í febrúar og spiluðu í sömu löndum. Í þetta skiptið verða þær þó á stærri stöðum en áður og er helsta ástæðan fyrir því gríðarlegar vinsældir lagsins Jungle Drum með Emilíönu. - fb

**LAY LOW** Tónlistarkonan Lay Low spilar í Rammagerðinni í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ganga meðal leiða

Ný leiksýning, Ganga, verður frumsýnd í kirkjugarðinum við Suðurgötu í kvöld. Verkið er um ungan mann sem situr og fer yfir ræðu sem hann ætlaði að fara með í erfidrykkju hjá vini sínum. „Hann hefur fengið nýjar fréttir af þessum vini skömmu áður og er að endurskoða öll fallegu orðin sem hann skrifaði. Svo koma þarna inn í fjölskylda og vinir," segir Víkingur Kristjánsson leikstjóri. Aðalhlutverkið leikur Nikulás Stefán Nikulásson, en þeir Víkingur, sem og annar höfundur verksins, Halldóra Rut, kynntust þegar Víkingur leikstýrði Stúdentaleikhúsinu. Þá leikur Lilja Nótt Þórarinsdóttir í verkinu. Sýnt er á torginu í garðinum. „Við erum voða skotin í því."

**GANGA** Ný leiksýning í kirkjugarðinum í kvöld.

Sýningar eru 13., 14. og 15. ágúst klukkan átta og mæta gestir í Leikhús-Batteríið. Miðinn fer á þúsund krónur og eru miðapantanir í síma 897-0496. - kbs

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 13. ágúst 2009**

### Tónleikar

**20.00** Óperukórinn og **The New England Youth Ensemble** undir stjórn Garðars Cortes, efna til tónleika í Langholtskirkju við Sólheima þar sem flutt verður óratórían „The Vision of the Apocalypse" eftir Virginiu-Gene Rittenhouse.

**21.00** Hljómsveitin **Mosi frændi** heldur tónleika á **Grand Rokk** við Smiðjustíg. Sérstakir gestir tónleikanna verða Felix Bergsson, Páll Óskar Hjálmtýsson, Þorsteinn Joð og Hjalti Stefán Kristjánsson.

**21.30** **Tríó Andrésar Þórs** flytur djassstandarda og frumsamið efni á tónleikum í Deiglunni við Kaupvangsstræti á Akureyri.

**22.00** Hljómsveitirnar Árstíðir, Lights on the Highway og Air Electric verða með tónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu.

### Sýningar

Í Þjóðarbókhlöðinni við Arngrímsgötu stendur yfir sýning á íslenskum kvennablöðum og kvennatímaritum í glerhýsinu á 2. hæð. Á sömu hæð er einnig sýning um kreppuna árin **1923-1939.** Í þjóðdeild á 1. hæð er sýning um Gunnar Gunnarsson rithöfund. **Opið virka daga kl. 8.15-19, lau. kl. 10-17 og sun. kl. 11-17.**

**Edda Guðmundsdóttir** sýnir yfir 20 olíumálverk í Menningarsalnum á Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði. **Sýningin er opin daglega.**

### Síðustu forvöð

Í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri sýnir **María Sigríður Jónsdóttir** olíumálverk á svölunum og Halldóra Helgadóttir og Guðrún Halldórsdóttir sýna verk í salnum. Sýningum lýkur 16. ágúst. Opið kl. 13-17 alla daga nema mánudaga.

### Leikir

**20.00** Boðið verður upp á dagskrá undir yfirskriftinni **„Komdu út að leika"** í Kvosinni. Þar gefst börnum og fullorðnum kostur á að taka þátt í leikjum og þrautum og fræðast um líf barna á þessu svæði frá fyrri tíð. Safnast verður saman við Grófarhús við Tryggvagötu. Nánari upplýsingar á **www.borgarbokasafn.is.**

### Leikrit

**18.00** Leikhópurinn Kraðak sýnir verkið **„Let's talk local - Reykjavík"** á Restaurant Reykjavík við Vesturgötu 2. Þar er rakin saga Reykjavíkur frá landnámi til dagsins í dag. Sýningin fer fram á ensku og verður sýnd alla daga kl. 18.

**18.00** Leikhópurinn Lotta sýnir **„Rauðhettu"**, nýtt íslenskt leikrit með söngvum. Í dag fer sýningin fram á Vífilsstaðatúni í Garðabæ.

**20.00 og 21.00** Ævar Þór Benediktsson flytur einleikinn **„Ellý, alltaf góð"** eftir Þorvald Þorsteinsson. Mæting í Leikhús-Batteríið að Hafnarstræti 1 en þaðan er gengið stuttan spöl í Þingholtin. Þessi viðburður er í tengslum við artFarthátíðina. Nánari upplýsingar á **www.artfart.is.**

### Dans

**21.00** Danshópurinn „Leyf mér að sjá þessa leggi dansa" sýnir verkið „Ég sé þig" í **Austurbæjarbíói** við Snorrabraut. Þessi viðburður er í tengslum við artFarthátíðina. Nánari upplýsingar á www.artfart.is

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

Stund samstöðu er runnin upp!

Samstöðufundur allra Íslendinga
á Austurvelli í dag, fimmtudag kl. 17.00

Sýnum þingmönnum, fulltrúum erlendra fjölmiðla og öðrum ríkjum í alþjóðasamfélaginu að Íslendingar standa saman. Við viljum sanngjarnan Icesave samning sem þjóðin getur staðið við. **Icesave samninginn má ekki samþykkja í núverandi mynd.**

**Ræðumenn**
Elínbjörg Magnúsdóttir - Fiskverkakona
Einar Már Guðmundsson - Rithöfundur
Andrés Magnússon - Læknir
Jóhannes Þ. Skúlason - InDefence

**Fundarstjóri**
Egill Ólafsson

**Tónlist**
KK
Jónas Þórir - Píanó
Egill Ólafsson ásamt fleiri uppákomum

InDefence

Þessi auglýsing er fjármögnuð með frjálsum framlögum.

**> Í SPILARANUM**

**Brendan Benson** – My Old Familiar Friend
**Eiki Einars** - Ég er með hugmynd
**Grizzly Bear** - Veckatimest
**Andrés Þór** - Blik
**Egill Sæbjörnsson** - Egill S

**tónlist**

tonlist@frettabladid.is

# Feðgar í tónleikaferð við Eystrasalt

Feðgarnir Óskar og Pan Thorarensen sem skipa rafdúettinn Stereo Hypnosis eru á leiðinni í tónleikaferð um Eystrasaltslöndin 1. september. Þar munu þeir spila á tónlistarhátíðum í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. „Þetta er hrikalega spennandi og það fyndna við þetta er að við erum að fara í fyrsta skipti saman til útlanda," segir Pan. „Þetta verður bara lúxusferð. Það er búið að redda öllu fyrir okkur, bæði gistingu og ferðum á milli þannig að þetta verður skemmtilegt."

Ein hátíðin sem þeir fara á nefnist Eclectica/Avant Garde og er alþjóðleg raftónlistarhátíð sem er haldin árlega í Eistlandi. Á meðal þeirra sem hafa komið þar fram eru Trentemöller, Röyksopp og The Knife. Í fyrra var tónlistarmaðurinn Brian Eno, sem hefur unnið mikið með U2, heiðursgestur hátíðarinnar.

Áður en feðgarnir fara út halda þeir útgáfutónleika á laugardaginn í félagsheimilinu Röst á Hellissandi og eru gestir hvattir til að hafa tjaldið og lopapeysuna með í för. Tilefnið er útgáfa plötunnar Hypnogia sem er væntanleg í lok ágúst. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og frítt er inn. **- fb**

**STEREO HYPNOSIS** Feðgarnir halda útgáfutónleika á Hellissandi á laugardaginn.

**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

## *Guð blessi kassettuna*

Tónlistarheimurinn er að ganga í gegnum skrýtna, en að mörgu leyti spennandi, tíma þessi misserin. Þó að enn seljist mest af tónlist á geisladiskum í heiminum þá fer sú sala ört minnkandi og rómaðar stórverslanir vestan hafs og austan leggja upp laupana hver á fætur annarri, nú síðast Virgin Megastore í New York. Á móti er sala á stafrænni tónlist að aukast og ýmis önnur form tónlistar fá nú meiri athygli en áður. Áhuginn á vínylplötum hefur stóraukist og meira að segja gamla góða kassettan virðist vera að fá smá uppreisn æru.

Nýlega hitti ég þýskan útgefanda og safnara sem hafði keypt eintak af íslensku safnspólunni Rúllustiganum í Grikklandi og var mjög spenntur fyrir öllum gömlu íslensku neðanjarðarsnældunum. Á níunda áratugnum og fram á þann tíunda var kassettan aðalútgáfuformið í grasrótinni hér á landi og safnsnældur á borð við SNARL, Skúringar og Strump voru eiturferskar. Og nokkrar frábærar plötur komu eingöngu út á þessu formi. Mosi frændi, sem kemur fram í fyrsta sinn í tuttugu ár á Grand rokk í kvöld, gaf til dæmis árið 1987 út hina stórskemmtilegu Suzy Creamcheese for President og sveitir eins og Oxzmá, Fan Houtens Kókó, Muzzolini og Texas Jesús gerðu sömuleiðis fínar spólur.

En það er ekki bara aukinn áhugi fyrir gömlu snældunum. Það er líka verið að búa til nýjar. Hinn geðþekki hávaðaseggur AMFJ (Aðalsteinn Mother Fucker Jörundsson) var til að mynda að senda frá sér spóluna Ítemhljóð og Veinan. Á hlið A eru sex verk tekin upp í hljóðveri, en á hlið B eru meðal annars tónleikar frá Café Amsterdam 30. desember 2008. Þeir sem hafa séð AMFJ spila vita að þar er ekkert gefið eftir. Upplýsingar um útgáfuna má finna á www.falkworld.net.

**NOSTALGÍA** Framhliðin á snældu Mosa frænda, Suzy Creamcheese for President, er eftirminnileg, en endurkomutónleikar sveitarinnar eru á Grand rokk í kvöld.

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| Fatastíll | Litgreining | Innkaupastjóri |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Útlitsráðgjafi |
| Textill | Litasamsetning | Stílisti |
| | | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti

Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is


# Enginn í spor Erics Clapton

**Laugardaginn 8. ágúst var eitt ár liðið síðan síðustu stórtónleikar með erlendum flytjanda voru haldnir hér á landi. Þá steig gítargoðið Eric Clapton á svið Egilshallar fyrir framan þrettán þúsund áhorfendur.**

Tónleikarnir eru þeir næststærstu sem hafa verið haldnir hér á landi með erlendum flytjanda. Aðeins rokksveitin Metallica hefur laðað að sér fleiri áhorfendur, eða átján þúsund talsins í Egilshöllinni árið 2004.

Grímur Atlason skipulagði Clapton-tónleikana og þrátt fyrir að miðarnir hafi nánast selst upp fór hann afar illa út úr þeim fjárhagslega. Ástæðan var sífellt lækkandi gengi krónunnar, enda voru þeir haldnir aðeins tveimur mánuðum fyrir bankahrunið. Síðan þá hafa engir erlendir stórtónleikar verið haldnir hérlendis og algjörlega óvíst hvenær af því verður næst, enda kreppan ennþá í algleymingi.

„Ísland er náttúrulega rugl umhverfi fyrir svona vettvang. Ég gerði „díl" við Eric Clapton í október 2007. Þá var gengið þannig að einn dollari var 58 krónur. Ég borgaði fyrsta helming greiðslunnar og þá var gengið einn dollari á 73 krónur. Þegar ég borgaði síðari helminginn var hann á 83 krónur. Það var sama hversu marga miða ég seldi. Þetta fór til andskotans og ég kom út í stórtapi," segir Grímur. „Ég gerði „díl" um flugvél sem ég þurfti að leigja og gerði það í febrúar. Þá kostaði hún mig rétt rúmar fimm milljónir. Þegar ég greiddi hana borgaði ég tæpar tíu. Fimm vikum eftir að ég byrjaði að selja miða féll gengið um þrjátíu eða fjörutíu prósent og það var alveg hrikalegt fall."

Þrátt fyrir að hafa farið illa út úr tónleikunum er Grímur stoltur af þeim, enda heppnuðust þeir mjög vel. „Þetta var ofboðslega flott gigg. Þetta var alvöruband, trommuleikarinn hans McCartneys og rosalegur mannskapur. En þetta var eiginlega „katastróf". Ég get ekki alveg skilið það þegar menn eru í einhverri þjóðerniskennd að tala um íslenska krónu. Það er alveg hræðilegur gjaldmiðill. Stöðugleikinn er enginn og maður veit ekkert. Öll plön eru bara út í bláinn."

Fimm aðrir stórtónleikar voru haldnir í fyrra, allir í Laugardalshöllinni, og var tap á þeim öllum. Fyrst steig á svið John Fogerty 21. maí, tónleikar sem Grímur skipulagði einnig, síðan Bob Dylan 26. maí, því næst Whitesnake 10. júní og tveimur dögum síðar tróð James Blunt upp. Loks mætti hingað Paul Simon 1. júlí áður en Clapton lokaði hringnum í ágúst.

Ljóst er að miðað við ástandið hérlendis gætu íslenskir tónlistaráhugamenn þurft að bíða í það minnsta í ár í viðbót eftir því að berja erlendar stjörnur augum í Egils- eða Laugardalshöll. Eftir offramboð síðustu ára þar sem hverjir tónleikarnir ráku aðra á okkar litla markaði er hvíldin kannski bara af hinu góða. „Staðan er gasaleg," segir Grímur. „Við súpum seyðið af því að það voru haldin endalaus gigg sem voru í boði einhverra banka. Það var alltaf talað um að það væri uppselt en þá var helmingurinn af miðunum borgaður af einhverjum bönkum. Þessi tónleikabransi er orðinn verulega skaddaður af þessu rugli." **freyr@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SÍÐUSTU STÓRTÓNLEIKARNIR?**

Breska goðsögnin **Eric Clapton** spilaði í Egilshöll fyrir framan rúmlega þrettán þúsund manns. Sveitarstjórinn **Grímur Atlason** tapaði stórfé á Clapton-tónleikunum.

**HVAÐ ER FRAMUNDAN?**

**Jethro Tull** í Háskólabíói 11. og 12. september.

**Raggi Bjarna** í Höllinni 26. septemb

**Iceland Airwaves** 14.-18. október.

**Kristján Jóhannsson** í Höllinni 17. október

# Flytja ekki inn Kókópöffs-pakka

Fyrirtækið Concert skipulagði tónleika Bobs Dylan og James Blunt í fyrra. „Við sömdum um þetta áður en gengið hrundi og þegar kom að því að borga var upphæðin búin að hækka alveg svakalega," segir Ísleifur B. Þórhallsson. „Við komumst þokkalega heilir frá þessu en í raun og veru töpuðum við á báðum tónleikunum, það var ekkert annað hægt."

Ísleifur segir að útkoman hafi verið svekkjandi enda var búið að leggja mikla vinnu í að fá listamennina til landsins. „Ég var búinn að eltast við Dylan í tvö til þrjú ár og loksins þegar það nást samningar þá hrynur gengið svona svakalega," segir hann. „Við höfum ekki hreyft okkur síðan og ástandið hefur bara hríðversnað eftir þetta. Óvissan er algjör."

Björgvin Rúnarsson hjá 2B Company flutti Whitesnake til landsins. „Frá því að við skrifuðum undir samning við þá hækkuðu tónleikarnir um 60 til 70 prósent. Maður var kominn í svitakast áður en tónleikarnir byrjuðu," segir Björgvin, sem heldur ekki fleiri erlenda tónleika á næstunni. „Maður þorir ekki að flytja inn Kókópöffs-pakka núna."

Guðbjartur Finnbjörnsson segist ekki hafa tapað mikið á Paul Simon-tónleikunum því hann náði að endursemja við hann mánuði áður en hann kom til landsins. „Hann lækkaði sig en þetta var alveg á mörkunum. Það var ekki hagnaður en miðað við upphaflegu töluna þegar ég var að semja hefði verið mikið tap." **- fb**

**ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON** Eins og aðrir tónleikahaldarar tapaði Concert á tónleikum Dylans og Blunts í fyrra.

# Flugvél í nýju lagi Hitakúts

Hitakútur hefur gefið út smáskífulagið Palli Sveins sem er tekið af plötunni Ástin Míní. Lagið er ástaróður til flugvélarinnar Páls Sveinssonar TF-NPK og hefst það á því að vélin hefur sig á loft. Páll Sveinsson, trommari Í svörtum fötum, aðstoðaði Hitakút við gerð plötunnar og var lagið einnig samið undir áhrifum frá honum. „Þó svo að það sé ekki verið að syngja um hann viðurkennum við að hann eigi smá í þessu lagi," segir Sigurjón Sveinsson úr Hitakúti. Hann segir að þetta sé í fyrsta sinn sem flugvél semji grunn að lagi. „Við settum hana framan á lagið og þá var þetta bara komið. Við vissum að svona ætti þetta að vera."

Hitakútur fékk samþykki frá Þristavinafélaginu, Icelandair og Landgræðslunni til að nota nafn vélarinnar í laginu, sem hefur hljómað bæði á Rás 2 og Suðurlandi FM undanfarna daga. -fb

**HJÁ PÁLI SVEINSSYNI** Hitakútur hjá flugvélinni Páli Sveinssyni sem er umfjöllunarefni lagsins Palli Sveins.

# Jackson á Íslandi

Ný tónleikamynd með hinum sáluga Michael Jackson verður heimsfrumsýnd föstudaginn 30. október, þar á meðal í Smárabíói og Laugarásbíói. Myndin nefnist This Is It og er framleidd af Sony Pictures og Sony Music í fullri samvinnu við umsjónarmenn dánarbús Jacksons. Hún byggir á hundruðum æfingatíma sem og einstöku myndefni sem náðist baksviðs þegar popparinn var að undirbúa tónleikaröð sína í London. Í myndinni má sjá nokkur vel valin atriði í þrívídd, viðtöl við nokkra af nánustu vinum og samstarfsfélögum Jacksons auk þess sem hún varpar ljósi á stórbrotinn feril eins merkasta tónlistarmanns allra tíma.

**MICHAEL JACKSON** Ný tónleikamynd með Michael Jackson verður sýnd á Íslandi í október.

# Hættir í þriðja sinn

**Breska hljómsveitin The Verve er hætt störfum í þriðja sinn. Aðeins eru nokkrir mánuðir síðan gítarleikarinn Nick McCabe sagði að bandið væri komið í frí. Nú er svo komið að McCabe og bassaleikarinn Simon Jones tala ekki lengur við söngvarann Richard Ashcroft.**

**Breska blaðið Mirror segir tvímenningana telja að Ashcroft hafi notað endurkomu The Verve til að auglýsa eigin sólóferil. Herma sögur að þeir séu alfarið búnir að gefa Verve upp á bátinn og hafi stofnað nýja hljómsveit. Hún heitir The Black Ships og upptökur á fyrstu plötunni eru þegar hafnar.**

**BÚIÐ SPIL** Hljómsveitin hans Richards Ashcroft, The Verve, er endanlega búin að leggja upp laupana.

**KLIVE** Úlfur Hansson, eða Klive, spilar í Þýskalandi í september ásamt Kira Kira.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tveir bætast við Norðrið

Tónlistarmennirnir Klive og Oculus hafa verið valdir til þátttöku í verkefninu Norðrinu sem snýst um að koma íslenskri tónlist á framfæri í Þýskalandi. Kira Kira og Gus Gus leiða verkefnið í september og október. Klive, sem gaf í fyrra út plötuna Sweaty Psalms, fer út á sama tíma og Kira Kira og verður þetta fyrsta tónleikaferð hans um Þýskaland. Oculus, sem hefur getið sér gott orð í danstónlistarheiminum, ferðast síðan með Gus Gus. Þetta verður fyrsta skipulagða tónleikaferð hans.

Leikfélag Akureyrar kynnir
Björk Helga Edda
Fúlar á Móti
Nú í Loftkastalanum!
Sýningar hefjast 28. ágúst*
Leikstjóri: María Sigurðardóttir, Íslenskun og leikgerð: Gísli Rúnar Jónsson
*Styrktarsýning
Föstudaginn 28. ágúst kl. 20.00*
Sunnudaginn 30. ágúst kl. 20.00
Föstudaginn 04. september kl. 20.00
Laugardaginn 05. september kl. 20.00
Fimmtudaginn 10. september kl. 20.00
Föstudaginn 11. september kl. 20.00
* Miðaverð rennur óskert til söfnunar sem Edda Heiðrún, ásamt fleirum, stendur fyrir til uppbyggingar á Grensásdeildinni.
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL
GRUMPY OLD WOMEN LIVE
Miðasala á www.midi.is og www.loftkastalinn.is og einnig í síma: 527 1000
LEIKFÉLAG AKUREYRAR

> FORSAGA JARFA

Leikarinn Hugh Jackman staðfesti á dögunum þann orðróm að næsta kvikmyndin um hetjuna Wolverine yrði að miklu leyti tekin upp í Japan. Þar verður farið í forsögu Jarfa og fylgst með honum þar sem hann ferðast til Asíu til þess að nema heimspeki Asíubúa og bardagalistir þeirra.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Basterds á miðnætti

Föstudaginn 21. ágúst heldur Kvikmyndir.is sérstaka miðnæturforsýningu í Laugarásbíói á nýjustu mynd Quentins Tarantino, Inglourious Basterds. Myndin verður frumsýnd vestanhafs daginn eftir en hér á landi verður hún frumsýnd þann 26. Myndin, sem aðdáendur Tarantinos hafa beðið eftir með mikilli eftirvæntingu, segir frá bandarískri herdeild sem er send inn á mitt yfirráðasvæði Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni til þess að drepa eins marga þýska hermenn og hún mögulega getur og brjóta niður liðs-andann í hernum. Með helstu hlutverk fara Brad Pitt, Eli Roth, Christoph Waltz, Daniel Brühl, Til Schweiger, Diane Kruger og Mélanie Leurent.

**INGLORIOUS BASTERDS**
Nýjasta mynd Tarantinos verður sýnd í Laugarásbíói á miðnætti 21. ágúst.

# Gítarhetjur

**Jack White, Jimmy Page og The Edge úr U2 í sömu hljómsveit? Allavega í sömu mynd. It Might Get Loud fylgist með gítarhetjunum eiga gott spilerí saman og einnig sést hvað gerist eftir að leiðir skilur. Er markmiðið að skoða hvaða áhrif samstarfið hefur á þessa ólíku en leiðandi tónlistarmenn og veitir myndin innsýn í líf tónlistarmannanna.**

**Leikstjóri heimildarmyndarinnar er Davis Guggenheim en hann hefur áður leikstýrt heimildarmynd um Barack Obama, A Mother's Promise og An Inconvenient Truth. Myndin var sýnd á Sundance-hátíðinni í janúar en er frumsýnd vestanhafs á morgun.** - kbs

# Hættur við Don Kíkóta

**Johnny Depp er hættur við að leika í mynd um spænsku bókmenntapersónuna Don Kíkóta vegna mikilla tafa á framleiðslunni. Leikstjórinn Terry Gilliam ætlaði að hefja tökur á myndinni árið 2000 en ekkert varð af því, meðal annars vegna fjárhagsörðugleika. Síðan þá hefur myndin dregist á langinn.**

**JOHNNY DEPP** Depp er hættur við að leika í mynd um bókmenntapersónuna Don Kíkóta.

**„Ég get staðfest að ég mun ekki vinna með Johnny að Don Kíkóta. Hann hefur bókað sig í helling af öðrum myndum," sagði Gilliam. Depp var á meðal þeirra sem hjálpuðu Gilliam við að ljúka við myndina The Imaginarium of Doctor Parnassus eftir að aðalleikarinn Heath Ledger lést á síðasta ári.**

# Peningaleysi tefur Lóa

Tafir hafa orðið á framleiðslu söngleiksins Spider-Man: Turn Off the Dark vegna fjárhagsörðugleika. Höfundarnir eru þeir Bono og The Edge úr U2 og er frumsýningin fyrirhuguð á Broadway í New York í mars á næsta ári. Verið er að leysa úr peningaflækjunni og ekki er talið líklegt að söngleikurinn verði blásinn af þrátt fyrir að kosta á bilinu fjóra til sex milljarða króna. Enn á eftir að ráða í hlutverk Kónguló armannsins en Evan Rachel Wood mun leika Mary Jane og skoski leikarinn Alan Cumming verður í hlutverki illmennisins The Green Goblin.

**BREGST EKKI** Snake Eyes, leikinn af Ray Park, er hluti af hinu óviðjafnanlega teymi G.I. Joe. Getur hann allt sem leikfangið getur?

MYND/MOVIEWEB

# Dótakassi heimsóttur á ný

**G.I. Joe: The Rise of Cobra var frumsýnd í gær. G.I. Joe er ein margra mynda undanfarið sem eiga sér fyrirmyndir í leikföngum og teiknimyndum. Neitar nýjasta bíókynslóðin að vaxa úr grasi? Við skoðuðum þessa nýju bíóhefð.**

G.I. Joe-leikföngin voru fyrst gerð af Hasbro árið 1964 og voru geysivinsæl í Bandaríkjunum, sérstaklega á meðan Víetnam-stríðið varði. Stóðu leikföngin þá fyrir hina bandarísku hetju sem yfirvann allt og varð fljótt merki um hinn fullkomna föðurlandsvin. Varð brúðan hin fyrsta til að fá titilinn „Action Figure" og máttu strákar nú leika sér með dúkkur, svo lengi sem þær bæru þann titil. Árið 1985 urðu svo til teiknimyndaþættir með hetjunni og nokkrum vinum hans. Þá fór Hasbro í samstarf við Marvel-teiknimyndasögurnar, ekki döluðu vinsældirnar við það.

Það nýjasta í línu G.I. Joe er svo að sjálfsögðu kvikmynd. Fjallar sú um baráttu hópsins við vopnasalann Destro og hin nýju samtök, Cobra. Nýtur hópurinn nýjustu tækni og varpar upp á tjaldið fjörugu ímyndunarafli þeirra sem eitt sinn léku sér með fígúrurnar. Myndin er gerð af þeim sömu og framleiddu Transformers og er henni leikstýrt af Stephen Sommers, sem þekktastur er fyrir Mummy-myndirnar. Sienna Miller, Channing Tatum og Dennis Quaid eru meðal aðalleikara.

En Transformers og G.I. Joe er bara nýjasta viðbótin í annars gott safn mynda heimtra úr heimi leikfanga og teiknimynda. Ekki ber á öðru en að nýjasta kynslóð kvikmyndamanna sé heltekin af ævisku sinni. Turtles var nýlega mynduð og er fyrirhuguð mynd með harðjaxlinum He-Man sem ber nafnið Grayskull og er áætluð útgáfa árið 2011. Leikstjóri er John Stevenson en hann hefur áður leikstýrt Kung Fu Panda. Stelpudótið er einnig vinsælt en bæði Barbie og Bratzdúkkurnar hafa getið af sér kvikmyndir.

Ekki ber því á öðru en að bíógesti sem og kvikmyndagerðarmenn í Hollywood þyrsti í gamla dótið sitt aftur. Menn verða að börnum á ný þegar Transformers umbreytast, He-Man ákallar Grayskull og G.I. Joe teymið bjargar deginum. Þá er bara að bíða eftir Thundercats.

kbs@frettabladid.is

# Sólskinsdrengurinn til Toronto

Sólskinsdrengurinn, heimildarmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar um einhverfa strákinn Kela, Þorkel Skúla Þorsteinsson, verður á kvikmyndahátíð í Toronto. Verið er að leggja lokahönd á alþjóðlega útgáfu myndarinnar, en sú verður frumsýnd á hátíðinni í september. Þá hefur verið falast eftir myndinni á einu stærstu og virtustu kvikmyndahátíðina í Asíu, Pusan í Suður-Kóreu.

„Það er mikill heiður og gríðarleg viðurkenning fyrir myndina að vera valin á jafn stóra og virta kvikmyndhátíð og Toronto-hátíðin er," er haft eftir Margréti Dagmar Ericsdóttur, móður Kela og framleiðanda myndarinnar, í fréttatilkynningu. Margrét og Keli eru stödd í Austin í Bandaríkjunum, en þar gengst sólskinsdrengurinn sjálfur undir svokallaða RPM-meðferð.

Myndin var sýnd í upphafi árs á Íslandi og fékk góðar móttökur hvarvetna. Hún fylgir í kjölfar A Good Heart, kvikmyndar Dags Kára, sem einnig verður á hátíðinni. - kbs

**TIL TORONTO** Sólskinsdrengurinn Keli undirgengst meðferð en myndin fer á kvikmyndahátíð í nýrri alþjóðlegri útgáfu. Hér sést einnig Jón Karl Helgason.

# Dagbók Önnu Frank í bíó

Fyrirtækið Disney hefur tryggt sér réttinn til að kvikmynda nýja útgáfu dagbókar Önnu Frank. Leikstjóri og handritshöfundur verður David Mamet sem hefur á ferli sínum leikstýrt myndum á borð við State and Main, Spartan og Heist. Hann var einnig tilnefndur til Óskarsins árið 1998 fyrir handrit sitt að Wag the Dog.

Við gerð myndarinnar mun Mamet styðjast við hina frægu dagbók og leikrit þeirra Alberts Hackett og Frances Goodrich. Þeir sömdu einnig handrit kvikmyndar um Önnu frá árinu 1959 í leikstjórn George Stevens. Hún var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna og hreppti þrenn.

Anna Frank var ung gyðingastúlka sem hélt dagbók á meðan hún faldi sig ásamt fjölskyldu sinni uppi á háalofti í Amsterdam. Sagan vakti heimsathygli eftir að dagbók Önnu leit dagsins ljós eftir síðari heimsstyrjöldina. Síðan þá hefur frásögnin verið þýdd á fjölda tungumála víða um heim við miklar vinsældir.

Leikstjórinn Mamet er með fleiri járn í eldinum því að í desember leikstýrir hann sínu fyrsta leikriti á Broadway sem nefnist Race.

**ANNA FRANK** Ný kvikmynd byggð á dagbók Önnu Frank er í burðarliðnum í leikstjórn Davids Mamet.

# Snyrtivörudagar

# 15%
# afsláttur
## af öllum snyrtivörum

Tilboðið gildir fimmtudag til mánudags.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

fókus

> **BERST VIÐ LOTUGRÆÐGI**

Sharon Osbourne hefur barist við átröskun frá því að hún var unglingur og segir að hún muni alltaf eiga í erfiðleikum með mat. Í viðtali við tímaritið Psychologies líkir hún sambandi sínu við mat við eiturlyfjafíkn eiginmanns síns, Ozzys Osbourne. Hún segir að það hafi ýtt henni langt að vera lítil og feit, en Sharon hefur gengist undir fjölda fegrunaraðgerða í gegnum tíðina.

# fólk

folk@frettabladid.is

# Heldur pókermót fyrir dömur

„Við prófuðum að hafa svona dömumót í póker í sumar. Það tókst svo vel að við ákváðum að hafa þetta reglulegan viðburð í haust," segir Valur Sævarsson, skipuleggjandi Píupókermóts á pókerklúbbnum 53 á Gullöldinni í Grafarvogi. Næsta mót verður á laugardaginn klukkan 14, en Píupókermót verða svo haldin einu sinni í mánuði í haust.

„Þetta hefur verið svolítið strákasport, en maður veit að margar stelpur hafa verið að leika sér að spila. Með þessu erum við að reyna að virkja þær í að mæta í pókerklúbba, taka þátt í mótum og kljást við strákana á venjulegum vettvangi, en þeim finnst kannski þægilegra að kljást við stelpur svona fyrst. Það komu um átján stelpur á síðasta Píupókermót, svo það voru tvö borð, en núna erum við að vonast eftir að ná fjórum borðum," útskýrir Valur og segir gríðarlega pókervakningu hafa orðið á Íslandi upp á síðkastið.

„Það eru að mæta tugir manna á mót, en þar af eru kannski tvær stelpur af fimmtíu manns. Það kom fyrir núna um daginn, í fyrsta sinn síðan ég byrjaði að fylgjast með þessu, að það voru þrjár stelpur sem tóku þátt á fjörutíu manna móti og enduðu allar í fimm manna úrslitum, sem var mjög skemmtilegt," segir Valur. - ag

**VINSÆLT SPORT** Valur segir pókerinn ekki síður vera fyrir stelpur en stráka og vonast til að sjá sem flestar dömur á Píupókermótinu á laugardaginn.

**Í MÓÐURHLUTVERKINU** Söng- og leikkonan Jennifer Hudson eignaðist sitt fyrsta barn á mánudaginn.

## Hudson eignaðist dreng

**Söng- og leikkonan Jennifer Hudson eignaðist lítinn dreng á mánudaginn. Drengurinn er fyrsta barn Hudson og unnusta hennar Davids Otunga og hefur hlotið nafnið David Daniel Otunga Jr.**

**Í viðtali við vinkonu Hudson, Aniku Noni, í tímaritinu People sagði hún bæði móður og barni heilsast vel. „Jennifer elskar börn svo hún á ekki eftir að vera í neinum vandræðum með móðurhlutverkið," sagði Noni.**

## Hver er móðir barnanna?

Kona að nafni Claire Cruise heldur því fram að hún sé blóðmóðir barna Michaels Jackson. Konan heldur því einnig fram að hún og Michael séu foreldrar Connors Cruise, ættleidds sonar leikarans Toms Cruise og fyrrverandi eiginkonu hans, Nicole Kidman. Hún sagði að Jackson hefði ákveðið að gefa barnið til ættleiðingar því að honum þótti húð hans of dökk.

Aðeins eru nokkrir dagar síðan Bretinn Mark Lester, sem fór með hlutverk Olivers Twist í samnefndri mynd, sagðist ekki einungis vera guðfaðir Parisar Jackson, heldur líffræðilegur faðir hennar.

# Henson aftur komið í tísku

**Verslunarkeðjan NTC hefur til sölu nýjar vörur frá íslenska íþróttamerkinu Henson. Flíkurnar eru samstarfsverkefni beggja aðila og er þetta í annað sinn sem fyrirtækin vinna saman að slíku verkefni, en fyrir nokkrum árum voru framleiddir sérstakir Henson-jakkar fyrir verslanir NTC.**

Það hefur gengið á ýmsu í sögu Henson-fyrirtækisins á 40 ára líftíma þess. Halldór Einarsson hefur mátt þola sveiflur í rekstri, svo djúpar að stundum leit ekki út fyrir að fyrirtækið myndi lifa af. Síðustu árin hefur gengið vel og nú er í annað sinn á skömmum tíma farið að framleiða gamla Henson-hönnun sem tískuvöru. Henson er aftur komið í tísku.

Linda Borg Arnardóttir, fatahönnuður og verslunarstjóri í Deres, er annar tveggja hönnuða sem komu að endurhönnun gömlu Henson-íþróttagallanna. Flíkurnar hafa verið til sölu í verslununum Deres og Sautján og að sögn Lindu hafa þær rokið út jafnóðum. „Ég og Sigrún Rut Hjálmarsdóttir hönnuðum flíkurnar með hliðsjón af kúnnahópi verslananna og endurnotuðum gömul Henson-snið. Ég hannaði til að mynda íþróttabuxur með teygju undir ilinni eins og var svo vinsælt hér á árum áður," segir Linda.

Halldór Einarsson er stofnandi Henson-fyrirtækisins sem hefur verið starfrækt í fjörutíu ár. „Hér á árum áður var ástandið mun daprara en það er núna. Þó að menn tali um kreppu í dag þá er þetta hátíð miðað við það sem var þá. Þá var mikil vöntun á öllu og erfitt að verða sér úti um hluti. Ég ákvað því að framleiða vöruna hér heima frekar en að reyna að verða mér úti um hana erlendis; svo keypti maður saumavél og byrjaði bara. Nafnið er svo búið til úr mínu eigin nafni; Halldór Einarsson," segir Halldór um tilurð Henson-merkisins. Hann segir tæknina hafa verið frumstæða til að byrja með og því hafi gríðarleg vinna legið að baki hverri flík. „Það varð að sauma öll númer á hverja treyju og þegar auglýsingarnar komu þá varð að teikna þær upp, klippa út og sauma á. Þannig að það lá gríðarleg vinna að baki þessu öllu."

Að sögn Halldórs hefur merkið verið misáberandi í gegnum árin, en þrátt fyrir það hafa þau ávallt nóg fyrir stafni. „Við framleiðum mikið fyrir íþróttafélög, skóla og hópa sem sækja þjóðhátíð þannig að við höfum alltaf verið til staðar þótt við séum misáberandi eftir árum. En það er auðvitað mjög skemmtilegt að sjá Hensongallana sem tískuvöru á afmælisárinu."

sara@frettabladid.is

**ENDURNÝJAR HENSON** Linda Borg hannaði nýja Henson-flíkur ásamt Sigrúnu Rut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HENSON SJÁLFUR** Halldór Einarsson er stofnandi Henson-fyrirtækisins sem hefur verið starfrækt í fjörutíu ár. Gömlu góðu peysurnar seljast nú vel aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**KATHERINE HEIGL** Leikkonan hefur ekki gaman af að leika í hasarmyndum.

## Hasar ekki skemmtilegur

Leikkonan Katherine Heigl segist ekki hafa gaman af að leika í hasarmyndum. Í myndinni Five Killers, sem verður sýnd á næsta ári, leikur hún hina nýgiftu Jen sem kemst að því að nágrannar hennar eru leigumorðingjar sem hafa verið ráðnir til að drepa hana og eiginmann hennar, leikinn af Ashton Kutcher. „Ég er ekki hrifin af hasarmyndum. Það var frekar sársaukafullt að leika í þessari mynd því að ég er óttalegur klaufi. Ég var alltaf að detta og fá skrámur. Ég er ekki byggð fyrir svona myndir," sagði Heigl.

## Leo með nýtt módel

**Hjartaknúsarinn Leonardo DiCaprio hefur verið orðaður við ófáar fegurðardísir síðan slitnaði upp úr sambandi hans og fyrirsætunnar Bar Rafaeli. Leikarinn virðist þó ekki ætla að bregða út af vananum því að nú berast þær fregnir að hann hafi nælt sér í enn eina fyrirsætuna. Sú heppna heitir Anna Vjalítsyna og er rússnesk. Anna hefur verið andlit tískurisa á borð við Louis Vuitton, Prada og Ralph Lauren. Parið kynntist í London þar sem Leonardo var við tökur á nýjustu kvikmynd sinni.**

# Nýrri EP-plötu lekið á Netið

Nýrri EP-plötu frá hljómsveitinni Amiinu hefur verið lekið á Netið en hún var fyrr í sumar gefin út í afar takmörkuðu upplagi, eða fimm hundruð númeruðum eintökum. Á plötunni eru þrjú lög og er hún hugsuð sem nokkurs konar upphitun fyrir stóra plötu sem kemur líklega út á næsta ári.

„Það er erfitt að stjórna svona plötum í þessum stafræna heimi," segir María Huld Markan Sigfúsdóttir úr Amiinu um lekann. Hún bætir við að sú útgáfa sé í ekki jafngóð og sú sem þær gefa út og að listrænt umslagið fylgi vitaskuld ekki með. „Þetta er eitthvað sem allir eru að berjast við. Kannski bíður fólk spenntara eftir plötunni eftir að hafa heyrt þetta. En maður lifir ekki á loftinu. Maður þarf að fá eitthvað borgað fyrir það sem maður gerir."

Amiina hefur verið dugleg við tónleikahald í sumar. Hún fór í tónleikaferð um Ítalíu í júní og um síðustu helgi spilaði hún á Írlandi. Einnig steig Amiina á svið í Bæjarbíói fyrir skömmu ásamt Seabear. „Það er búið að vera mikið stuð og gaman að spila," segir María. Næst á dagskrá hjá sveitinni er að halda áfram undirbúningi nýju plötunnar. Eftir það tekur frí við þar sem ein stúlknanna á von á barni. - fb

**AMIINA** Hljómsveitin Amiina gaf á dögunum út nýja EP-plötu með þremur lögum.

# Leikir að gömlum sið

„Þetta er hluti af göngum sem söfnin hafa staðið fyrir í sumar. Þetta verður síðasta gangan og er hún sérstaklega tileinkuð börnum og verður sérstök áhersla lögð á leiki sem íslensk börn léku hér áður fyrr," segir Jón Páll Björnsson, hjá Minjasafni Reykjavíkur, um sérstaka leikjagöngu sem farin verður í kvöld.

„Við viljum tengja nútímabörn sterkar við fortíðina og notum til þess leiki. Þetta verður væntanlega kærkomin viðbót við leikjasafn barnanna. Gangan sjálf verður mjög stutt því að við verðum upptekin við að leika okkur megnið af tímanum. Við ætlum að fara í útilegumannaleik sem er eins og samblanda af einni krónu og stórfiskaleik, vörðuleik og í leikinn „að rísa upp frá dauðum", en þar liggja menn flatir og eiga að reyna að standa upp án þess að beygja hnén."

Jón Páll telur að leikir barna hafi mikið breyst í gegnum tíðina og telur að helsti vettvangur útileikja séu frímínútur grunnskólanna.

Safnast verður saman við Grófarhús klukkan 20.00 og mun gangan taka um klukkustund. - sm

**LEIKANDI GAMAN** Jón Páll Björnsson segir að leikir hafi breyst og þróast með tímanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nýjasta stjörnuparið?

Sá orðrómur er nú á kreiki vestanhafs að leikararnir Renée Zellweger, 40 ára, og Bradley Cooper, 34 ára, séu nýjasta Hollywood-parið, en þau leika saman í kvikmyndinni Case 39 sem er væntanleg í kvikmyndahús í haust.

Samkvæmt heimildum bandaríska tímaritsins People sáust þau koma saman til Barcelona um síðustu helgi. Þar sáust þau borða rómantískan kvöldverð á veitingastað og samkvæmt heimildarmanni blaðsins létu þau einstaklega vel hvort að öðru. Að lokum sagðist Zellweger vilja borga fyrir matinn og var búin að borga áður en Cooper náði að taka upp veskið. Bæði hafa þau neitað því að þau eigi í ástarsambandi, en ekki er langt síðan Cooper var orðaður við Jennifer Aniston eftir að hann sást með henni á veitingastað í New York í síðasta mánuði.

**EKKI SAMAN?** Renée Zellweger bauð Bradley Cooper í rómantískan kvöldverð í Barcelona um síðustu helgi.

# Sama um línurnar

Holdafar söngkonunnar Kelly Clarkson hefur verið milli tannanna á bloggurum vestanhafs að undanförnu þar sem hún þykir hafa fitnað talsvert á síðustu mánuðum. Söngkonan, sem er 27 ára, lætur þó gagnrýnisraddirnar ekki ná til sín og svarar fyrir sig fullum hálsi í nýjasta tímariti Self þar sem hún prýðir forsíðuna.

„Það virðist angra einhverja hvernig ég lít út en ég er ekki ein af þeim. Mér líður vel," segir söngkonan sem stundar reglulega golf og Crossfit-æfingar. „Ég hreyfi mig fyrst og fremst fyrir geðheilsuna, ekki til að grennast. Þegar ég grennist gerist það yfirleitt þegar ég er ekki að hugsa um það," bætir hún við.

**ÞYNGDIN SKIPTIR EKKI MÁLI** Kelly Clarkson hreyfir sig fyrst og fremst til að líða vel, en ekki til að grennast.


Costa del Sol & Barcelona

18. ágúst

frá kr. 89.990 í 10 nætur

Einstakt tækifæri - 2 perlur í sömu ferð!

Ótrúlegt tilboð! 10 nætur á Costa del Sol eða 7 nætur þar og 3 í Barcelona!

Aðeins örfá sæti í boði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Costa del Sol 18. ágúst. Í boði eru tveir kostir, þ.e. 10 nátta dvöl á Costa del Sol eða þá að skipta dvölinni og vera viku á Costa del Sol og í 3 nætur í hinni einstöku Barcelona. Í báðum tilfellum er heimflug frá Barcelona (flug frá Malaga til Barcelona er innifalið). Á Costa del Sol er í boði stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Í Barcelona er í boði sértilboð á gistingu á Hotel Aragon *** auk fleiri valkosta. Gríptu þetta einstaka tækifæri og njóttu lífsins á strandparadís í viku og í Barcelona, borginni sem allir elska, í 3 daga. Að velja þriggja nátta dvöl í Barcelona í stað þess að dvelja allan tímann á Costa del Sol kostar frá kr. 12.000 aukalega (ath. verðið er háð flugverði Malaga-Barcelona og getur hækkað án fyrirvara).

Nánar á www.heimsferdir.is og á skrifstofu í síma 595 1000.

Verð kr. 89.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 herbergi / stúdíó / íbúð í 10 nætur. Stökktu tilboð 18. ágúst. Aukalega fyrir hálft fæði í 7 nætur kr. 22.000 fyrir fullorðna og kr. 11.000 fyrir börn (í 10 nætur kr. 32.000 fyrir fullorðna og kr. 16.000 fyrir börn). Aukalega m.v. 3 nátta dvöl í tvíbýli á Hotel Aragon í Barcelona kr. 12.000.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



HEFUR ÞÚ HUGMYND?

Sendu inn hugmynd á n1.is/start

Fíton/SÍA

■ N1 kynnir hugmyndasamkeppni sem er annar áfangi verkefnisins Start09 sem hófst með fjölsóttum hugmyndafundi í Borgarleikhúsinu í júní

Markmiðið er að hvetja fólk og fyrirtæki til nýrrar sóknar og uppbyggingar um allt land og leysa nýjar hugmyndir úr læðingi til að auka verðmætasköpun í landinu.

■ Sendu inn þína hugmynd á n1.is/start

Allir geta tekið þátt í samkeppninni, sérfræðingar jafnt sem almenningur, börn og fullorðnir. Eina skilyrðið er að hugmyndin snúist um aukna verðmætasköpun á Íslandi.

■ Vegleg verðlaun í boði

Dómnefnd mun verðlauna myndarlega þær hugmyndir sem skara fram úr. Þar að auki mun N1 leita leiða til að hrinda sem flestum góðum hugmyndum í framkvæmd, t.d. í samvinnu við önnur fyrirtæki.

**Nánari upplýsingar um innsendingu hugmynda er að finna á www.n1.is/start, heimasíðu verkefnisins.**



**Dómnefnd skipa**
Hermann Guðmundsson, forstjóri N1
Jeff Taylor, frumkvöðull, stofnandi monster.com
Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, annar stofnenda Uppsprettu
Guðjón Már Guðjónsson, Hugmyndaráðuneytismaður

Start'09 N1

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| G.I. JOE LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| CROSSING OVER | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10.10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 6.30 - 9 | 12 |
| FUNNY GAMES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

| | |
|---|---|
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 4, 5.45, 8 og 10.20(P) 12 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 7 og 10 16 |
| FIGHTING | kl. 10.10 14 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| G.I. JOE | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5 - 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 | VIP |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8:20 - 11 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30D - 3:40D - 8:20D - 10:40D | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10 | L |


# Ókeypis tónlist fyrir landann

Tónlistarsíðan og útgáfufyrirtækið Coxbutter.com hefur verið starfrækt síðan í desember árið 2007, markmið síðunnar er að skapa beint aðgengi á milli tónlistarmanna og áheyrenda og er öllum útgáfum fyrirtækisins dreift ókeypis á Netinu.

„Það var svo mikið af fólki í kringum okkur sem var að semja tónlist en enginn var að gefa neitt út. Það er orðið svo auðvelt að semja og gefa út sína eigin tónlist í dag. Tónlistarumhverfið hefur breyst mikið síðastliðin ár, nú þurfa menn ekki að eiga peninga fyrir stúdíótímum eða hljóðvinnslu þannig að fólk getur gert þetta sjálft fyrir lítinn sem engan pening. Núna eru tónlistarmenn aðallega að vinna í því að koma sér á framfæri, að skapa sér nafn og skipuleggja tónleika því það gefur meira af sér en sala á diskum," segir Kristinn Helgi Sævarsson, en hann, Baldvin Magnússon og Ævar Tómasson standa að Coxbutter.com.

**COXBUTTER MENN** Baldvin og Kristinn standa að útgáfu- og tónlistarsíðunni Coxbutter. Þar er hægt að ná sér í ókeypis tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Fyrirtækið er jafnframt eitt af fáum sem gefur út íslenskt hipphopp í dag.

„Við byrjuðum með sérstök Coxbutter-kvöld núna í ár. Þau eru haldin annan fimmtudag hvers mánaðar á skemmtistaðnum Jacobsen. Á síðustu tónleikum var fullt hús og mjög góð stemning," segir Kristinn Helgi.

Næsta Coxbutter-kvöld verður í kvöld og munu Forgotten Lores, Mighty Jukebox, Steve Sampling og DJ Kocoon leika fyrir gesti. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er aðgangur ókeypis. - sm

**DEILT UM GAGNRÝNI**

Hermann Stefánsson segir fyrirliggjandi að þeir sem fáist við gagnrýni verði óvinsælir, ekki síst rithöfundar sem fáist við slíkt. Auður Jónsdóttir telur óhæft að Gerður Kristný fáist við gagnrýni á sama tíma og hún gefi út bækur.

# Auður vill Gerði Kristnýju úr hlutverki gagnrýnanda

**Miklar umræður spunnust um gagnrýnendur á Facebook-síðu Hermanns Stefánssonar rithöfundar. Auður Jónsdóttir segir fráleitt að Gerður Kristný gagnrýni bækur í fjölmiðlum á sama tíma og hún gefi sjálf út bækur.**

„Ekki er nýtt að gagnrýni sé hitamál. Það nær aftur í aldir. Ég hef skrifað gagnrýni sjálfur og væri til í að gera meira af því," segir Hermann Stefánsson rithöfundur.

Hermann varpaði fram spurningu á Facebook-síðu sinni sem reyndist sprengja: hvort viðeigandi væri að rithöfundar fengjust við að gagnrýna bækur? Margir nafntogaðir rithöfundar lögðu orð í belg og voru skiptar skoðanir: Halldór Guðmundsson, Ævar Örn Jósepsson, Orri Harðarson og Þorsteinn Guðmundsson voru meðal þeirra sem tjáðu sig auk þeirra Guðrúnar Evu Mínervudóttur og Auðar Jónsdóttur sem beindi spjótum sínum að Gerði Kristnýju – sem á síðustu bókavertíð sendi frá sér verk og var á sama tíma afkastamikill gagnrýnandi.

Auður telur fráleitt að Gerður, sem er afar virk á bókamarkaði í samkeppni um listamannalaun, markað og athygli, sé jafnframt í að dæma bækur keppinautanna. „Ég er á því, sama hvað hver segir, að það sé stór munur á því að Ian McEwan skrifi hugleiðingu um bók eftir kollega sinn í Perú í Guardian eða Nick Hornby haldi úti pistlum um bækurnar á náttborðinu sínu en að (hin samkeppnismiðaða) Gerður Kristný gagnrýni bækur kollega sinna á Skerinu í sjónvarpinu, þeirra sömu og hún er að býsnast út í hér og þar af ýmsum ástæðum, keppa um starfslaun við ...“ skrifar Auður á síðu Hermanns. Auður sagðist hafa beðið Forlagið um að tilvitnun í dóm Gerðar um bók sína í auglýsingu væri fjarlægð en ekki hafi verið orðið við þeim tilmælum.

Hermann segist aldrei hafa séð þessa þætti þar sem Gerður flutti gagnrýni sína [Mannamál Sigmundar Ernis, nú alþingismanns, á Stöð 2] og geti því ekki dæmt um það. En honum koma þessi miklu viðbrögð, umræður sem eru fáheyrðar á Facebook, ekki svo mjög á óvart. „Nei, nei, og skemmtilegt að hlutirnir séu hressilegir. Fólk er endalaust að henda fýlubombum á Facebook og bara gaman að því," segir Hermann sem efast reyndar um að Facebook teljist opinber vettvangur. Hann segir jafnframt að ljóst sé að þeir sem fáist við gagnrýni megi búast við óvinsældum, ekki síst rithöfundar sem fást við gagnrýni.

jakob@frettabladid.is

# Leitar að fólki í hreyfilistasýningu

„Þetta er dans og smá leikrit í leiðinni sem er tengt þjóðlegum sögubrotum frá öllum heimshornum," segir Marius Maciulskis sem sér um Ethnic Performance-hreyfilistahóp í Austurbæjarbíói. Hann leitar nú að fólki á aldrinum 16 til 26 ára til að vera með í sýningu sem er unnin út frá fjölþjóðlegum dönsum og hreyfingu og verður sýnd í lok ágúst.

„Þetta er hugmynd sem var framkvæmd á fjölmenningardegi í Iðnó, en þá vorum við með svona atriði. Núna er Austurbæjarbíó hús unga fólksins og mér datt því í hug að gera þetta aftur, safna fleira fólki og gera þetta stærri og skemmtilegri sýningu. Síðast tók um þrjár vikur að æfa til að ná fram því sem við vildum gera og þetta verður svipaður tími sem við höfum núna til að koma þessu saman," útskýrir Marius. „Það fer svo eftir fólkinu sem verður í hópnum hvernig sýningin verður. Ef það hefur hugmynd að einhverjum dansi reynum við að setja það inn sem atriði, annars er ég með efnivið sem gæti passað í heila sýningu," bætir hann við. „Ég vonast til að fá að minnsta kosti fimm til tíu manns, en það væri lágmark til að þetta gangi. Sýningin verður svo í lok ágúst í Austurbæjarbíói, en þá verður opið fyrir alla sem hafa áhuga og kostar ekkert inn," útskýrir Marius. Áhugasamir geta skráð sig í hópinn með því að senda tölvupóst á netfangið mariusmac@hotmail.com eða mætt í Austurbæjarbíó næsta laugardag klukkan 13. - ag

**ETHNIC PERFORMANCE-HREYFILISTAHÓPUR** Marius Maciulskis vonast til að fá að minnsta kosti fimm til tíu manns til að vera með í fyrirhugaðri sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR

Landsins stærsta

# Skósprengja

## er í fullum gangi

SKECHERS LLOYD Rbk ara PUMA

ecco PETER KAISER adidas

Opnunartímar
mán - fös: 11 - 18
lau: 11 - 16
sun: 12 - 16

Lágmark **50%** afsláttur

## Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

### > Mættur aftur til æfinga hjá KR

Prince Rajcomar er mættur aftur til æfinga hjá KR eftir að hafa verið til reynslu hjá enska C-deildarliðinu Milton Keynes Dons. Þar fékk hann ekki samning og er því aftur kominn hingað til lands. Logi Ólafsson, þjálfari KR, sagði að vel gæti verið að Prince færi aftur utan til að æfa með öðru félagi en það væri enn óljóst. Hann hefur skorað tvö mörk í fjórtán deildarleikjum með KR til þessa.

**sport**
sport@frettabla-

**EYJÓLFUR SVERRISSON:** BJARTSÝNN ÞRÁTT FYRIR TAP Í FYRSTA LEIK U-21 ÁRS LANDSLIÐSINS Í UNDANKEPPNI EM 2011

## *Er nú frekar súr að fá ekkert úr þessum leik*

Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson stýrði U-21 árs landsliði Íslands í sínum fyrsta „alvöru" leik eftir að hafa tekið við liðinu að nýju í gærdag þegar Ísland tapaði 0-2 gegn Tékklandi í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2011. Eyjólfur kveðst vera bjartsýnn á framhaldið þrátt fyrir tap og hafa séð margt jákvætt í leik íslenska liðsins.

„Ég er frekar súr með að fá ekkert út úr þessum leik því við áttum frábæran fyrri hálfleik þar sem menn voru að halda boltanum vel innan liðsins og náðu að byggja upp nokkrar góðar sóknir. Við fengum í raun tvö dauðafæri sem við hefðum átt að nýta og það kom svo í bakið á okkur í seinni hálfleik," segir Eyjólfur, sem var ósáttur við hvernig strákarnir hans spiluðu í síðari hálfleik.

„Við áttum allt of margar feilsendingar í seinni hálfleik og vorum ekki með einbeitinguna í lagi. Við áttum smá kafla sem var í lagi en þess fyrir utan vorum við í miklum vandræðum. Við vorum ekki nógu nálægt leikmönnunum og vorum bara í eintómum eltingarleik og það var mjög erfitt. Við þurfum að bæta þetta og ég er sannfærður um að við eigum eftir að draga mikinn lærdóm af þessum leik. Það er mikill efniviður í þessu liði og þarna eru margir leikmenn sem eiga eftir að spila fyrir A-landsliðið á næstu árum. Þessir strákar eru óhræddir við að halda boltanum innan liðsins og það er jákvætt," segir Eyjólfur.

Eyjólfur tekur þó ekkert frá Tékkunum, sem sýndu á köflum í leiknum hversu þeir eru megnugir en ljóst er að þeir eru ásamt Þjóðverjum með sterkustu lið riðilsins á pappírunum.

„Tékkar eru með mjög sterkt lið og misstu bara tvo leikmenn úr síðustu keppni U-21 árs landsliða þannig að þeir eru með stráka sem eru búnir að spila lengi saman og eru öflugir. Þjóðverjar eru vitanlega sterkir líka en hin liðin [Norður-Írland og San Marínó] eru smá spurningarmerki og ég á eftir að sjá spólu með þeim," segir Eyjólfur að lokum.

**JOHN TERRY** Er sáttur hjá Chelsea.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

John Terry:

## Hafði aldrei áhuga á City

**FÓTBOLTI** Fyrirliði Chelsea, John Terry, segist hafa verið upp með sér yfir því að Manchester City hafi viljað kaupa sig. Aftur á móti hafði hann engan áhuga á að ganga í raðir félagsins.

„Ef City hefði freistað mín hefði ég farið til félagsins," sagði Terry.

„Ég var upp með mér yfir áhuganum en þeir buðu hátt í mig; 28 milljónir punda. Ég veit samt ekki hvað þeir hefðu boðið mér í laun. Peter Kenyon (yfirmaður knattspyrnumála hjá Chelsea) hringdi þá í mig og spurði hvort ég hefði áhuga á að fara en ég sagði nei."

Þrátt fyrir þessi orð lét Terry ekkert hafa eftir sér meðan orðrómurinn stóð sem hæst.

Tóku því margir sem svo að hann væri alvarlega að íhuga breytingu. Svo virðist ekki vera samkvæmt þessum orðum varnarmannsins. **- hbg**

# Jákvæðir punktar þrátt fyrir tap

**U-21 árs landslið karla í fótbolta tapaði 0-2 fyrir Tékkum í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2011 í gær. Íslensku strákarnir léku á köflum vel í fyrri hálfleik en misstu dampinn í síðari hálfleik og því fór sem fór.**

**FÓTBOLTI** Ísland tapaði 0-2 fyrir Tékklandi í undankeppni U-21 árs landsliða fyrir Evrópumótið 2011 á KR-vellinum í gærdag. Leikur íslenska liðsins var kaflaskiptur þar sem liðið spilaði vel í fyrri hálfleik en náði sér ekki á strik í síðari hálfleik gegn sterku liði Tékka.

Eftir erfiða byrjun og þunga pressu frá Tékkum náðu íslensku strákarnir að vinna sig vel inn í leikinn og voru síst lakari aðilinn í fyrri hálfleik. Ánægjulegt var að sjá hversu öruggir og yfirvegaðir íslensku strákarnir voru á boltanum og hversu óhræddir þeir voru að halda honum innan liðs síns. Það vantaði aðeins að reka smiðshöggið á sóknirnar; Birkir Bjarnason og Bjarni Þór Viðarsson komust báðir í góð marktækifæri en inn vildi boltinn ekki. Tékkarnir áttu vissulega sín færi líka en þau skot sem hittu rammann átti Óskar Pétursson ekki í teljandi erfiðleikum með í markinu. Staðan var markalaus þegar flautað var til hálfleiks.

### Íslensku strákarnir gáfu eftir

Tékkar byrjuðu seinni hálfleikinn af miklum krafti, varnarmenn íslenska liðsins áttu í vök að verjast og miðverðirnir Hólmar Örn Eyjólfsson og Skúli Jón Friðgeirsson höfðu í nógu að snúast.

Varnarmenn Íslands náðu þó ekki að koma í veg fyrir að Tékkar skoruðu á 58. mínútu en þar var Michael Rabusic að verki.

Óskar náði þá ekki að halda fyrirgjöf utan af kanti og Rabusic átti skot í slána og inn eftir klafs í vítateignum. Tékkar héldu áfram að ógna eftir markið og voru líklegri til þess að bæta við en Íslendingar að jafna leikinn.

**EFNILEGUR** Birkir Bjarnason er hér í harðri baráttu við varnarmenn Tékka en hann átti nokkra góða spretti, sérstaklega í fyrri hálfleik, í leik liðanna í undankeppni EM 2011 á KR-vellinum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Annað mark Tékka kom svo á 79. mínútu þegar Andres Celustka skoraði með föstu skoti eftir vel útfærða aukaspyrnu.

Íslendingar reyndu hvað þeir gátu til þess að minnka muninn en sóknaraðgerðir þeirra voru ekki nægilega beittar og fínar sendingar liðsins í fyrri hálfleik voru því miður ekki sjáanlegar í þeim síðari. Sigur Tékka var því í raun aldrei í hættu eftir seinna markið en þrátt fyrir tap í fyrsta leik geta íslensku strákarnir tekið margt jákvætt út úr leiknum. Það býr margt í þessu liði og ekki spurning hvort heldur hvenær liðið nær að halda haus í níutíu mínútur til þess að fara að hala inn stig í riðlinum.

Ásamt Íslandi og Tékklandi í 5. riðli undankeppninnar eru Þýskaland, Norður-Írland og San Marínó. Tékkar eru nú búnir með tvo leiki í riðlinum en þeir unnu 0-8 stórsigur á San Marínó í fyrsta leik sínum. Íslendingar mæta Norður-Írum í öðrum leik sínum í riðlinum eftir tæpan mánuð en leikið verður ytra. **omar@frettabladid.is**

Enskir fjölmiðlar um Eið Smára Guðjohnsen:

## West Ham á eftir Eiði

**FÓTBOLTI** Enska dagblaðið The Guardian heldur því fram að Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður íslenska landsliðsins, hafi undanfarnar vikur átt í viðræðum við forráðamenn West Ham.

Blaðið segir að ákvörðunin hvíli að stærstum hluta hjá Eiði Smára sjálfum en að ýmis persónubundin mál kunni að hafa áhrif á hans ákvörðun.

Eiður Smári á eitt ár eftir af samningi sínum við Barcelona á Spáni en The Guardian segir að til greina komi að lána Eið til West Ham á næstkomandi tímabili.

Félagið er einnig sagt hafa áhuga á Ítalanum Luca Toni sem leikur með FC Bayern. **- esá**

**Knattspyrnudeild Álftaness auglýsir eftir þjálfurum fyrir komandi tímabil.**

Um er ræða þjálfun yngri flokka félagsins, bæði karla og kvenna.
Áhugasamir geta haft samband við Stefán, formann knattspyrnudeildar í gegnum netfangið knd@umfa.is

***Umsóknarfrestur er til 21.ágúst.***

ÁLFTANES UMFÁ

David Beckham mun líklega spila í Evrópu eftir áramót:

## AC Milan vill Beckham aftur

**FÓTBOLTI** Góðar líkur eru á því að David Beckham snúi aftur til AC Milan á Ítalíu þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður um áramótin. Enskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Silvio Berlusconi, forseti AC Milan, væri reiðubúinn í viðræður við forráðamenn LA Galaxy um að endurnýja lánssamninginn við Beckham.

Hann lék með AC Milan frá og með síðustu áramótum. Upphaflega átti lánssamningurinn að renna út í upphafi mars en hann fékk að klára tímabilið á Ítalíu áður en hann sneri aftur til Bandaríkjanna.

Þar hefur honum verið misjafnlega vel tekið þar sem Beckham hefur lýst því yfir að hann vilji fara frá LA Galaxy.

„Það er enginn samningur á borðinu en forráðamenn Milan hafa gert okkur ljóst að þeir vilja fá David aftur," sagði talsmaður Beckhams í enskum fjölmiðlum í gær. „Enn sem komið er eru viðræður enn á frumstigi á milli Milan og Galaxy."

Það gæti vegið þungt í þeirri ákvörðun Beckham að leika í Evrópu að Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, sagði að Beckham yrði að spila í Evrópu yfir vetrartímann til að eiga möguleika á að komast í HM-landsliðshóp Englands. Úrslitakeppni HM fer fram í Suður-Afríku á næsta ári.

„Ég hef áður sagt að ef David spilar í Evrópu mun hann fara með okkur til Suður-Afríku. Ef hann spilar ekkert á vetrarmánuðunum er það hins vegar ómögulegt," sagði Capello.

Deildarkeppnin í Bandaríkjunum hófst í apríl síðastliðnum og lýkur í október. LA Galaxy er sem stendur í öðru sæti Vesturdeildarinnar og á góðri leið með að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni. **- esá**

**MEÐ AC MILAN** Ekki er ólíklegt að David Beckham snúi aftur til Ítalíu.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ATH. NÝTT KORTATÍMABIL

BÍLMAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR HEYRNARTÓL
BÍLHÁTALARAR HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**FLOTTIR HÁFAR MEÐ ALLT AÐ 100.000 KR. AFSLÆTTI**
**KENWOOD HRÆRIVÉLAR MEÐ 20.000 KR. AFSLÆTTI**
**OBH BLANDARAR MEÐ GLERSKÁL - ÚTSALA KR. 4.995**
***- VERÐ ÁÐUR KR. 7.995 - 38% AFSLÁTTUR***
**JBL VÖGGUR FYRIR iPOD MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**
**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KR. AFSLÆTTI**
**GRÆJUR OG HÁTALARAR FRÁ DENON,**
**NAD, DALI OG CANTON Á**
**ÚTRÝMINGARVERÐI**

Sjá allt úrvalið á ht.is

ATH. NÝTT KORTATÍMABIL

**TAKMARKAÐ MAGN**
***Fyrstur kemur – fyrstur fær!***

**Opið laugardaga kl. 10 – 16**

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido OBH NORDICA INDESIT DeLonghi Whirlpool

Ísland 1-1 Slóvakía

Laugardalsvöllur, áhorf. 5.099 Lars Christoffersen (7)

*0-1 Robert Vittek (35.)*
*1-1 Kristján Örn Sigurðsson (59.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–12 (4–6) |
| Varin skot | Gunnleifur 5 – Jan 3 |
| Horn | 6-7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9-10 |
| Rangstöður | 5-3 |

## ÚRSLIT

*Undankeppni HM 2010:*

**3. RIÐILL:**

Slóvenía-San Marínó 5-0

**4. RIÐILL:**

Aserbaijan-Þýskaland 0-2
0-1 Bastian Schweinsteiger (12.), 0-2 Miroslav Klose (54.).

**6. RIÐILL:**

Hvíta-Rússland - Króatía 1-3
0-1 Ivica Olic (27.), 0-2 Eduardo da Silva (69.), 1-2 Dmitry Verkhovtsov (81.), 1-3 Ivica Olic (83.).

**7. RIÐILL:**

Færeyjar-Frakkland 0-1
0-1 Andre-Pierre Gignac (42.).

**9. RIÐILL:**

Noregur-Skotland 4-0
1-0 John Arne Riise (35.), 2-0 Morten Gamst Pedersen (45.), 3-0 Erik Huseklepp (60.), 4-0 Pedersen (90.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Holland** | **7** | **7** | **0** | **0** | **16-2** | **21** |
| Makedónía | 6 | 2 | 1 | 3 | 4-7 | 7 |
| **Skotland** | **6** | **2** | **1** | **3** | **4-10** | **7** |
| Noregur | 6 | 1 | 3 | 2 | 6-5 | 6 |
| **Ísland** | **7** | **1** | **1** | **5** | **6-12** | **4** |

*Vináttulandsleikir:*

Rússland-Argentína 2-3
1-0 I. Semshov (18.), 1-1 S. Aguero (45.), 1-2 L. Lopez (46.), 1-3 J. Dátolo (59.), 2-3 R. Pavlyuchenko (79.).

Tékkland-Belgía 3-1
0-1 J. Vertonghen (12.), 1-1 R. Hubnik (27.), 2-1 M. Baros (41.), 3-1 M. Kadlec (78.).

Eistland-Brasilía 0-1
0-1 L. Fabiano (45.).

Búlgaría-Lettland 1-0

Ungverjaland-Rúmenía 0-1

Svíþjóð-Finnland 1-0
1-0 J. Elmander (42.).

Úkraína-Tyrkland 0-3
0-1 T. Sanli (58.), 0-2 S. Cetin (63.), 0-3 H. Altintop (66.).

Túnis-Fílabeinsströndin 0-0

Danmörk-Chile 1-2
0-1 E. Paredes (61.), 1-1 L. Schöne (63.), 1-2 A. Sanchez (69.).

Írland-Ástralía 0-3
0-1 T. Cahill (38.), 0-2 T. Cahill (44.), 0-3 D. Carney (90.).

Liechtenstein-Portúgal 0-3
0-1 H. Almeida (16.), 0-2 R. Meireles (24.), 0-3 H. Almeida (28.).

Svartfjallaland-Wales 2-1
1-0 Jovetic (32.), 2-0 R. Djalovic (45.), 2-1 S. Vokes (51.).

Pólland-Grikkland 2-0

Holland-England 2-2
1-0 D. Kuyt (10.), 2-0 R. van der Vaart (38.), 2-1 J. Defoe (49.), 2-2 J. Defoe (77.).

Makedónía-Spánn 2-3
1-0, 2-0 G. Pandev (8., 33.), 2-1 F. Torres (51.), 2-2 G. Pique (54.), 2-3 A. Riera (56.).

Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson var nokkuð brattur eftir 1-1 jafnteflið gegn Slóvakíu í gærkvöld:

# Fínn undirbúningur fyrir Noregsleikinn

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson þjálfari Íslands var nokkuð sáttur þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir leik og sagði að íslenska liðið hefði jafnvel getað staðið uppi sem sigurvegari.

„Já, ég er sáttur við leik liðsins. Mér fannst við spila vel í dag, ná jafntefli gegn sterkri þjóð og vera jafnvel nær því að vinna en þeir. Við vorum reyndar mjög heppnir í restina þegar þeir sluppu í gegn en heilt yfir er ég mjög sáttur við leik liðsins," sagði Ólafur.

Íslenska liðið byrjaði leikinn í gærkvöldi frekar rólega og virkaði liðið hálf áhugalaust en allt annað var að sjá til liðsins í síðari hálfleik.

„Það voru smá áherslubreytingar í hálfleik. Ekki merkilegar en við þurftum að laga aðeins færsluna í vörninni, færslu á milli varnar og miðju, og það gekk mun betur í seinni hálfleik ásamt því að við lögðum áherslu á að halda boltanum aðeins lengur áður en við færum að reyna erfiðar sendingar. Svo held ég að hungur leikmanna í að gera vel hafi verið sterkt í seinni hálfleik"

Íslenska liðið hafði ekki átt góðu gengi að fagna í undanförnum leikjum og var Ólafur nokkuð ánægður með hvernig menn svöruðu kallinu um betri leik.

„Auðvitað hefur það áhrif að tapa leikjum. Það hefur áhrif á leikmennina og þá sem standa í kringum liðið. Maður finnur auðvitað ótta og skjálfta og við töluðum um það fyrir leikinn að eini möguleikinn til að breyta því væri inni á vellinum og ég var mjög ánægður með þá svörun. Þetta var góður leikur og fínn undirbúningur fyrir leikinn gegn Noregi." - sjj

**BARÁTTA** Emil Hallfreðsson í baráttu við varnarmenn Slóvakíu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hysjuðu upp um sig í síðari hálfleik

**Eftir arfaslakan fyrri hálfleik girti íslenska landsliðið sig í brók gegn Slóvökum og tryggði sér jafntefli í vináttulandsleik í gær. Það var varnarmaðurinn Kristján Örn Sigurðsson sem skoraði jöfnunarmarkið.**

**FÓTBOLTI** Ísland og Slóvakía skildu jöfn, 1-1, í vináttulandsleik í Laugardalnum. Hálfleikirnir voru eins og svart og hvítt hjá íslenska liðinu.

Fyrri hálfleikur í Laugardalnum í gær er með þeim leiðinlegri sem hafa verið spilaðir þar lengi. Bæði lið spiluðu hægan og hundleiðinlegan göngubolta. Áhugi beggja liða á verkefninu var ekki mikill og leikmönnum virtist leiðast að þurfa að vera á vellinum.

Andleysið var algjört hjá íslenska liðinu. Uppspilið hægt, fáir leikmenn að taka þátt í sóknaraðgerðum og íslenska liðið skapaði sér ekki eitt þokkalegt marktækifæri allan hálfleikinn. Eina lífsmarkið í liðinu var hjá Gunnleifi í markinu og svo hjá Heiðari í sókninni sem vann ágætlega úr því sem hann fékk.

Mótspyrnan frá Slóvökum var ekkert sérstaklega mikil enda það lið ekki skipað neinum snillingum. Þeirra sóknaraðgerðir voru þó beittari og Gunnleifur kom íslenska liðinu tvívegis til bjargar með góðri markvörslu. Hann réð þó ekki við þrumufleyg Robert Vittek á 35. mínútu.

Íslenska liðið tapaði þá boltanum á eigin vallarhelmingi, hann endaði hjá Vittek sem lét vaða utan teigs og boltinn söng niðri í horninu. Lítið sem Gunnleifur gat gert við því. 0-1 í hálfleik sem var sanngjörn staða enda Slóvakar skárri þó svo þeir hafi líka verið slakir.

Allt annað var að sjá íslenska liðið í síðari hálfleik. Liðið fór allt í einu að berjast og láta finna fyrir sér. Það skilaði sér í því að íslenska liðið náði tökum á leiknum og jafnaði með skalla Kristjáns eftir hornspyrnu Pálma. Liðið hefði mátt láta hné fylgja kviði en þrátt fyrir ágætar sóknarlotur gekk það ekki upp. Það vantaði slagkraftinn til þess að klára sóknirnar og jafntefli því niðurstaðan. Íslenska liðið hefði einnig getað tapað leiknum en Gunnleifur kom til bjargar.

Engu að síður jákvætt hversu vel liðið hélt bolta í síðari hálfleik og reyndi að sækja. Það var mikil framför frá síðustu leikjum. Það er aftur á móti algjörlega óafsakanlegt að liðið skuli ekki mæta til leiks fyrr en í síðari hálfleik. Andog áhugaleysið í fyrri hálfleik var leikmönnum til skammar og þjálfarar liðsins verða að spyrja sig að því af hverju menn mættu ekki tilbúnari en raun bar vitni.

Til hvers eru menn að mæta í vináttulandsleiki ef þeir nenna ekki að spila? Þá má allt eins sleppa því að spila. Ólafur þjálfari vildi mjög augljóslega fá sigur í leiknum enda skipti hann vart fyrr en undir lokin á meðan Slóvakar skiptu grimmt. Sigurinn fékk hann ekki og hann átti íslenska liðið í raun ekki skilið fyrir að nenna aðeins að spila í 45 mínútur.

henry@frettabladid.is

**KAFLASKIPT** Allt annað var að sjá leik íslenska liðsins í síðari hálfleik eftir slaka frammistöðu í fyrri hálfleik. Hér er Eiður Smári Guðjohnsen á fleygiferð á Laugardalsvelli í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**ÍSLAND (4-5-1)**

**Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður.** 8
Besti maður íslenska liðsins eins og oft áður. Varði nokkrum sinnum glæsilega og steig í raun vart feilspor í markinu. Gat ekkert gert við marki Slóvakanna.

**Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður.** 4
Óvenju daufur. Átti nokkra spretti í fyrri hálfleik en virtist vera að spara sig í þeim síðari þegar yfirferðin var nánast engin á honum.

**Sölvi Geir Ottesen, miðvörður.** 6
Spilaði aðeins í 50 mínútur en skilaði góðu verki. Var traustur og hlýtur að hafa farið af velli vegna meiðsla.

**Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður.** 4
Óvenju slakur leikur hjá honum. Hélt línu illa og spilaði Slóvakanna nokkrum sinnum réttstæða, seldi sig og átti slakar sendingar. Bætti þó fyrir það með markinu.

**Indriði Sigurðsson, vinstri bakvörður.** 7
Flottur leikur hjá Indriða. Stóð vaktina í vörninni vel og lét mikið til sín taka í sókninni í síðari hálfleik. Sívinnandi og með betri mönnum.

**Brynjar Björn Gunnarsson, tengiliður.** 4
Virkaði þungur og ólíkur sjálfum sér. Barðist eins og venjulega en það skilaði óvenju litlu að þessu sinni. Fór svo í miðvörðinn þar sem hann gerði skelfileg mistök sem hefðu getað kostað Ísland sigurinn.

**Ólafur Ingi Skúlason, tengiliður.** 4
Afar slakur framan af en óx ásmegin eftir því sem leið á leikinn. Ekki mjög áberandi og virðist í lítilli leikæfingu.

**Eiður Smári Guðjohnsen, tengiliður** 5
Átti nokkra spretti en afar lítið kom út úr hans aðgerðum. Hvarf þess á milli sem voru vonbrigði þar sem hann var aldrei þessu vant að leika þá stöðu sem hentar honum og liðinu best.

**Emil Hallfreðsson, vinstri kantmaður.** 5
Lifnaði við í síðari hálfleik. Sendingarnar samt ekkert til að hrópa húrra fyrir og oft of lengi að koma boltanum frá sér.

**Pálmi Rafn Pálmason, hægri kantmaður.** 5
Slakur framan af en óx ásmegin eins og flestum leikmönnum liðsins. Barðist vel og gaf sitt. Átti hornspyrnuna sem skilaði íslenska markinu.

**Heiðar Helguson, framherji.** 6
Eini útileikmaður Íslands með meðvitund í fyrri hálfleik. Vann vel úr sínu og átti skalla og skot að marki. Dró af honum í síðari hálfleik og hefði mátt fara fyrr af velli.

**Varamenn:**

**Aron Einar Gunnarsson kom inn á fyrir Sölva Geir á 50. mínútu.** 7
Kom með mikið líf í íslenska liðið sem náði þess utan tökum á miðjunni með hans innkomu. Gekk þó oft illa að losa bolta en vann þá ófáa í staðinn.

**Stefán Gíslason kom inn á fyrir Eið Smára á 77. mínútu.** -
**Garðar Jóhansson kom inn á fyrir Heiðar Helguson á 86. mínútu.** -
**Atli Viðar Björnsson kom inn á fyrir Pálma Rafn á 89. mínútu.** -

Norðmenn unnu sinn fyrsta sigur í 9. riðli undankeppni HM 2010 í gærkvöldi:

# Íslendingar verma botnsætið

**FÓTBOLTI** Norðmenn létu Skota finna illilega fyrir því á Ullevaalleikvanginum í Ósló í gærkvöldi þegar þeir unnu 4-0 en gestirnir misstu Gary Caldwell út af með rautt spjald á 33. mínútu í stöðunni 0-0. Sigur Norðmanna þýðir að Íslendingar eru nú komnir í botnsæti 9. riðils.

Það var ekki langt að bíða þess að Norðmenn nýttu sér liðsmuninn eftir að Caldwell fór út af þar sem John Arne Riise skoraði strax með skoti úr aukaspyrnu.

Morten Gamst Pedersen bætti svo við tveimur mörkum og Erik Huseklepp skoraði eitt mark áður en yfir lauk og úrslitin mikil vonbrigði fyrir Skota sem voru að vonast til þess að koma sér í ákjósanlega stöðu til þess að komast upp úr riðlinum ásamt

Hollendingum. Landsliðsþjálfarinn George Burnley hjá Skotum er þó sannfærðum um að lið hans geti náð markmiðum sínum.

„Þessi leikur var óneitanlega mikil vonbrigði fyrir okkur og það má segja að allt sem gat farið úrskeiðis hafi farið úrskeiðis hjá okkur. Þetta er samt enn í okkar höndum því við eigum tvo heimaleiki eftir og ef við vinnum þá munum við enda í öðru sætinu í riðlinum og komumst í umspilið," segir Burnley.

Baráttan um annað sætið stendur á milli Skotlands og Makedóníu en liðin mætast einmitt á Hampden Park-leikvanginum í Glasgow í byrjun næsta mánaðar. - óþ

**FAGN** John Arne Riise fagnar marki sínu gegn Skotlandi í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

**LOKALEIKIR 9. RIÐILS**

| | |
|---|---|
| Ísland-Noregur | 5. sept. |
| Skotland-Makedónía | 5. sept. |
| Noregur-Makedónía | 9. sept. |
| Skotland-Holland | 9. sept. |

**SVEKKTUR** Schumacher segir það vera vonbrigði fyrir sig að geta ekki leyst Massa af hólmi.
NORDIC PHOTOS/AFP

Schumacher svekktur að geta ekki keyrt fyrir Ferrari:

# Schumacher útilokar ekki að reyna aftur síðar

**FORMÚLA 1** Þjóðverjinn Michael Schumacher vill ekki útiloka þann möguleika að snúa aftur í Formúlu 1 þó svo honum hafi ekki tekist að snúa aftur núna vegna meiðsla.

Schumacher er fertugur að aldri og lagði hjálminn á hilluna árið 2006 eftir gifturíkan feril. Þegar Felipe Massa slasaðist alvarlega á dögunum var hann boðinn og búinn að taka við af Massa en meiðsli á hálsi, sem hann varð fyrir er hann datt á mótorhjóli, útilokuðu möguleikann á endurkomu.

„Ég var meira en til í að keyra og hjálpa Ferrari-liðinu en því miður gekk það ekki upp," sagði Schumacher á blaðamannafundi í gær.

„Það er ekki fyrr en í bílnum sem það kemur í ljós hvort maður er orðinn nógu góður til að keyra. Ég get ekki neitað því að þessi niðurstaða er gríðarleg vonbrigði fyrir mig en ég er í mjög góðu líkamlegu formi. Það var ekkert mál að keyra bílinn enda er mér það eðlislægt. Ég var fljótur að finna taktinn en sársaukinn í hálsinum var samt til staðar," sagði Þjóðverjinn svekktur.

„Ég trúi á örlögin og trúi því að mér hafi verið ætlað að lenda í þessu slysi," sagði Schumacher sem játaði að hafa verið örlítið hikandi þegar hugmyndin um endurkomu hans var fyrst nefnd.

**- hbg**


Ódýrt í matinn á
FIMMTUDÖGUM
Tilboðið gildir alla daga

499 kr.
Freschetta XL pizza og 2x33 cl Pepsí dós
Tilboðið gildir alla daga
alltaf í leiðinni!

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

ÚTSALA
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR 20-40% AFSLÁTTUR
VEIÐIDEILD 30-60% AFSLÁTTUR
BERGANS SKÓLATÖSKUR 40% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL 30% AFSLÁTTUR
BAKPOKAR 20% AFSLÁTTUR
TJÖLD 20-40% AFSLÁTTUR
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

> **Donald Sutherland**

„Ef það vantar einhvern til að fylla út í tjaldið í nokkrar mínútur og sýna algjör yfirráð með geðveikislegu brosi - þá er hringt í mig."

***Sutherland fer með hlutverk Tripps Darling í þættinum Fé og freistingum sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR KVÍÐIR BARNATÍMANUM

## *Eigingirnin verður að víkja*

Ég er ekki ráðrík frá degi til dags, vil reyndar hafa hlutina í vissum skorðum en get þó látið undan í flestum tilfellum. Það er ekki svo þegar kemur að sjónvarpsáhorfi. Fjarstýringin gæti allt eins verið merkt mér með nafni því að ég er svo skelfilega eigingjörn á hana. Ég bý svo vel að eiga ótrúlega umburðarlyndan mann sem lætur sér lynda að horfa á hið mesta óefni eins og So You Think You Can Dance, Bachelorette og Doctor 90210. Hristir bara hausinn þegar hann nær ekki sambandi við konuna sína sem missir yfirleitt alla getu til að gera fleira en eitt í einu þegar hún horfir á sjónvarpið.

Nú fer hins vegar að líða að lokum þessarar einræðistíðar. Litla dóttirin á heimilinu er að komast á þann aldur að barnaefnið fer að hafa töluvert aðdráttarafl. Litríkar myndir, kjánalegar raddir, tónlist og hlátur getur vissulega verið freistandi til áhorfs fyrir lítil börn. Fullorðnir verða hins vegar að láta þetta oft pirrandi sjónvarpsefni yfir sig ganga.

Þótt ég kvíði því að verða að láta eftir stjórnina á sjónvarpsáhorfinu get ég þó huggað mig við það að barnatíminn er akkúrat á þeim tíma þegar fullorðnir hafa lítinn tíma til að horfa á sjónvarp. Matargerð, tiltekt og fataþvotti er oftast sinnt á sama tíma og líklega þjónar þá sjónvarpið frekar sem barnapía fyrir foreldra en nokkuð annað. Því ætti ég auðvitað að gleðjast yfir þessum aukna áhuga dóttur minnar frekar en að kvíða því að vera nú dæmd til að horfa á Stubbana, Dóru landkönnuð eða annað ágætis barnaefni.

## FIMMTUDAGUR

▶ **20.00 Parenthood** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **21.00 Flashpoint** SKJÁREINN

▶ **21.40 Eleventh Hour** STÖÐ 2

▶ **21.40 In Treatment** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.25 Nýgræðingar** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**14.50 Landsleikur í fótbolta** Upptaka frá vináttulandsleik Íslands og Slóvakíu (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Tamar vill heyra** (e)
**17.45 Tómas og Tim** (13:16)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hvaða Samantha?** (5:15) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (49:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Aðalhlutverk: Calista Flockhart, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**20.55 EM stelpurnar okkar** (4:4) Viðtöl sem tekin voru við nokkrar af stelpunum okkar í tilefni að för þeirra á EM í knattspyrnu.
**21.15 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (13:23) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem er lögmaður auðugrar fjölskyldu í New York. Aðalhlutverk: Peter Krause, Donald Sutherland, Jill Clayburgh og William Baldwin.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Nýgræðingar** (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
**22.50 Trúður** (Klovn III) (1:10) (e)
**23.20 Gróðabragð** (Scalp) (3:8) (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Scoop**
**10.00 Enchanted**
**12.00 The Jane Austen Book Club**
**14.00 The Devil Wears Prada**
**16.00 Scoop**
**18.00 Enchanted**
▶**20.00 Parenthood**
**22.00 Firewall**
**00.00 Tarnation**
**02.00 Puff,Puff, Pass**
**04.00 Firewall**
**06.00 She's the One**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (15:25)
**10.00 Doctors** (16:25)
**10.30 Sjálfstætt fólk**
**11.05 New Amsterdam** (6:8)
**11.50 Wildfire** (1:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (254:260)
**13.25 La Fea Más Bella** (1:300)
**14.15 La Fea Más Bella** (2:300)
**15.00 Ally McBeal** (14:21)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Nonni nifteind, Bratz, A.T.O.M. og Elías.
**17.08 Nágrannar**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Friends** (13:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons**
**19.45 Two and a Half Men** (24:24) Charlie Sheen og John Cryer leika Harperbræðurna gerólíku, Charlie og Alan í þessum vinsælu gamanþáttum.
**20.10 The Apprentice** (3:14) Leitin að nýjum lærlingi Donalds Trumps er hafin á ný.
**20.55 NCIS** (1:19)
▶**21.40 Eleventh Hour** (4:18) Dr. Jacob Hood eðlisfræðingur aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru talin vera af yfirnáttúrlegum toga.
**22.25 From Russia with Love** James Bond er sendur til Istanbul í þeim tilgangi að stela leynigögnum frá Rússneska sendiráðinu. Sér til aðstoðar fær Bond hugguleg, rússneska stúlku, sem er ekki öll þar sem hún er séð.
**00.20 Lie to Me** (8:13)
**01.05 The 4400** (1:13)
**01.50 Cold Blood 4**
**03.00 5 NY**
**04.30 NCIS** (1:19)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Holland - England** Útsending frá vináttuleik Hollands og Englands.
**17.05 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.00 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.25 Uppsveitavíkingurinn** Sýnt frá hinu feikilega skemmtilega móti Uppsveitavíkingurinn en þar leiddu saman hesta sína margir af sterkustu kraftajötnum landsins.
**19.00 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá Einvíginu á Nesinu í þessum frábæra þætti. Flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki öttu kappi á þessu skemmtilega móti.
**20.00 PGA Championship 2009** Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi PGA Championship mótsins í golfi en mótið er eitt af fjórum risamótunum.
**00.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.30 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**20.25 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.55 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.25 PL Classic Matches** Newcastle - Leicester, 1996.
**21.55 PL Classic Matches** Chelsea - Arsenal, 1997.
**22.25 Premier League World 2009/10** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**22.55 Bolton - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Monitor** (8:8) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Monitor** (8:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**17.45 America's Funniest Home Videos** (12:48) (e)
**18.10 Greatest American Dog** (e)
**19.00 All of Us** (18:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin.
**19.30 Matarklúbburinn** (7:8) (e)
**20.00 Everybody Hates Chris** (12:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
**20.30 Family Guy** (11:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum ▶húmor.
**21.00 Flashpoint** (3:18) Sérsveitin fær það verkefni að flytja hættulegan raðmorðingja sem er verið að framselja úr landi. Pabbi eins fórnarlambsins er staðráðinn í að myrða hann og hann er ekki sá eini sem vill fangann feigan.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (13:22) Fyrrum lögreglukona, sem síðar varð fræg fyrir sakamálasögur sínar, leitar til lögreglunnar þegar ungur eiginmaður hennar hverfur sporlaust.
**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (40:59) Penn & Teller leita sannleikans en takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.10 Britain's Next Top Model** (7:10)
**00.00 CSI** (17:24) (e)

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm stjórnmálafræðingur ræðir um daginn og veginn.
**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgensson ræðir um matarmenningu við gest sinn.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Nýr matseðill
á Ruby Tuesday

17 nýir réttir
til að gæða sér á
Komdu í heimsókn

PIPAR • SÍA • 91265

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### NCIS

Spennuþáttaröð sem skipar sér í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu. Mark Harmon fer með aðalhlutverkið.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Apprentice

### Stöð 2 kl. 20.10

Leitin að nýjum lærlingi Donalds Trump er hafin á ný. Átján þátttakendur takast á í fjölbreyttum markaðs- og kaupsýsluþrautum þar sem allt í senn reynir á viðskiptavit þeirra, markaðsþekkingu, leiðtogahæfileika, samstarfsvilja og færni í almennum samskiptum. Í hverjum þætti rekur Trump einn þátttakanda heim og í lokin stendur aðeins einn eftir sem fær draumastarfið eftirsótta sem er ávísun á glæstan frama í viðskiptaheiminum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Gleráarþorp, byggð milli tveggja heima
**20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**23.00** Útvarpsperlur: Sætir strákar
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (253:260)
**17.15 Hollyoaks** (254:260)
**17.40 The O.C. 2** (7:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.25 Seinfeld** (18:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**18.45 Hollyoaks** (253:260)
**19.15 Hollyoaks** (254:260)
**19.40 The O.C. 2** (7:24)
**20.25 Seinfeld** (18:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶**21.40 In Treatment** (13:43) Ný þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**22.10 The Closer** (15:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**22.55 Monarch Cove** (9:14)
**23.40 Sjáðu**
**00.10 Fréttir Stöðvar 2**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** Blackadder II **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Coupling **21.20** Blackadder II **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Dalziel and Pascoe **23.55** Coupling

## DR 1

**11.30** Diagnose soges **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **13.55** En lille reminder. Nye II **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode panter **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Fandango med Sine **16.00** Dronningens elefanter **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Verdens vildeste passagerfly **18.00** Den store dag **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Landsbyhospitalet **20.15** Gensyn med Wounded Heart **21.45** Afrikas bornehekse **22.35** Seinfeld

## NRK 1

**11.30** Sport Jukeboks **12.30** Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjorn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Froken Fridas helsproe eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** 1929 - det store krakket **18.20** Der fartoy flyte kan **18.50** Smilehullet **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Etter katastrofen **21.15** Kveldsnytt **21.30** Dragning mot dod **22.20** I USA med Stephen Fry **23.20**

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Guld och gröna skogar **10.35** AnneMat **11.05** Flyttlasset går **12.15** Lillhärjådalen 1.1 **13.05** Gatupredikanten **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Visuell intelligens **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Skenet bedrar **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Berulfsens pengabinge **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Packat & klart sommar **18.30** Öringfiske jorden runt **19.00** Necrobusiness **19.50** Friidrottskväll **20.20** Muhammad Ali **21.15** Kriminaljouren **22.00** Vem tror du att du är? **23.00** Sändningar från SVT24

## LÖGIN VIÐ VINNUNA

*„Á play-listanum mínum núna er ég með Muse, Robbie Williams og Radiohead, en Muse og Robbie eru í miklu uppáhaldi.“*

Andri Ómarsson, kafari og kvikmyndagerðarmaður.

# Með McBastard til Skotlands

Uppistandaranum Sveini Waage hefur verið boðið að koma fram í Skotlandi og Belgíu með nýja persónu sína í farteskinu, hinn skoska Brian McBastard.

„Þessi bjáni virðist hitta einhverja taug. Það er eitthvað sem gerist þegar ég hann talar kjarnyrta skosku og segir eitthvað tiltölulega fyndið. þá hlær fólk,“ segir Sveinn, sem klæðist skoska þjóðbúningnum og skartar rauðu skeggi þegar McBastard er annars vegar. „Þetta er bara mín Silvía Nótt. Það er mjög góð útrás að fara á bak við þetta skegg og þetta pils. Þetta er ný upplifun og ofboðslega gaman. Síðan þegar maður er búinn fer maður úr pilsinu og tekur af sér skeggið og þá er maður orðinn Sveinn Waage aftur.“

Persónan hefur verið í maganum á Sveini í nokkur ár en það var ekki fyrr en í vor sem hún steig fullsköpuð fram á sjónvarsviðið. Þá var Sveinn veislustjóri á árshátíð Liverpool-klúbbsins þar sem margir útlendingar voru á meðal gesta, þar á meðal Ian Rush, fyrrverandi framherji Liverpool. Þegar McBastard hóf upp raust sína ætlaði allt um koll að keyra og veltust Rush og félagar um af hlátri. „Hann hafði aldrei séð annað eins. Hann var mjög sáttur,“ segir Sveinn um viðbrögð goðsagnarinnar.

Næsta uppistand hans verður á skemmtistaðnum Batteríi í kvöld klukkan 21.30 og er aðgangseyrir 1.000 krónur. Þar kemur einnig fram Rökkvi Vésteinsson og stefna þeir félagar á að halda áfram með grín sitt og glens á ensku næstu mánuðina á sama stað. - fb

**BRIAN MCBASTARD** Sveinn Waage í gervi hins skoska Brian McBastard.

**SVEINN WAAGE** Uppistandaranum snjalla hefur verið boðið að koma fram í Skotlandi og Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**GEFUR EIGINHANDARÁRITANIR** Jóhanna er orðin mjög vinsæl í Svíþjóð. Hér gefur hún æstum aðdáendum eiginhandaráritanir eftir tónleika sína í Stokkhólmi.

MARÍA BJÖRK SVERRISDÓTTIR: JÓHANNA ROSALEGA VINSÆL Í SVÍÞJÓÐ

# Syngur með Mika í Malmö

„Hún er orðin rosalega vinsæl í Svíþjóð. Þetta gengur rosalega vel,“ segir María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur.

Söngkonan kemur fram á tónleikum í Malmö í Svíþjóð á laugardaginn ásamt hinum heimsfræga Mika. „Það er stærsta útvarpsstöðin í Svíþjóð (RIX FM) sem er að halda þessa tónleika. Þarna verða stóru nöfnin í Svíþjóð plús alþjóðlegir tónlistarmenn, sem eru Mika og Jóhanna,“ segir María Björk. Um frábæra kynningu er að ræða fyrir Jóhönnu, enda sló Mika rækilega í gegn fyrir tveimur árum með laginu Grace Kelly. Jóhanna fetar jafnframt í fótspor söngkonunnar Lady Gaga sem söng á sama sviði um síðustu helgi.

Greinilegt er að vinsældir Jóhönnu eru að aukast jafnt og þétt í Svíþjóð eftir frábæra frammistöðu í Eurovision í vor. Stutt er síðan hún kom fram í Sommarkryssetsjónvarpsþættinum í Stokkhólmi sem er sýndur á hverju laugardagskvöldi við miklar vinsældir. Þar söng hún Is It True? á gömlu sviði í tívolíinu í Stokkhólmi fyrir framan fjölda áhorfenda í blíðskaparveðri. Með henni á sviðinu var stór hljómsveit og bakraddasöngkonur og stóð Jóhanna sig með prýði eins og hennar er von og vísa. „Þetta gekk alveg rosalega vel. Þeir sem syngja þarna eru búnir að „meika“ það í Svíþjóð. Eftir tónleikana fékk ég tölvupóst frá Svíþjóð um að þeir hefðu aldrei fengið jafn æðislegan listamann og hana á sviðið,“ segir María Björk, sem heldur af stað til Svíþjóðar með Jóhönnu á morgun.

Plata Jóhönnu Guðrúnar, Butterflies and Elvis, kom út á vegum stórfyrirtækisins Warner í Svíþjóð 22. júlí og hefur hún selst mjög vel. Smáskífa hennar með Is It True? hefur jafnframt komist ofarlega á vinsældalista þar í landi.

Platan er um þessar mundir að koma út í Noregi, Finnlandi og Danmörku og næsta verkefni Jóhönnu verður að fylgja henni þar eftir. Um næstu mánaðamót kemur platan síðan út víðar um Evrópu, þar á meðal í Þýskalandi, Grikkandi, Tyrklandi, Rússlandi og á Spáni. „Nú er þetta allt að fara á fullt. Hún verður meira og minna úti næstu mánuðina,“ segir María.“

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í frétt blaðsins í gær, af hinni miklu bjórreið sem þeir Simmi&Jói standa fyrir á hátíðinni Töðugjöld á sterum, fullyrti **Sigmar Vilhjálmsson** að þetta væri fyrsta sinni sem slík keppni færi fram hér á landi. Ekki voru þeir sáttir með þá staðhæfingu hestamenn í Faxa í Borgarfirði en þar hafa þeir gert sér það að leik lengi að keppa í þessari eðlu íþrótt. Og er þá kókakóla haft í krús þeirra yngri sem keppa.

Mikið var af frægðarfólki á Fiskideginum á Dalvík sem spókaði sig meðal almennings sem kom meðal annars til að fá sér ókeypis súpu. Þeirra á meðal Dr. Gunni og Egill Helgason með sína frægu syni. Þar var einnig stödd **Siv Friðleifsdóttir** sem er ekki, líkt og þeir Gunni og Egill, þekkt fyrir gríðarlegan áhuga á mat, heldur var hún þar stödd til að fylgjast með því þegar afhjúpað var listaverk Höllu Har til minningar um Friðleif Jóhannsson útgerðarmann, en Friðleifur er einmitt afi Sivjar.

Og Björg Siv Juhlin Friðleifsdóttir kemur víða við sögu. Þannig efndi Forlagið til léttrar spurningakeppni á Facebook-síðu sinni og spurði hvurt væri módelið á forsíðu túristabókar **Páls Ásgeirs Ásgeirssonar** „The Real Iceland” – og voru menn fljótir að nefna nafn hennar en þar getur að líta spengilega Siv arka til sjávar með sundhettu, hanska og í bláum sundbol. Endurskoðuð útgáfa bókar Páls er nú komin í verslanir og verður fróðlegt að sjá hvaða breytingar voru gerðar á henni að kröfu lögmanna ofurfrægs fólks hvers heimilisfang var nefnt í bókinni. - jbg

# Umdeildar vinjettur komnar út

„Þetta eru lifandi lýsingar um lífið og tilveruna – ég kafa að rótum hjarta Indlands. Tilvalið er nú í kreppunni að ferðast um Indland í huganum við lestur bókarinnar og spara sér erfiða og kostnaðarsama ferð til þessa heillandi lands,“ segir Ármann Reynisson vinjettuhöfundur.

Út eru komnar Vinjettur IX, „Indlands vinjettur“ – 43 sögur sem byggðar eru á tveggja mánaða ferðalagi Ármanns um Indland fyrir um einu og hálfu ári. Fréttablaðið greindi frá þessari för Ármanns og urðu ýmsir til að efast um réttmæti þess sem fram kom í frásögn Ármanns af ævintýrum sínum í Indlandi. „Mér var boðið að ávarpa þekktasta háskóla Indlands og þótt víðar væri leitað, Banaras Hindu University. Ég kynnti vinjetturnar og Ísland í leiðinni fyrir fullu húsi af fræðimönnum og nemendum. Mér var frábærlega tekið og hvattur til þess að koma aftur. Landsbókavörður Indverja, dr. R. Ramachandran, tók á móti mér í aðalbyggingu safnsins í Kolkata (áður Kalkútta), opnaði dyr að heimsfrægu handritasafni landsbókasafnsins sem einungis sérstakir gestir fá að skoða,“ segir Ármann og gefur ekki eftir með það að Vinjetturitsafn sitt séu einu bækurnar eftir íslenskan rithöfund sem til séu í Landbókasafninu á íslensku. Það var einmitt þarna sem Sigurður A. Magnússon efaðist um trúverðugleikann – sagði það mikla vitleysu að þar væri ekki að finna verk eftir aðra íslenska höfunda.

**ÁRMANN FYRIR FRAMAN TAJ MAHAL** Alls staðar þar sem Ármann fór um Indland var honum tekið með kostum og kynjum. Förin varð efniviður í nýja vinjettubók.

Vinjettuhöfundurinn svarar enn fullum hálsi. „Hann gerði för mína landsfræga með því að skvetta aur og leðju yfir frásagnir vinjettuhöfundarins af ferðinni í Fréttablaðinu eftir heimkomuna. Þannig opinberaði Sigurður fáfræði sína á Indlandi nútímans og varð sér opinberlega til skammar eins og stundum áður,“ segir Ármann. Og bætir því við að hann sé alinn upp við það að launa illt með góðu og sendi Sigurði áritað eintak af bókinni með blessunaróskum. „Þannig vil ég gleðja hinn aldna heiðursmann,“ segir Ármann. - jbg

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** æsa, **6.** tveir eins, **8.** bók, **9.** sjór, **11.** tveir eins, **12.** ofan á brauð, **14.** mentastofnun, **16.** skóli, **17.** gat á steðja, **18.** skarð, **20.** fyrir hönd, **21.** meiri.

**LÓÐRÉTT 1.** þurrka út, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** hjáguð, **10.** skammstöfun, **13.** gaul, **15.** sjá eftir, **16.** útsæði, **19.** skammstöfun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** ff, **8.** rit, **9.** mar, **11.** tt, **12.** álegg, **14.** skóli, **16.** fg, **17.** lóð, **18.** rof, **20.** pr, **21.** æðri.

**LÓÐRÉTT: 1.** átmá, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** falsguð, **10.** rek, **13.** gól, **15.** iðra, **16.** fræ, **19.** fr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 1967.
2. 112 þúsund tonn.
3. Josef Schöngraber.

Landsleikurinn
SUMARIÐ 2009

N1

# MUNA AÐ SKILA

## Landsleiknum okkar lýkur 15. ágúst

15. ágúst er síðasti skiladagur fyrir fullstimpluð Vegabréf í Landsleik N1. Skilaðu Vegabréfinu þínu á næstu þjónustustöð N1 og þú gætir unnið einn af þeim 170 glæsilegu vinningum sem eru í boði.

SKILAÐU VEGABRÉFINU ÞÍNU Á NÆSTU ÞJÓNUSTU-STÖÐ N1

170 VINNINGAR!

### Gjafir fyrir duglega stimplasafnara

### Fjöldi glæsilegra vinninga

1x **FERÐ INNANLANDS FYRIR FJÖLSKYLDUNA**
Ferð fyrir 4: Flug, gisting, miðar í leikhús, gjafabréf út að borða, afnot af bílaleigubíl frá Avis og skotsilfur. (Akureyri/Reykjavík)

3x **PLAYSTATION 3**
leikjatölva

3x **GARMIN**
staðsetningartæki í bílinn með Íslandskorti

3x **SEG DVD**
ferðaspilari með 7" skjá

10x **KODAK EASY SHARE**
myndavél

10x **BROIL KING PORTA-CHEF**
ferðagasgrill

10x **N1 INNKORT**
10.000 kr.

10x **FJÖLSKYLDU-ÁRSKORT**
í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn

10x **FERÐASPIL**
Spurt að leikslokum

10x **FJÖLSKYLDUMÁLTÍÐ**
á Serrano

100x **BÍÓMIÐAR**
fyrir 2 í Sambíóin

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Innritun í kvöld- og fjarnám
stendur til 26. ágúst
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

## *Ný jörð – nýtt líf*

Íslendingar eru áberandi svartsýnni á efnahagsástandið en aðrar þjóðir um þessar mundir, þetta las ég á Vísi í gær. Og skyldi engan undra, við erum í tómu tjóni. Þess vegna kom mér heldur ekkert á óvart að lesa hér í Fréttablaðinu um ung íslensk hjón sem búið höfðu undanfarinn áratug í Kaupmannahöfn en völdu að flytja frekar til Grænlands með börnin sín tvö en hingað heim. Enda Grænland í „fúllsving“, með nýfengið sjálfstæði. Unga fólkið setti ekki fyrir sig að ófært er í bæinn þess nema með flugvél eða á hundasleða. Kalda Ísland hefur ekkert aðdráttarafl lengur, ekki einu sinni í hugum heimamanna.

**ÞAR KOM** að því að kaldari lönd urðu ákjósanlegri kostur. Hver hefði trúað því? Að fólk liti á fimbulkulda, válynd veður og vegaleysi Grænlands sem tittlingaskít miðað við ástandið hér heima fyrir. Þetta segir mér bara að fokið sé í flest skjól. Ísland farsælda frón, hvar er þín fornaldar frægð? Einu sinni var svo gott að búa á Íslandi og hægt að hafa það svo óskaplega gott. Fólk setti síður en svo vetrarkuldann fyrir sig því íslensku sumrin voru svo góð. Ísland var „bezt í heimi“! Nú sannast hið fornkveðna að allt er í heiminum hverfult.

**EN FÓLKSFLÓTTI** af landi brott í kjölfar hrunsins er staðreynd og auðvitað áhyggjuefni, sérstaklega fyrir þá sem hafa hugsað sér að sitja um kyrrt. Þeir sitja í súpunni upp að öxlum. Það væri kannski bara vænlegast að við flyttum öll enda sýndust mér vangaveltur þjóðarinnar um flótta ná nýjum hæðum í gær ef marka mátti mest lesnu fréttina á Vísi. Hún snerist ekki um Icesave-hnútinn, að blessað ríkisstjórnarsamstarfið héngi á bláþræði, eða að greiningardeild Kaupþings teldi að stýrivextir héldust óbreyttir ... blablabla. Neibb! Mest lesna fréttin var sú að stjörnufræðingar telja sig hafa fundið aðra „jörð“!

**OKKUR** er borgið. Nýja jörðin heitir Títan, þar eru falleg stöðuvötn, sandöldur og fjöll. Þar geta ekki bara við Íslendingar heldur allir í heiminum byrjað upp á nýtt, stofnað nýjar kennitölur, ný lönd, nýja gjaldmiðla, ný fyrirtæki. Ó, hvað það verður gaman hjá okkur.

**Á HINNI** nýju jörð ríkir reyndar fimbulkuldi og fallegu stöðuvötnin eru botnfrosin og líflaus. En er það ekki bara tittlingaskítur miðað við ástandið hér?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 13. ágúst 2009, 225. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.13 | 13.33 | 21.50 |
| Akureyri | 4.46 | 13.17 | 21.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is